# FRÉTTABLAÐIÐ

215. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. SEPTEMBER 2018


## Afar ólíklegt að bankarnir hafi aðkomu

**VIÐSKIPTI** Afar ólíklegt er talið að stóru bankarnir þrír muni koma að fjármögnun WOW air, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en forsvarsmenn flugfélagsins hafa meðal annars leitað liðsinnis bankanna til þess að tryggja að lágmarksstærð yfirstandandi skuldabréfaútboðs félagsins, jafnvirði um 5,5 milljarða króna, verði náð.



Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW.

Stjórnendur og ráðgjafar WOW air vinna nú þess í stað hörðum höndum að því að fá erlenda fjárfesta til þess að taka þátt í útboði flugfélagsins. Á síðustu dögum hafa Fossar markaðir, sem hafa undanfarin ár verið leiðandi í að hafa milligöngu um kaup erlendra sjóða í skráðum hlutabréfum og skuldabréfum á Íslandi, komið í auknum mæli að þeirri vinnu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Vonir WOW air standa til að skuldabréfaútboðið klárist á morgun, föstudag, og að félaginu takist þá að sækja sér nýtt fjármagn, sem verði jafnvel meira en sem nemur 5,5 milljörðum, til að treysta starfsemi sína.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 1,3 prósent í viðskiptum gærdagsins en viðmælendur Fréttablaðsins segja að hækkunina megi að hluta rekja til væntinga fjárfesta um að WOW air takist að ljúka útboðinu.

Flugfélagið skilaði inn ársreikningi vegna síðasta árs til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra í fyrradag en þess hafði verið beðið með þó nokkurri eftirvæntingu. **– hae, kij**





Ólafur Jóhannesson, fv. dómsmálaráðherra.



Karl Schütz með Leirfinni.



Þór Vilhjálmsson, fv. forseti Hæstaréttar.





Haukur Guðmundsson, fv. rannsóknarlögreglumaður.



Kristján Pétursson, fv. deildarstjóri hjá tollstjóra.



Örn Höskuldsson, fv. fulltrúi sakadómara.

# Loksins

Sævar Ciesielski barðist fyrir endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála áratugum saman. Munnlegur málflutningur verður í máli hans og annarra dómfelldu í Hæstarétti í dag. Málið hefur lifað með þjóðinni frá því að mennirnir hurfu fyrir bráðum hálfri öld. Fréttablaðið rifjar upp stærsta sakamál Íslandssögunnar. ➜ 6, 12 og 14

» Verjendur segja ekki nóg að sýkna dómfelldu heldur þurfi að lýsa þau saklaus í nýjum dómi Hæstaréttar.

## Fantavel leikin en er of löng

**KVIKMYNDIR** „Átakanleg sagan af falli Magneu er saga einnar persónu en um leið saga ótal ungmenna um allan heim sem hafa mátt þola sömu örlög,“ segir í dómi Þórarins Þórarinssonar um kvikmyndina Lof mér að falla í blaðinu í dag.

„Lof mér að falla hefur verið áberandi í umræðunni síðustu vikur enda þykir hún vera einhvers konar opinberun. „Venjulegt“ fólk er sagt miður sín og í mauki eftir að hafa horft á myndina og allt í einu eru allir orðnir mjög meðvitaðir um hversu viðbjóðslegur veruleiki ungra fíkla er í raun og veru.“ – sjá síðu 34



Baldvin Z, leikstjóri

## Tilveran kynnt til leiks í dag

**FRÉTTABLAÐIÐ** Í dag er kynntur nýr blaðhluti sem ber heitið Tilveran, og fjallar um allt milli himins og jarðar. Í Tilverunni í dag er stungið upp á afþreyingu fyrir fjölskylduna á haustdögum og hvernig gera megi heimilið fallegt í leiðinni.



Við veljum fasteign vikunnar úr fasteignablaði blaðsins og tökum fólk af götunni tali. Tilveran verður framvegis á fimmtudögum í Fréttablaðinu. **– ósk /** **sjá síður 16, 17 og 18**










## Veður




Norðlæg átt í dag, vætusamt og svalt veður á norðanverðu landinu, en bjartviðri syðra og mun hlýrra.
SJÁ SÍÐU 28



Síminn er sá stærsti hingað til.

## Apple kynnir nýjan iPhone

**TÆKNI** Tæknirisinn Apple svipti í gær hulunni af nýrri kynslóð iPhone-snjallsímanna. Á meðal nýjunga frá fyrirtækinu er langstærsti iPhone-síminn hingað til, iPhone XS Max, en skjástærð hans er 6,5 tommur.

Í nýju símunum er að finna uppfærða myndavél, rafhlöðu og möguleika á að vera tvö með símkort. – khn

## Að renna úr hlaði



Hinn indverski Sushil Reddy er lagður af stað í tveggja vikna hringferð um landið á rafhjóli með sólarsellu á tengivagni. Sushil hefur skráð sig á spjöld sögunnar fyrir að hjóla á rafhjóli tengdu sólarsellu, en fyrsta ferðin var í heimalandinu. Fyrir þá ferð komst hann í Heimsmetabók Guinness fyrir lengstu ferð á rafhjóli, en hann hjólaði rúmlega 7.400 kílómetra. IKEA leggur honum til rafhjól, vagn og sólarselluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Nýja tillagan gerir ráð fyrir minni kirkju og safnaðarheimili. MYND/ARKITEO

## Ný tillaga að kirkju á Mýrargötu

**SKIPULAGSMÁL** Söfnuður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar hefur kynnt skipulagsyfirvöldum í Reykjavík nýja hugmynd að uppbyggingu á lóð safnaðarins á Mýrargötu.

Hjá skipulagsfulltrúa borgarinnar liggja þannig fyrir tvær tillögur frá hönnuði rétttrúnaðarsafnaðarins sem vill vita hvort þær fáist samþykktar. Sú fyrri hefur áður komið fram. Nýrri tillagan gerir ráð fyrir „minni kirkju í fermetrum og lægri með tveimur turnum á lóðinni en ekki innan núverandi byggingarreits“, segir í fyrirspurn arkitektsins.

Samkvæmt nýrri útfærslunni verður kirkjubyggingin aðeins að hluta innan byggingarreitsins á lóðinni og þaðan liggja neðanjarðargöng sem verða alfarið utan byggingarreitsins. Málið var lagt aftur fyrir í síðustu viku en afgreiðslu þess frestað og arkitektinn beðinn að hafa samband við embættið. – gar




# Stefna að því að bæta RÚV upp tekjutapið

**Endurgreiða á hluta ritstjórnarkostnaðar einkarekinna fjölmiðla og minnka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði um 560 milljónir á ári samkvæmt tillögum mennta- og menningarmálaráðherra.**

**FJÖLMIÐLAR** „Það er mjög mikilvægt að það ríki samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Við fáum betri og öflugri fjölmiðla ef það er virk og góð samkeppni,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sem kynnti í gær tillögur til að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla.

Meðal tillagnanna er endurgreiðsla ritstjórnarkostnaðar hjá prent- og ljósvakamiðlum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Stefnt er að því að frumvarp þess efnis verði lagt fram eftir áramót og að fyrstu endurgreiðslurnar komi til framkvæmda vegna rekstrarársins 2019.

„Þetta eru tillögur sem hafa verið í vinnslu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu síðustu átján mánuði. Við höfum unnið þetta með fjölmiðlanefnd og lagt mikla áherslu á alþjóðlegan samanburð. Við vildum skoða hvað væri að gerast annars staðar og hvernig það væri að ganga upp.“

Lilja segir að fjölmiðlar gegni mjög mikilvægu hlutverki, bæði við miðlun upplýsinga í lýðræðissamfélagi og fyrir íslenska tungu. „Ef við berum okkur saman við hin Norðurlöndin, þá er umhverfi einkarekinna fjölmiðla hér annað og þessar aðgerðir miða að því að jafna leikinn.“




Tillögurnar voru kynntar á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Aðgerðir til að styrkja íslenska tungu

Auk tillagna um stuðning við einkarekna fjölmiðla kynnti ráðherra tillögur sem miða að því að styrkja stöðu íslenskrar tungu.

Meðal aðgerða er stuðningur við útgáfu bóka á íslensku en í stað niðurfellingar virðisaukaskatts verður fjórðungur beins kostnaðar endurgreiddur. Verður árlegur stuðningur um 400 milljónir frá og með næsta ári.

Þá verða 2,2 milljarðar króna settir í sérstaka verkáætlun sem ber heitið „Máltækni fyrir íslensku 2018-2022“. Markmiðið er að tryggja að íslenska verði gjaldgeng í stafrænum heimi og rafrænum samskiptum.

Þingsályktunartillaga í 22 liðum verður lögð fram á Alþingi í haust. Markmið tillögunnar er að efla íslenskukennslu, auka framboð á menningarlegu efni á íslensku og stuðla að vitundarvakningu.

**400**

**milljónir á ári gætu farið í endurgreiðslur vegna kostnaðar einkarekinna miðla.**

Umsvif RÚV á auglýsingamarkaði verða einnig minnkuð. Þar er til skoðunar að banna kostun dagskrárliða og að lækka hámarksfjölda auglýsingamínútna á klukkustund úr átta í sex. Lilja segir að til standi að bæta RÚV upp það tekjutap. „Við stefnum að því. RÚV hefur verið að fá auknar fjárveitingar og við stefnum áfram að því að hafa öflugt RÚV.“ sighvatur@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Útsala • Útsala • Útsala • Útsala • Útsala • Útsala • Útsala

# Við BERJUM niður verðið

## Útsölunni lýkur um helgina

**25-35%** AFSLÁTTUR ÖLL BLÖNDUNARTÆKI

**25%** AFSLÁTTUR LADY MÁLNING

**25-40%** AFSLÁTTUR HARÐPARKET KAINDL

**30%** AFSLÁTTUR POTTAR OG PÖNNUR

**20-35%** AFSLÁTTUR RAFMAGNSVERKFÆRI

**30%** AFSLÁTTUR ÖLL VIÐARVÖRN

**30-40%** AFSLÁTTUR VERKFÆRATÖSKUR

**25%** AFSLÁTTUR LJÓS*

**20-25%** AFSLÁTTUR ÁLTRÖPPUR OG STIGAR

**20-30%** AFSLÁTTUR RYKSUGUR

**25-35%** AFSLÁTTUR HREINLÆTISTÆKI

**25%** AFSLÁTTUR SMÁRAFTÆKI Í ELDHÚSIÐ

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HITACHI Inspire the Next

32% afsláttur

**29.995 kr**

~~43.995~~ kr

**Borvél 18V DS18DJL (1.5) + 100 fylgihlutir**
2 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 52Nm.
5246782

Sjáðu verðið! 21% afsláttur

KitchenAid

**54.990 kr**

~~69.900~~ kr

**Hrærivél**
Kitchen aid,hvít/mött.
1801041

*Gildir ekki af Hue ljósum.

## Allt pallaefni á TAX FREE

ÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN HUSA.IS

# Florence gæti skollið á Bandaríkjunum með sögulegum veðurofsa

**BANDARÍKIN** Spáin fyrir fjórða stigs fellibylinn Florence, sem búist er við að gangi á land í Norður- og Suður-Karólínuríkjum Bandaríkjanna aðfaranótt föstudags, er sögð hafa versnað í gær. Nú er útlit fyrir að stormurinn verði lengur yfir strandlengjunni áður en hann beygir í suðvestur í átt að Georgíu, ekki norður í átt að Virginíu. Veðurstofan Weather Channel sagði stefnubreytinguna fordæmalausa.

Vindhraði í bylnum mældist um sextíu metrar á sekúndu í gær. Í umfjöllun Ars Technica var tekið fram að venjulega stafi þrenns konar hætta af fellibyljum. Það er að segja að sjávarborð hækki og valdi flóðum, að mikil úrkoma valdi flóðum og svo er það vindurinn. Florence telst einstaklega hættulegur fellibylur þar sem útlit er fyrir að hann hafi alla fyrrnefnda þætti í för með sér.

Chad Myers, veðurfræðingur CNN, spáði því í gær að stormurinn muni styrkjast áður en hann gengur á land. Verði jafnvel fimmta stigs fellibylur með vindhraða upp á sjötíu metra á sekúndu. Í umfjöllun CNN í gær kom fram að það auki á hættuna að Florence gangi á land norðar en nokkur annar fjórða stigs fellibylur í skráðri sögu. Því séu íbúar óvanir því að takast á við hættu sem þessa.

AP greindi frá því í gær að íbúar við strandlengjuna flýi nú í tugþúsundatali. Fólk hafi komið að tómum eldsneytisdælum og tómum hillum í matvöruverslunum á leiðinni. **– þea**



**Horft í auga stormsins úr Alþjóðlegu geimstöðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/NASA

## Birna og #metoo í ársskýrslunni

**LÖGREGLUMÁL** Erfið sakamál einkenndu árið 2017, segir lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Ársskýrsla embættisins kom út í gær. Verkefnum fjölgaði um ríflega 13 prósent frá 2016.

Lögreglustjórinn gerði mál Birnu Brjánsdóttur að umtalsefni og sagði málið hafa skekið þjóðina. Hún ræddi um #metoo og nauðsyn þess að stofna Bjarkarhlíð, móttökustöð fyrir þolendur ofbeldis, sem embættið tók þátt í að setja á laggirnar. 300 tilkynningar bárust um kynferðisbrot sem er fjölgun frá 2016. **– ósk**



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri.**

**9.500** hegningarlagabrot.

**4.000** sérrefsilagabrot.

**20%** fjölgun fíkniefnabrota frá árinu á undan.

**1.300** skráð ofbeldisbrot.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Vill að Ísland verði fyrirmynd annarra í loftslagsmálum

**Forsætisráðherra gerði umhverfismálum hátt undir höfði í stefnuræðu. Formaður Viðreisnar segir ríkisstjórnarflokkana hafa sameinast um „kyrrstöðu og völd“.**

**ALÞINGI** „Ég sé fyrir mér að umverfis- og loftslagsmál verði eitt af flaggskipum okkar utanríkisstefnu,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi. Hún vísaði til nýkynntrar aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem vitnisburðar um metnað ríkisstjórnarinnar í málaflokknum – áætlun sem vísa á veginn í átt að markmiðum Parísarsamkomulagsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og til endanlegs kolefnishlutleysis.

„Við Íslendingar höfum sett okkur það markmið að verða kolefnishlutlaus ekki seinna en árið 2040 og þessir fyrstu áfangar sýna gjörla að okkur er full alvara með því verkefni,“ sagði Katrín.

Hún sagði sókn í uppbyggingu samfélagslegra innviða halda áfram í nýju fjárlagafrumvarpi – innspýting sem sé langt umfram það sem nokkur stjórnmálaflokkur boðaði í málaflokkinn fyrir síðustu kosningar.

„Um leið er tíminn góður þar sem spár gera ráð fyrir minni hagvexti á komandi árum og því tækifæri fyrir hið opinbera til að koma með innspýtingu.“

Katrín sagði jafnframt að ríkisstjórnin hefði sett í forgang að takast á við kynbundið ofbeldi. Sérfræðingahópur hefði skilað af sér verkáætlun vegna baráttu gegn slíku ofbeldi. Þá kvaðst Katrín hafa ákveðið að láta vinna greiningu á áskorunum vegna fjórðu iðnbyltingarinnar. Niðurstöður þeirrar vinnu munu rata á borð Vísinda- og tækniráðs og nýrrar framtíðarnefndar Alþingis.

Katrín gerði heilbrigðismálin einnig að umtalsefni og sagði sjúklinga hér á landi hafa þurft að greiða meira fyrir heilbrigðisþjónustu en annars staðar á Norðurlöndum.

„Fyrstu skrefin í því að lækka þennan kostnað voru stigin nú um mánaðamótin þegar dregið var úr kostnaði aldraðra og öryrkja við tannlækningar sem er löngu tímabær og mikilvæg aðgerð.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, sagði stefnuræðu forsætisráðherra heldur rýra og fátt um fyrirheit inn í framtíðina.

„Brellumeistarar og umbúðahönnuðir stjórnarflokkanna hafa hér haft meira að segja en pólitískar hugsjónir og metnaður til raunverulegra umbóta,“ sagði Þorgerður.

Nú sé ljóst, að mati Þorgerðar, að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki tekið höndum saman um gjörólíka hugmyndafræði, heldur um „kyrrstöðu og völd“.

„Litla ríkisstjórnarbarnið sem við höfðum svo gjarnan viljað sjá koma í heiminn og ná þessari breiðu skírskotun um stór og mikilvæg mál, var í raun aldrei neitt meira en hugmynd,“ sagði Þorgerður.

**kjartanh@frettabladid.is**

> **Við Íslendingar höfum sett okkur það markmið að verða kolefnishlutlaus ekki seinna en árið 2040.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

### Guðmundur Ingi Guðbrandsson, *VG*



„Mörg munum við úr skóla hvernig sumir kennarar gáfu frest á skilum ritgerða og verkefna, meðan aðrir gerðu það ekki. Í loftslagsmálunum þýðir ekki að fá fresti.“

### Bjarni Benediktsson, *Sjálfstæðisflokki*



„Þótt ekki eigi að taka neinu sem sjálfsögðum hlut er innistæða fyrir því að gera ríkar kröfur um lífskjör. Það er það veganesti sem þetta þing fær til að forgangsraða verkefnum.“

### Logi Einarsson, *Samfylkingu*



„Við þurfum stórsókn í húsnæðismálum sem tryggir [...] tekjulágu fólki hagkvæmar íbúðir til kaups og leigu á viðráðanlegum kjörum. Lengja fæðingarorlof eins og alltof lengi hefur verið lofað.“

### Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, *Miðflokki*



„Ríkisstjórn sem hefur aðeins starfað í 9 mánuði hefur nú, með nýju fjárlagafrumvarpi, á 100 ára afmæli fullveldisins, slegið 100 ára met í útþenslu báknsins.“

### Halldóra Mogensen, *Pírötum*



„Vaxtarhagkerfið hefur skapað tálsýn. Tálsýnin er endalaus auður þegar raunveruleikinn er sá að við höfum safnað risavöxnum skuldum.“

### Sigurður Ingi Jóhannsson, *Framsóknarflokki*



„Nú er farin af stað vinna við að móta fyrstu flugstefnu á Íslandi sem mun taka á öllum þáttum er varða flugstarfsemi hér á landi.“

### Inga Sæland, *Flokki fólksins*



„Ég hefði persónulega aldrei staðið hérna í kvöld til að monta mig af 4 prósenta hækkun á persónuafslætti.“

### Þorsteinn Víglundsson, *Viðreisn*



„Hræðsla stjórnarinnar við aukna samkeppni í matvælaframleiðslu er ein meginorsök hás matvælaverðs hér.“

FLOREALIS

## Sefitude — ný meðferð við kvíða og svefntruflunum

Ert þú að fást við svefntruflanir eða kvíða?
Sefitude er viðurkennt jurtalyf unnið úr rót garðabrúðu.
Styttir tímann til að sofna og bætir gæði svefns.

**Notkun** Við vægum kvíða: fullorðnir, 1 tafla á dag allt að 3 á dag. 12–18 ára: 1 tafla á dag allt að 2 á dag. Við svefntruflunum: fullorðnir og eldri en 12 ára: 1 tafla ½–1 klukkustund fyrir svefn. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með börn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.




Fæst í öllum helstu apótekum án lyfseðils

florealis.is/sefitude

Kringlan

# AF ÖLLU HJARTA

## LÁTTU GOTT AF ÞÉR LEIÐA
# GEFUM SAMAN

**Góðgerðadagur Kringlunnar er í dag. Af því tilefni renna 5% af veltu verslana og veitingastaða til Einstakra barna, stuðningsfélags barna með sjaldgæfa sjúkdóma og heilkenni.**

### Einstök börn bjóða gestum Kringlunnar upp á veglega dagskrá og fræðslu

Frumsýning á ljósmyndasýningu Grahams Miller: Light from Dark.
Einstök börn innan félagsins eru fyrirsæturnar.

Kynning í göngugötu á starfsemi stuðningsfélags Einstakra barna.

### Skemmtidagskrá:



| | |
|---|---|
| **Kl. 17–20** | Einstaki Drekinn verður á svæðinu og gefur blöðrur |
| **Kl. 18–18:30** | Sjúkrahústrúðarnir heilsa upp á börn við sölubás Einstakra barna |
| **Kl. 18–19** | Katrín Lea Elenudóttir, Miss Universe Iceland 2018 gefur eiginhandaráritanir í göngugötu. |
| **Kl. 18:00** | Rakel Pálsdóttir syngur Óskin mín og fleiri falleg lög |
| **Kl. 18:30** | Birgir Steinn Stefánsson tekur lagið |
| **Kl. 18:45** | Jói P og Króli skella sér á svið. |
| | **Kynnir er samfélagsmiðlastjarnan Eva Ruza** |
| | **Happdrætti, verslanir Kringlunnar gefa glæsilega vinninga** |

einstök BÖRN

OPIÐ **10–21** ALLA FIMMTUDAGA

**GLÆSILEG TILBOÐ OG FJÖLBREYTT DAGSKRÁ**

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is



skoðaðu úrvalið á Weber.is


Sævar Marinó Ciesielski gefur vitnisburð við aðalmeðferð í Hæstarétti árið 1980. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Sýkna dugar ekki til að mati verjenda málsins

**Munnlegur málflutningur í Guðmundar- og Geirfinnsmálum hefst í Hæstarétti í dag. Verjendur vilja að sakleysi verði lýst yfir í nýjum dómi. Saksóknari segir ágreining um rökstuðning fyrir sýknu. Frávísun málsins er enn ekki útilokuð.**

**DÓMSMÁL** „Ég fer fram á að skjólstæðingur minn verði ekki aðeins sýknaður heldur verði hann lýstur saklaus í forsendum dómsins,“ segir Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Munnlegur málflutningur fer fram í Hæstarétti í dag og á morgun. Þar sem bæði ákæruvaldið og ákærðu gera sýknukröfur í málinu er vandséð að Hæstiréttur geti sakfellt á ný. Ragnar segir að þrátt fyrir það skipti miklu máli hvernig forsendur sýknudóms verði orðaðar. Málflutningurinn í dag og á morgun snúist því um meira en sekt eða sýknu.

„Sýkna þýðir auðvitað ekkert annað en að ekki hafi tekist að sanna sektina,“ segir Ragnar. Í dómi þyrfti líka að gagnrýna málsmeðferðina alla, á rannsóknarstigi, fyrir sakadómi Reykjavíkur og fyrir Hæstarétti. „Það þarf að loka þessu máli og senda boð til framtíðarinnar svo þetta gerist síður aftur.“ Hann segir að í málflutningi í dag verði fjallað um óheiðarlega og ómálefnalega málsmeðferð og sönnunarmat; hvernig frásagnir voru fengnar fram og hvernig þær voru síðar metnar af dómstólunum.

Oddgeir Einarsson, verjandi Sævars Marinós Ciesielski, tekur undir með Ragnari. Hann segir dómþola og aðstandendur þeirra eiga rétt á því að horfst verði í augu við staðreyndir. „Það er algjörlega augljóst að það sem byggt var á á sínum tíma gerðist aldrei og það á að koma skýrt fram í forsendum dóms.“


Hæstiréttur léttir dóma í Guðmundar- og Geirfinnsmálum

Fá mál hafa fengið eins mikla athygli í íslenskra fjölmiðla fyrr og síðar.

Davíð Þór Björgvinsson, settur saksóknari í málinu, fer fram á sýknu á grundvelli sönnunarskorts. Hann segir að þrátt fyrir að aðilar máls séu sammála um sýknukröfur hafi menn ólík sjónarmið um hvaða rök séu mikilvægust í því sambandi og hvernig þau verði sett fram. Búast megi við að málflutningurinn snúist um þessi atriði.

> **Það þarf að loka þessu máli og senda boð til framtíðarinnar svo þetta gerist síður aftur.**
>
> Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar



Enn er ekki útilokað að Hæstiréttur vísi málinu frá á þeim grundvelli að úrskurður endurupptökunefndar sé ólögmætur. Verjendur telja þó ekki miklar líkur á frávísun enda hafi ekkert komið upp í undirbúningi málsins sem bendi til þess. Ragnar bendir þó á að rétturinn skammti málinu afar stuttan tíma í málflutningi og spyr sig hverju það sæti. „Það er óskiljanlegt að Hæstiréttur geti ekki lagt á sig örfáa klukkutíma í viðbót í þessu máli sem er skandall í sögu réttarins og reynt að rétta það við og ávinna sér traust meðal almennings.“

Þeir Oddgeir eru sammála um að málið hefði þarfnast mun ítarlegri umfjöllunar. Þannig hafði Oddgeir til dæmis óskað eftir 5 klukkustundum til að gera grein fyrir máli Sævars, en aðeins fengið einn og hálfan tíma.

adalheidur@frettabladid.is

## Fordæmalausar aðgerðir gegn Ungverjum

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópuþingið samþykkti í gær, með 448 atkvæðum gegn 197, að beita Ungverja fordæmalausum refsiaðgerðum vegna meintra brota ríkisstjórnar Viktors Orbán forsætisráðherra gegn grunngildum Evrópusambandsins. Orbán-stjórnin var sögð hafa ráðist gegn fjölmiðlum, minnihlutahópum og lögum og reglu en þessum ásökunum hafnaði Orbán.

Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þurfti til að virkja sjöundu grein Evrópusáttmálans, sem felur í sér að svipta aðildarríki ákveðnum réttindum. Það tókst og munu þjóðarleiðtogar nú þurfa að fara yfir málið. Þá kemur í ljós hvort eða hvaða refsiaðgerðum verður beitt en þetta er í fyrsta skipti sem Evrópuþingið samþykkir aðgerðir sem þessar gegn aðildarríki.

Ákvörðun gærdagsins var tekin eftir harða gagnrýni undanfarinna missera á stefnu Orbáns í innflytjendamálum. Ríkisstjórn hans hefur fylgt harðlínustefnu í málaflokknum, einkum gagnvart flóttamönnum. Meðal annars hefur verið gripið til þess að gera „aðstoð við ólöglega innflytjendur“ refsiverða. Þá hefur Orbán-stjórnin einnig bolað í burtu óháðum félagasamtökum sem leggja áherslu á að hjálpa flóttamönnum.

Orbán hélt sjálfur ræðu fyrir Evrópuþinginu á þriðjudaginn. „Skýrslan sem þið hafið fyrir framan ykkur er móðgun við Ungverjaland og við heiður ungversku þjóðarinnar,“ sagði Orbán þá og bætti því við að aðförin gegn Ungverjum væri ósanngjörn. Ríkið hefði fullan rétt til þess að byggja stefnu sína á „kristilegum fjölskyldugildum“. – þea


Viktor Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands.

Námsorlof
kennara, námsráðgjafa og stjórnenda framhaldsskóla
Umsóknarfrestur til **2. október**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2019-2020. Umsóknir þurfa að berast eigi síðar en **þriðjudaginn 2. október næstkomandi, kl.16:00.**

Um námsorlof geta sótt framhaldsskólakennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur framhaldsskóla. Einnig geta skólameistarar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

**Sótt er um rafrænt í gegnum umsóknakerfi Rannís.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Jón Svanur Jóhannsson,
jon.svanur.johannsson@rannis.is
sími 515 5820.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Ný frímerki
*Safnaðu litlum listaverkum*

Þann 13. september gefur Íslandspóstur út ný frímerki. Efni frímerkjanna er tileinkað lífríki hafsbotnsins við Ísland, Háskólanum að Bifröst/Samvinnuskólanum 100 ára og upphafi dráttarvélaaldar á Íslandi. Einnig koma út Norðurlanda- og Sepac-frímerki.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

METSÖLUVARA UM ALLAN HEIM*

# Double Serum

Í okkar öflugasta serumi hingað til eru 21 innihaldsefni úr náttúrunni.
Aukinn ljómi, húðholur minna sjáanlegar, fallegri áferð og sléttari húð eftir aðeins 7 daga.**




*Yfir 1.000 stykki seld.
**Niðurstöður prófana – fjölþjóðlegt úrtak – 362 konur.

It's all about you.

CLARINS



Clarins kynningardagar 13. – 19. september.

**20% afsláttur af öllum Clarins vörum á meðan á kynningunni stendur.**

Veglegur kaupauki fylgir þegar verslað er í Clarins fyrir 7.800 krónur eða meira.*

*Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP

Meira svona alla daga

## Greiðslur LBI hækkuðu um 275 milljónir

Eignarhaldsfélagið LBI, sem heldur utan um eignir gamla Landsbankans, greiddi ríflega 3,4 milljónir evra, jafnvirði um 430 milljóna króna, í laun og launatengd gjöld á öðrum fjórðungi ársins og nær þrefölduðust greiðslurnar frá fyrsta fjórðungi þegar þær námu jafnvirði 155 milljóna króna.

Hækkunin á milli fjórðunga skýrist af hvata- og starfslokagreiðslum sem féllu til á öðrum ársfjórðungi, að því er fram kemur í kynningu vegna fjórðungsuppgjörs félagsins.

Sex manns störfuðu að meðaltali hjá LBI á öðrum fjórðungi. – kij



Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LBI.

## Olíukostnaður tvöfaldaðist

Olíukostnaður WOW air nam 122,3 milljónum dala, sem jafngildir 13,8 milljörðum króna, á síðasta ári og meira en tvöfaldaðist frá fyrra ári þegar hann var 60,8 milljónir dala, jafnvirði 6,9 milljarða króna. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi flugfélagsins.

Verð á flugeldsneyti hækkaði um 20 prósent á síðasta ári en hækkunin hefur verið enn meiri, yfir 30 prósent, það sem af er þessu ári.

Olíukostnaðurinn nam ríflega 25 prósentum af tekjum WOW air í fyrra en hlutfallið var 19,8 prósent árið 2016. – kij



Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.

# Skilyrðin þau umfangsmestu

**Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir skilyrðin sem Hagar þurfa að undirgangast til þess að eignast Olís ekki hafa komið á óvart. Hagar hafa þegar fundið kaupendur að þeim eignum sem félaginu ber að selja. Fjárfestar tóku vel í samþykki eftirlitsins.**

Skilyrðin sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fyrir yfirtöku Haga á Olís eru líklegast þau umfangsmestu sem sett hafa verið fram í samrunamálum hér á landi, að sögn Eggerts B. Ólafssonar, sérfræðings í samkeppnisrétti. Hann segir skilyrðin þó ekki hafa komið á óvart. Legið hafi fyrir frá upphafi að eftirlitið vilji tryggja að aukin samþætting á eldsneytis- og matvörumarkaði torveldi ekki aðgang nýrra keppinauta að mörkuðunum.

Hagar hafa þegar fundið kaupendur að þeim eignum sem verslunarrisanum ber, að kröfu Samkeppniseftirlitsins, að selja en um er að ræða þrjár Bónusverslanir, á Hallveigarstíg, í Faxafeni og Skeifunni, fimm eldsneytisstöðvar ÓB og Olís og eina dagvöruverslun Olís í Stykkishólmi.

„Söluskilyrði sem þessi eru ný af nálinni í samrunamálum hér á landi. Við höfum ekki séð mikið af slíku,“ segir Eggert og bætir við að almennt sé talið að skilyrði um sölu eigna séu áhrifaríkari en skilyrði um tiltekna hegðun fyrirtækja. „Í erlendum samanburði eru skilyrðin í þessu samrunamáli þó ekkert rosalega umfangsmikil,“ nefnir hann.

Kaup Haga á Olís, sem var fyrst tilkynnt um í apríl í fyrra, munu þó ekki ganga endanlega í gegn fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur metið hæfi kaupenda áðurnefndra eigna. Vonir stjórnenda Haga standa til



Sameinað félag Haga og Olís hefur skuldbundið sig til þess að selja þrjár Bónusverslanir, fimm eldsneytisstöðvar Olís og ÓB og dagvöruverslun Olís í Stykkishólmi. Þegar eru kaupendur fundnir að eignunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Söluskilyrði sem þessi eru ný af nálinni í samrunamálum hér á landi.**
>
> Eggert B. Ólafsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti



þess að hæfismatinu verði lokið í síðasta lagi um miðjan nóvember.

Eggert segir að Samkeppniseftirlitið muni meðal annars taka til skoðunar hvort mögulegir kaupendur að verslununum og eldsneytisstöðvunum séu nógu öflugir til þess að geta veitt Högum og öðrum keppinautum samkeppni. Í sátt Haga og Samkeppniseftirlitsins er sem dæmi gerð sú krafa að kaupendur búi yfir „nægjanlegri þekkingu, fjárhagsstyrk og hvata til þess að líklegt sé að hann geti til bæði skemmri og lengri tíma veitt keppinautum umtalsvert samkeppnislegt aðhald“.

**16**

**milljarðar króna er heildarvirði Olís í kaupum Haga á félaginu.**

Eggert segir hins vegar að það sé vafamál hvort slíkum kaupendum sé yfirhöfuð til að dreifa hér á landi í ljósi smæðar landsins. Miklu skipti jafnframt hve vænlegar eignirnar séu til sölu.

Fram kemur í tilkynningu sem Samkeppniseftirlitið sendi frá sér í tilefni sáttarinnar við Haga að eftirlitið hafi talið óvissu ríkja um „söluvænleika“ þeirra eigna sem Hagar buðust til að selja til þess að liðka fyrir kaupunum. Af þeim sökum gerði eftirlitið þá kröfu að Högum yrði óheimilt að taka yfir eignir Olís fyrr en samningar liggja fyrir við „öfluga kaupendur“ að eignunum, eins og það er orðað í tilkynningunni.

Ríflega mánuður er síðan samkeppnisyfirvöld samþykktu kaup N1 á Festi en rétt eins og í samrunamáli Haga og Olís kröfðust yfirvöld þess að N1 seldi frá sér tilteknar eignir, svo sem fimm bensínstöðvar, þar á meðal þrjár undir merkjum Dælunnar, og verslun Kjarvals á Hellu. Fjárfestar hafa sýnt bensínstöðvunum mikinn áhuga, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en N1 hefur níu mánuði til þess að selja stöðvarnar.

Fjárfestar tóku afar vel í tíðindin af samþykki Samkeppniseftirlitsins en til marks um það hækkuðu hlutabréf í Högum um 3,3 prósent í ríflega 420 milljóna viðskiptum í gær. Ráðgjafar verslunarrisans gera ráð fyrir að samlegðaráhrif af kaupunum á Olís muni nema um 600 milljónum króna á ársgrundvelli eða sem jafngildir um 3 prósentum af samanlögðum rekstrarkostnaði félaganna tveggja.

kristinningi@frettabladid.is

FORD ECOSPORT
HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17” álfelgum, Xenon aðalljósum, 8” snertiskjá, tölvustýrði loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.




FORD ECOSPORT VERÐ FRÁ: 2.750.000 KR.
FORD ECOSPORT TITANIUM S SJÁLFSKIPTUR:
3.490.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites

# TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN
# NISSAN SPORTJEPPA
# MEÐ VEGLEGUM AUKAHLUTAPAKKA

**NISSAN QASHQAI**
Verð frá:
**3.790.000 kr.**

**NISSAN X-TRAIL**
Verð frá:
**5.190.000 kr.**




ENNEMM / SÍA / NM89796

# ALLT AÐ 350.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI

FYLGIR NÝJUM NISSAN QASHQAI EÐA X-TRAIL

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Hér sést frítt föruneyti slaka á í Strútslaug, einni skemmtilegustu náttúrulaug á Íslandi. Við sjóðheita laugina er grasbali, sem frábært er að tjalda á. MYNDIR/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

# Strútur og Strútslaug

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Á Íslandi hafa aldrei verið til lifandi strútar svo vitað sé, enda eiga þessir stærstu fuglar jarðar náttúruleg heimkynni í Afríku og eru lítt þolnir á kulda, rigningu og rok. Engu að síður kemur örnefnið Strútur fyrir víða á Íslandi og þá sem heiti á oddmjóum klettum og fjöllum. Telja fræðimenn að nafnið vísi fremur til höfuðbúnaðar eða fatnaðar fyrr á tímum heldur en fuglsins. Þekktasti Strúturinn á Íslandi er í Borgarfirði, enda sést fjallið víða að og hvergi betur en í Húsafelli. Strútur á Mælifellssandi (968 m) er ekki síður tignarlegt fjall, staðsett milli Torfajökuls og Mælifells. Strýtulaga toppurinn kallast Strútskollur, hallandi austurendinn Strútstagl en fleiri örnefni í nágrenninu vísa einnig til fjallsins, eins og Strútsgil, Strútsver, Strútsöldur og Strútslaug. Strútsnafnið hefur einnig fest við Strútsstíg, skemmtilega 75 km langa gönguleið frá Sveinstindi við Langasjó að Hvanngili. Er þá gengið um Skælinga og Hólaskjól og síðan einstök öræfi Syðra Fjallabaks, þar með talda Álftavatnskróka og fram hjá fjallinu Strút. Skammt frá er snotur skáli Útivistar þar sem tilvalið er að gista eða slá upp tjöldum. Frá Strútsskála bjóðast ýmsar spennandi gönguleiðir, eins og inn að Krókagili en vant göngufólk getur þrætt litskrúðug en brött líparítgil alveg inn að Torfajökli. Einnig er gaman að nota daginn og ganga að Hólmsárlóni og Rauðabotni, eða toppa Strút sem tekur hálfan dag. Er þá haldið meðfram norður- og austurhlíðum hans og upp stíg suðaustanmegin í fjallinu. Af tindinum er frábært útsýni yfir Mýrdalsjökul, Tindfjöll, Svartahnjúksfjöll, Hólmsá, Mælifellssand og Mælifell. Eftir að komið er niður af Strút er tilvalið að ganga nokkra kílómetra í austur að svokölluðum Hólmsárbotnum. Þar bíður sjóðheit Strútslaug sem er ein skemmtilegasta náttúrulaug á Íslandi. Við laugina er grasbali sem er frábært tjaldstæði, til dæmis fyrir þá sem ganga Strútsstíg eða eru á leiðinni í Jökulgil og Landmannalaugar. Eftir baðið kjósa þó flestir að halda aftur í Strútsskála og tekur það innan við klukkustund.



**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir má nálgast á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðsappinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**



Hið tignarlega fjall Strútur á Mæiifellssandi er 968 metra hátt. Staðsett milli Torfajökuls og Mælifells.



Í nágrenni Strúts eru frábærar gönguleiðir.

**»** Frá Strútsskála bjóðast ýmsar spennandi gönguleiðir, eins og inn að Krókagili en vant göngufólk getur þrætt litskrúðug en brött líparítgil alveg inn að Torfajökli.



Við Strútsskála er tilvalið er að gista eða slá upp tjöldum. MYNDIR/ÓLAFUR MÁR



Gengið inn Krókagil frá Strútsskála.



Á hæsta tindi Torfajökuls.



Eftir að komið er niður af Strút er tilvalið að ganga nokkra kílómetra í austur að svokölluðum Hólmsárbotnum. Þar bíður sjóðheit Strútslaug sem er ein skemmtilegasta náttúrulaug á Íslandi.

Við hliðina á heitri Strútslaug er ísköld á.

# #keyrðueinsogkona

**Aksturslag er mikilvægasti öryggisþátturinn í umferðinni.**
Síðan eru það dekkin.

SÓLNING
Meira til skiptanna

## Helstu tíðindi í sögu Guðmundar- og Geirfinnsmála þar til dómur féll í Sakadómi Reykjavíkur í árslok 1978

1974 JANÚAR FEBRÚAR MARS APRÍL MAÍ JÚNÍ JÚLÍ ÁGÚST SEPTEMBER OKTÓBER NÓVEMBER DESEMBER 1975

**27. janúar**
■ Hvarf Guðmundar Einarssonar í Keflavík.



**17. nóvember**
■ Geirfinnur fer í Klúbbinn með vinum sínum.



**19. nóvember**
■ Geirfinnur Einarsson hverfur.


Dularfullt mannhvarf
Lögreglan biður um upplýsingar

**26. nóvember**
■ Leirstyttan sýnd í fréttum RÚV.



**29. nóvember**
■ Ábendingar vegna leirstyttu orðnar 74 talsins og grunsamlegir bílar um allt land bætast við.

1975 JANÚAR FEBRÚAR MARS APRÍL MAÍ JÚNÍ JÚLÍ ÁGÚST SEPTEMBER OKTÓBER NÓVEMBER DESEMBER 1976

**Byrjun janúar**
■ Umfangsmikil rannsókn á spírasmygli með millilandaskipum.

**3. febrúar**
■ Magnús og Sigurbjörn í Klúbbnum kvarta undan þrálátum sögusögnum við dómsmálaráðherra.

**4. júní**
■ Formlegri rannsókn Geirfinnsmáls hætt í Keflavík.

**22. október**
■ Dráttarbraut og Klúbbmenn kynntir til sögunnar í frásögn manns sem játaði fyrir börnum sínum.

**Miður des.–byrjun jan.**
■ Handtökur og fyrstu játningar í Guðmundarmáli.

**12. og 13. des.**
■ Erla og Sævar handtekin vegna póstsvika.



**18. desember**
■ Erla játar aðild að póstsvikum.

**19. desember**
■ Lögreglan fær ábendingu um tengsl Sævars við hvarf Guðmundar.

**19 . desember**
■ Erla greinir frá pokaburði að Hamarsbraut.

**22. desember**
■ Sævar tekur undir með Erlu að nokkru leyti.

**23. desember**
■ Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert settir í gæsluvarðhald vegna Guðmundar.

**Lok des./byrjun janúar**
■ Játningar þriggja manna liggja fyrir í Guðmundarmáli.

1976 JANÚAR FEBRÚAR MARS APRÍL MAÍ JÚNÍ JÚLÍ ÁGÚST SEPTEMBER OKTÓBER NÓVEMBER DESEMBER 1977

# Mannshvörfin sem urðu stærsta sakamál sögunnar

Saga lögreglurannsóknar sem sigldi í strand hvað eftir annað, sakborninga sem gerðu hvað sem er fyrir rannsóknarmenn til að leysa málið, fjölmiðla sem aldrei fengu nóg af málinu, einstaklinga sem barist hafa fyrir mannorði sínu í áratugi.

**5. janúar**
■ Gögn Geirfinnsmálsins send frá Keflavík til lögreglunnar í Reykjavík.

**9. janúar**
■ Tryggvi Rúnar játar aðild að Guðmundarmáli.


Er hvarf Guðmundar skylt Geirfinnsmálinu?

**9. janúar**
■ Möguleg tengsl málanna nefnd í fjölmiðlum.

**11. janúar**
■ Sævar dregur framburð í Guðmundarmáli til baka.

**21. janúar**
■ Erla nefnir Klúbbmenn og bróður sinn og ferð til Keflavíkur.

**23. janúar**
■ Kristján Viðar játar aðild að Geirfinnsmáli.

**26. janúar**
■ Magnús, Einar Bollason og Valdemar Olsen handteknir.

**2. febrúar**
■ Málið rætt á Alþingi.

**11 febrúar**
■ Sigurbjörn í Klúbbnum handtekinn.



**2. mars**
■ Kristján Viðar dregur framburð sinn í Geirfinnsmáli til baka.

**9. mars**
■ Kristján Viðar játar aftur aðild að Geirfinnsmáli.



**7. apríl**
■ Kristján segist hafa einn banað Guðmundi með hnífi.

**6. maí**
■ Erla segist hafa skotið Geirfinn með riffli.

**6. maí**
■ Samprófun sem fer úr böndunum.

**10. maí**
■ Klúbbmönnum sleppt.

**14. maí**
■ Guðjón Skarphéðinsson yfirheyrður.

**15. maí**
■ Vitni gefur sig fram. Segir Sævar hafa verið á Kjarvalstöðum daginn sem Geirfinnur hvarf.

**29. júní**
■ Karl Schutz hefur störf (fer aftur í febrúar 1977).



**Miður ágúst**
■ Sakborningar byrja að draga framburði til baka – slá úr og í.

**12. nóvember**
■ Guðjón Skarphéðinsson handtekinn.

**8. desember**
■ Fyrri ákæra gefin út.

**31. desember**
■ Texti úr dagbók Guðjóns.

*„Mikið vildi ég að Guð tæki mig til sín, ég er alveg að gefast upp. Amnesia. Hvar eru þessi lík? Hvernig á ég að vita það? Ég er með höfuðverk. Líður hræðilega.“*

1977 JANÚAR FEBRÚAR MARS APRÍL MAÍ JÚNÍ JÚLÍ ÁGÚST SEPTEMBER OKTÓBER NÓVEMBER DESEMBER 1978

**13. janúar**
■ Dómarar fyrirskipa framhaldsrannsókn á Guðmundarmáli.

**23. janúar**
■ Sviðsetning í dráttarbrautinni.

**3. febrúar**
■ Blaðamannafundur um lausn Geirfinnsmálsins.

**5. febrúar**
■ Sakborningum hótað af félögum Geirfinns.


Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra:
„... martröð er létt af þjóðinni“

**Byrjun mars**
■ Sævar bætir fimmta manni í Guðmundarmálið.

**16. mars**
■ Ákæra gefin út í Geirfinnsmáli.

**29. mars**
■ Sævar tekur aftur játningu sína í Guðmundarmáli.



**30. mars**
■ Tryggvi Rúnar tekur aftur framburð sinn í Guðmundarmáli.

**6. júlí**
■ Kristján Viðar dregur játningu sína til baka.

*„Ég er hættur að taka þátt í þessum skrípaleik.“*

**13. september**
■ Sævar dregur játningu í Geirfinnsmáli til baka.

**27. september**
■ Kristján Viðar Viðarsson tekur aftur játningu sína í Guðmundarmáli.

**19. desember**
■ Dómur fellur í Sakadómi Reykjavíkur.

Aðalheiður Ámundadóttir
aðalheidur@frettabladid.is



Guðmundur Einarsson, 18 ára, hvarf sporlaust eftir ball í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Vinir hans urðu viðskila við hann á ballinu og hann skilaði sér aldrei heim. Vitni báru að þau hefðu séð hann um nóttina í fylgd með öðrum manni í grennd við Bæjarbíó. Önnur vitni sáu hann nokkru síðar, ráfandi eftir Reykjavíkurvegi, þá einsamlan. Það var vont veður þessa nótt og færð fór að spillast undir morgun. Leitað var að Guðmundi í nokkrar vikur og lögregla rannsakaði málið. Ekki var talið að neitt saknæmt hefði átt sér stað og rannsóknin lognaðist hægt og rólega út af.

Allt aðra sögu er að segja um hvarf Geirfinns Einarssonar, dagfarsprúðs fjölskylduföður og vörubílstjóra í Keflavík, tíu mánuðum síðar og hefur hvarf hans alltaf þótt hið dularfyllsta. Þegar vinur hans og vinnufélagi hugðist sækja hann í bíó hið örlagaríka kvöld kvaðst Geirfinnur ekki geta farið með honum því hann þyrfti að fara á stefnumót við mann eða menn í Hafnarbúðinni. Hann sagði vini sínum ekki hverjir þeir væru en lét á sér skilja að hann væri órólegur yfir stefnumótinu; velti fyrir sér að vera vopnaður. Vinurinn skutlaði honum svo áleiðis á staðinn. Skömmu síðar kom Geirfinnur aftur heim. Í sama mund hringdi síminn. Spurt var um Geirfinn sem átti stutt samtal. „Ég er búinn að koma,“ og „Ég kem.“ Svo fór Geirfinnur að heiman í annað sinn það kvöld og hefur ekki sést síðan. Bíll hans fannst skammt frá Hafnarbúðinni með lyklum í svissi. ▶

## Árin milli dóms í undirrétti og dóms Hæstaréttar

**1978**
**30. maí**
■ Fangelsisprestur krefst rannsóknar vegna harðræðis í Síðumúla.

**1979**
**6. mars**
■ Verjandi Sævars krefst rannsóknar á harðræði.

**5. september**
■ Rannsókn á ætluðu harðræði hefst.

**1980**
**11. janúar**
■ Erla dregur alla framburði sína um Geirfinnsmál til baka.

**21. janúar**
■ Mæling á mögulegum aksturshraða milli Kjarvalsstaða og Keflavíkur.

**22. febrúar**
■ Dómur fellur í Hæstarétti.



Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

# OPNUM Í DAG!

Allt að **90%**

# AFSLÁTTUR

**Opnunartími 10-18**
**alla daga vikunnar**

BÆKUR FRÁ 99 KR.

ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF




**Leyndarmál húðarinnar**
Verð: 990 kr.




**Hálendið**
Verð: 4990 kr.




**1000 orð og límmiðar**
Verð: 990 kr.




**Stærsta og sniðugasta myndaorðabók í heimi**
Verð: 490 kr.




**Drauma-ráðningar frá A-Ö**
Verð: 1490 kr.



**Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók**
Verð: 3990 kr.




**Allskonar þeytingar fyrir alla**
Verð:1490 kr.




**Rauða minnisbókin**
Verð: 990 kr.

**Dularfullar mannaferðir**
Hvarf Geirfinns var strax í upphafi rannsakað sem sakamál vegna þeirra mannaferða sem virtust vera kringum hvarf hans. Á fyrstu dögum eftir hvarfið kom í ljós að maður hefði fengið að nota síma í Hafnarbúðinni um sama leyti og hringt var til Geirfinns. Allt kapp var lagt á að finna manninn sem hringdi. Höfuð hans var mótað í leir og var leirstyttan sýnd í kvöldfréttum sjónvarps fimm dögum eftir að hvarf Geirfinns var tilkynnt. Næstu daga rigndi ábendingum inn til lögreglu. Einn þeirra sem komust á Leirfinnslistann var Magnús Leópoldsson, þá framkvæmdastjóri Klúbbsins, enda þótti styttan afar lík honum. Gekk á með klögumálum þessum fram á vorið en eftir rúmra sex mánaða rannsókn var formlegri rannsókn Geirfinnsmálsins hætt í byrjun júní 1975 og var þá kyrrt um hríð.

**Afplánunarfangi benti á Sævar**
Það var ekki fyrr en lögreglu barst ábending frá fanga á Litla-Hrauni í desember 1975 um að Sævar kynni að vera viðriðinn hvarf Guðmundar að hjólin fóru að snúast tæpum tveimur árum eftir hvarfið. Erla og Sævar höfðu verið í gæsluvarðhaldi í rúma viku vegna póstsvika og fíkniefnamála. Gæsluvarðhaldið var Erlu erfitt enda áttu þau Sævar 11 vikna dóttur sem hún þráði að komast til. Það þurfti því ekki mikið til að fá hana til að tjá sig þegar hún var spurð um Guðmund og hvort hún gæti hafa orðið vitni að einhverju hræðilegu á heimili sínu að Hamarsbraut í Hafnarfirði tveimur árum áður.

Sævar þráaðist aðeins við en benti svo á fleiri menn og á Þorláksmessu voru Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn færðir til skýrslutöku. Þeir játuðu allir aðild að málinu á næstu dögum. Tryggvi Rúnar þráaðist lengst við. Hann vildi ekki kannast við að hafa komið að Hamarsbraut og því síður að hafa þar lent í átökum við ókunnan mann, orðið honum að bana og ekið svo með lík hans inn í Hafnarfjarðarhraun ásamt þeim félögum sínum.

Síðar átti eftir að koma í ljós að ekki stóð steinn yfir steini í framburðum sakborninga af atburðum næturinnar. Sími sem gegndi lykilhlutverki í atburðarásinni reyndist hafa verið lokaður umrætt kvöld. Þá var útilokað að Albert hefði getað komið á gulri Toyotu á vettvang til að flytja lík út í hraun þar sem faðir hans festi ekki kaup á umræddri bifreið fyrr en nokkru síðar. Þetta var hvimleitt því mikið púður hafði farið í að lýsa Toyotunni og hvernig líki var komið fyrir í skotti hennar. Það fauk út í veður og vind þegar VW-bjalla kom í staðinn enda ekki hægt að koma líki fyrir í skotti hennar.

Sævari, sem var alveg hætt að standa á sama um hversu samhljóma framburðir sakborninga, sem áttu að heita í einangrun, virtust vera, sannfærðist um að lögreglan bæri vitnisburði sakborninga á milli þeirra með beinum eða óbeinum hætti. Hann gerði tilraun til að sannreyna þessa tilgátu og bætti fimmta manninum við á Hamarsbraut. Og viti menn, skömmu síðar mundu hinir sakborningarnir einmitt eftir því að umræddur maður hefði verið viðstaddur. Hann var sóttur til Spánar og látinn bera vitni um atburði sem hann hafði aldrei orðið vitni að.

**Tengsl málanna viðruð**
Daginn eftir að síðasta vígið féll í Síðumúla og Tryggvi játaði aðild að Guðmundarmáli birtist frétt í Alþýðublaðinu þar sem mögulegum tengslum Guðmundar- og Geirfinnsmála er í fyrsta skipti velt upp. Ekki var annarra heimilda getið en kjaftagangs og vangaveltna á götum úti en þó slegið á þráðinn til Keflavíkur. Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður sagði að lítið væri að frétta af Geirfinnsmálinu en þó yrði rannsakað gaumgæfilega hvort einhver tengsl kynnu að vera þarna á milli. Það yrði skoðað þegar þeim bærust upplýsingar frá borginni.

Og það var eins og við manninn mælt, játningar í Geirfinnsmáli hrönnuðust upp í Síðumúlafangelsi.

Eins og áður var herjað fyrst á Erlu. Í þetta sinn nefndi Erla nýja menn til sögunnar. Einar Bollason bróður sinn, Magnús Leópoldsson, Jón Ragnarsson í Þórscafé og fleiri menn. Hún átti eftir að nefna fjölmarga síðar og í einni yfirheyrslunni útilokaði hún ekki að sjálfur dómsmálaráðherra, Ólafur Jóhannesson, hefði verið í dráttarbrautinni umrætt kvöld. Saga af ferð til Keflavíkur, fjölda manns í dráttarbraut og sjóferð sem endaði illa fór að taka á sig mynd í Síðumúlafangelsi.

**Stöðugur ófriður í Síðumúla**
Örfáum dögum eftir að ungmennin tóku að játa á sig Keflavíkurferð voru Einar, Magnús og Valdemar Olsen handteknir og Sigurbjörn Eiríksson, eigandi Klúbbsins, skömmu síðar. Fram undan voru erfiðir tímar í Síðumúla. Framburðir sakborninga voru mjög á reiki og játuðu menn ýmist og drógu til baka játningar sínar jafnharðan eða sögðust ekkert kannast við Geirfinn og aldrei hafa komið til Keflavíkur. Steininn tók úr þegar Erla játaði að hafa skotið Geirfinn með riffli að skipan Sævars. Skömmu áður hafði Kristján líka gefist upp á bátssögunni og uppástóð að Geirfinnur hefði fallið fram af klettum eftir átök þeirra á milli.

Vandræðin í Síðumúla voru mikil þetta vor enda tókst ekki að láta Klúbbmenn meðganga. Við það bættist að þeir virtust flestir hafa fjarvistarsannanir og ekkert gekk að koma þeim inn í málin þrátt fyrir framburði ungmennanna. Lögreglan neyddist til að láta þá lausa í maí.

Nú þurfti að breyta atburðarásinni í öllum aðalatriðum enda helmingur vígamanna úr sögunni.

Það var kærkominn liðsauki fyrir rannsóknarteymið þegar hinn þýski Karl Schutz kom til aðstoðar sendur af yfirvöldum í Vestur-Þýskalandi eftir hjálparbeiðni dómsmálaráðherra sem stóð veikt vegna málsins. Geirfinnsmálið var orðið rammpólitískt.

Voru hendur látnar standa fram úr ermum næstu misserin. Skipta þurfti um bíla í sögunni, finna nýja bílstjóra og velja Geirfinni nýtt banamein. Ekki bætti úr skák þegar finna þurfti lausn á Kjarvalsstaðamálinu. Vitni gáfu sig fram og veittu Sævari og Erlu fjarvistarsönnun. Þau voru á Kjarvalsstöðum kvöldið sem Geirfinnur hvarf. Allt var þó látið ganga upp að lokum. Guðjóni Skarphéðinssyni var kippt inn í málið, nýir menn settir undir stýri í ökuferð til Keflavíkur og tímatökur á akstri milli Kjarvalsstaða og Keflavíkur látnar standast þrátt fyrir flókið leiðakerfi umrætt kvöld. Magnúsi var skipt út fyrir Kristján Viðar sem hringjandanum í Hafnarbúðinni, gegn eindregnum andmælum sjónarvottarins Guðlaugar í Hafnarbúðinni. Hún þekkti Kristján Viðar og uppástóð að ef um Kristján hefði verið að ræða hefði hún einfaldlega sagt lögreglunni það í upphafi og þá hefði ekki þurft að leggja í víðtæka leit með tilheyrandi leirstyttugerð. Sævar var einnig settur í hlutverk vinar Geirfinns sem sást ræða við hann í Klúbbnum, þrátt fyrir að sjónarvottar segðu þann mann bústinn í andliti með ljósskollitt hár.

**Berdreymnar konur veita aðstoð**
Er þá enn eftir að nefna vandræði lögreglunnar í leit að líkum hinna myrtu manna. Alveg sama hversu mjög sakborningar voru fúsir til að játa frekar flókna atburðarás með mörgum gerendum í tveimur morðmálum, þá gekk þeim bölvanlega að rifja upp hvað þeir hefðu gert við mennina. Ómögulegt er að telja saman allar ökuferðirnar sem farnar voru með sakborninga til að hjálpa þeim að muna, út í Hafnarfjarðarhraun, á Álftanes, í Grafning, kirkjugarðinn í Fossvogi og kirkjugarðinn í Hafnarfirði, að Þingvallavatni, á íþróttavöll í Kópavogi, á Grettisgötu og víðar. Allt kom fyrir ekki.

Þótt martröð væri létt af dómsmálaráðherra þegar rannsókninni loks lauk virtist löggan enn efins, jafnvel eftir að lífstíðardómur var kveðinn upp í undirrétti. Þrátt fyrir að Sakadómur teldi sannað að Geirfinnur hefði verið grafinn í Rauðhólum, hóf lögreglan uppgröft í húsagarði í Reykjavík og ekið var með berdreymna konu til Keflavíkur þar sem hún fullyrti að hann héldi sig enn. En hvorki fannst tangur né tetur af Geirfinni. Svekkelsi að sjáandinn í Jórdaníu skyldi engin svör hafa gefið árið áður.

**Tvær grímur runnu á þjóðina**
Eftir að lokadómur Hæstaréttar féll í málinu virtist þjóðin fyrst um sinn sátt við málalyktir en á hana fóru þó að renna tvær grímur með árunum. Flest höfðu hin dómfelldu dregið játningar sínar til baka og hófu að segja frá vondri vist í Síðumúlafangelsi meðan á rannsókn stóð. Bent var á mótsagnir í málinu og skort á sönnunargögnum. Engin áþreifanleg sönnunargögn voru lögð fyrir dóm og engin ummerki glæpanna fundust á glæpavettvöngunum. Engin lík hafa fundist. Engin vitni sem hald var í nema síður væri.

Kerfið þráaðist samt við. Endurupptökubeiðnum var hafnað einni af annarri í Hæstarétti. Ný gögn tóku að hrannast upp; nýir vitnisburðir, dagbækur bæði fangelsisins í Síðumúla og þeirra sem voru þar í einangrun vegna málsins. Játningarnar sem málin byggjast á hafa verið dæmdar úr leik af réttarsálfræðingum sem falskar eða óáreiðanlegar. Þá er eftir að telja fjarvistarsannanir, Íslandsmet í einangrunarvist sem aldrei verður slegið, harðræði sem bæði fangaverðir, fangelsisprestur, verjendur og aðrir fangar hafa borið um, og svo mætti lengi telja og verður það væntanlega gert í Hæstarétti í dag.


Leirfinnur var í öndvegi á blaðamannafundi við lausn Geirfinnsmálsins. Enginn veit hvers vegna.

## Úr dagbók
**Guðjóns Skarphéðinssonar**

Herra vararíkissaksóknari og herra Schütz hafa í minni áheyrn slegið því föstu að fólk segi ekki ósatt eftir tólf mánaða gæsluvarðhald. Ef þetta er rétt og herra Sævar hefur gert sitt besta til að benda á þann stað þar sem hann kom margumræddu líki fyrir, en það samt ekki fundist, er aðeins hægt að draga af því þær ályktanir að a) aldrei hafi verið um neitt lík að ræða, b) líkinu hafi verið stolið af Sævari og hann hafi ekki hugmynd um hvar það sé. Það er náttúrulega ekki í mínum verkahring að svara þessum spurningum. En báðar vekja þær ýmsar óþægilegar grunsemdir um aðild aðilja að þessu máli, sem aldrei eiga að koma fram í dagsljósið.


Sviðsetning atburða í dráttarbrautinni í Keflavík.

## Skrítin tilviljun

Til er lögregluskýrsla frá árinu 1975 af ferð manna í dráttarbrautina í Keflavík og sjóferð eftir smygli sem endaði með því að Geirfinnur drukknaði. Skýrslan er rituð mörgum mánuðum áður en ungmennin játuðu aðild að Geirfinnsmálinu, en frásagnirnar eru svo líkar að ómögulegt er að um tilviljun sé að ræða. Sögumaðurinn var miðaldra maður sem játað hafði aðild sína að málinu fyrir nánustu ættingjum sínum og nefndi svokallaða Klúbbmenn sem samverkamenn. Ættingjarnir gerðu lögreglu viðvart sem tók manninn til yfirheyrslu þar sem hann vísaði sögunni á bug sem drykkjurugli.


Frá málflutningi í Hæstarétti Íslands.

## Saga Leirfinns

Leirfinnur lék stórt hlutverk í rannsókn Geirfinnsmálsins en sennilega meira til skaða en gagns. Styttan átti að sýna manninn sem fékk að hringja í Hafnarbúðinni og var birt í sjónvarpi fimm dögum eftir að hvarfið var tilkynnt. Á tveimur dögum voru komnir 74 menn á lista lögreglu sem þóttu líkir styttunni og höfðu margir hegðað sér undarlega síðustu daga. Lýst var eftir bíl mannsins, rauðum Fiat sem stefndi á Raufarhöfn.

Í samtölum við fjölmiðla var lögreglan vongóð um að finna manninn. Guðlaugu starfsstúlku í Hafnarbúðinni sem lofað hafði hinum grunsamlega manni að hringja þótti hins vegar undarlegt að sjá leirstyttuna í sjónvarpinu, enda hafði henni aldrei verið sýnd styttan.


Víða var leitað að Geirfinni eftir ábendingum sakborninga 1976 og 1977.

MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**Margt var reynt til að hressa upp á minni unga fólksins. Erla og Kristján fengu sannleikssprautur og Albert var dáleiddur á sefjunarfundum hjá Geir Vilhjálmssyni sálfræðingi.**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS
Fleiri myndir frá rannsókn og meðferð Geirfinnsmála á +Plús síðu Fréttablaðsins.
**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**




Lögregla fór með sakborningum í dráttarbrautina í Keflavík þar sem atburðir voru sviðsettir.



Sævar Marinó Ciesielski leiddur út eftir uppkvaðningu lífstíðardóms í Sakadómi Reykjavíkur.

# Frá Geirfinnsmáli

Til eru fjölmargar myndir frá rannsókn og málsmeðferð Guðmundar- og Geirfinnsmála. Myndirnar sýna hve viðamikil rannsóknin var en líka hvað hún tók oft á sig furðulegar myndir. Sviðsetningin í dráttarbrautinni og blaðamannafundurinn með leirstyttu í öndvegi eru dæmi um sérstaka innsýn sem ljósmyndir gefa í hugarheim rannsóknarlögreglumanna þessa tíma.



Lögreglumenn fóru oft með sakborninga í leiðangra. Það gerði lögreglu erfitt fyrir að engin lík skyldu finnast. Hér eru lögreglumenn leita Geirfinns Einarssonar eftir ábendingum sakborninga í júní 1976.



Kristján Viðar Viðarson á leið til málflutnings í Sakadómi Reykjavíkur í október 1977. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Frá blaðamannafundi rannsóknarteymisins þegar Geirfinnsmálið taldist upplýst.



Hafnarbúðin í Keflavík þar sem Geirfinns Einarssonar var síðast vart. Sjá má símann sem hulduðurinn hringdi úr. Hann var mótaður í leir og nefndur Leirfinnur.



Hvarf Geirfinns rætt á fundi lögreglunnar í Keflavík og Reykjavík. Valtýr Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, og Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður.


ALLRA SÍÐUSTU DAGARNIR
HAUST ÚTSALA
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
35-70%
AFSLÁTTUR
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

## TILVERAN

# Bættu blómum á heimilið

Það má finna örlítið haust í lofti og nú styttist óðum í að laufblöðin breyti um lit. Það er fátt fallegra en litir haustsins og skemmtileg afþreying fyrir fjölskylduna að tína saman fallegu haustlaufin og blóm í bland til að þurrka. Þurrkuð blóm og laufblöð í ramma lífga upp á hvaða rými sem er og sóma sér vel á veggnum inni í stofu, í svefnherberginu eða á öðrum stöðum á heimilinu.





3 Bókaplast með lími fæst í flestum bókabúðum og tilvalið að nota það til að raða laufblöðunum og blómunum sem mynda listaverk hvers og eins. Annað bókaplast fer síðan yfir og þarf að gera það mjög varlega, svo ekki komi loft. Þrýstið niður þannig að bókaplastið límist saman.



1 Best er að þurrka blómin og laufblöðin um leið og heim er komið. Leggið þau á smjörpappír og svo annan yfir. Bækur heimilisins eða eitthvað annað þungt er lagt ofan á smjörpappírinn til að þrýsta blöðunum niður.



2 Látið liggja í nokkrar klukkustundir eða yfir nótt. Um að gera að leyfa þeim yngri að fylgjast með þurrkunarferlinu.



4 Plastið er síðan klippt til og fært inn í ramma. Einnig er hægt að setja það í glerramma, þar sem bakhliðin er einnig gler. Kemur ef til vill betur út.

gunnthorunn@frettabladid.is

NORDICPHOTOS/GETTY

# Fasteign vikunnar

úr fasteignablaði Fréttablaðsins












**Glæsilegt hús að Barðaströnd 10 á góðum stað á Seltjarnarnesi er fasteign vikunnar. Falleg, björt og mikið endurnýjuð fjölskylduvæn eign á einni hæð. Flatarmál eignarinnar er 226,3 fm en húsið sjálft er 199,6 fm ásamt 26,7 fm bílskúr. Allar innréttingar í húsinu eru nýjar auk þess sem gólfefni hafa verið endurnýjuð. Stutt í leikskóla, skóla og tómstundir.** MYNDIR/LANDMARK FASTEIGNASALA

# Hin vinsæla peningaplanta



MYND/BRYNDÍS MARÍA BJÖRNSDÓTTIR

Kínverska peningaplantan hefur verið vinsæl á heimilum undanfarið. Plantan er upphaflega frá suðvestanverðu Yunnunhéraði í Kína. Sagan segir að norskur trúboði, Agnar Espegren, hafi tekið með sér nokkra afleggjara heim af kínversku peningaplöntunni eftir ferð sína til Kína á fimmta áratug síðustu aldar. Hann gaf nokkrum ættingjum og þannig hafi plantan dreift sér um Skandinavíu og síðar um allan heim þegar fleiri fóru að deila afleggjurum. Kínverska peningaplantan er sögð færa lukku inn á heimilið, ýmist í peningamálum eða vináttu.



Peningaplantan kýs potta sem eru með göt í botninum. Hún þarf að geta þurrkað sig á milli vökvunar. Plantan krefst þó meiri vökvunar þegar heitt er í lofti. Ef laufblöðin fara að fá tilhneigingu til að lafa mikið eru það merki um að plantan þurfi vökvun. Það er gott að hafa í huga að snúa plöntunni reglulega svo að angar hennar teygi sig nokkuð jafnt á alla kanta. Miðað er við vökvun einu sinni í viku. Gott ráð er að skola peningaplöntuna af og til eða þurrka vel af blöðum hennar þar sem þau eiga það til að safna á sig ryki. Forðist beint sólarljós.


## Iceland's Successful Stabilization Program and the Role of the IMF

Poul Thomsen, framkvæmdastjóri Evrópudeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, flytur erindi í Eyri í Hörpu laugardaginn 15. september kl. 15:00 en þann dag verða tíu ár liðin frá falli Lehman Brothers. Að erindinu loknu mun Thomsen taka við spurningum úr sal.

Erindi Thomsens nefnist *Iceland's Successful Stabilization Program and the Role of the IMF*.



Poul Thomsen hefur verið framkvæmdastjóri Evrópudeildar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins síðan í nóvember 2014. Þar áður var hann m.a. formaður sendinefnda sjóðsins í samningum við ýmis lönd um lánafyrirgreiðslu frá sjóðnum, svo sem Grikkland og Portúgal, og hann fór fyrir sendinefnd sjóðsins í samningum við íslensk stjórnvöld haustið 2008. Í erindi sínu mun hann m.a. fjalla um reynsluna af efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

SEÐLABANKI ÍSLANDS



# Fréttir vikunnar

**Nýr þjálfari landsliðsins, þingið að hefjast, óvissa um framtíð WOW air og danskir stórleikarar á leið til landsins voru meðal þeirra mála sem bar hæst í vikunni. Fréttablaðið tók saman það helsta í stuttu máli.**

## Skelfileg byrjun Eriks Hamrén



Svíinn Eric Hamrén byrjaði þjálfaraferil sinn með íslenska landsliðið ekki vel. Tapaði 6-0 fyrir Sviss og 0-3 fyrir Belgum í Þjóðadeildinni. Bæði lið höfðu talað um að erfitt yrði að skora gegn Íslandi. Sú varð aldeilis ekki raunin.

Gylfi Þór Sigurðsson var fyrirliði í leikjunum tveimur og hafði greinilega engan áhuga á að vera með bandið. Mætti ekki á blaðamannafundi, hvorki fyrir leik né eftir. Leikmenn voru með tóbak í vörinni á varamannabekknum og stuðningsmenn voru merkilega daufir. Í raun var fátt sem gladdi augað og gagnrýnin á liðið sem hefur glatt landsmenn nánast stanslaust í sex ár var mjög hörð.

Fáir leikmenn fengu hærri einkunn en 5 hjá knattspyrnuspekingum fyrir þessa tvo leiki en eini ljósi punkturinn í leikjunum tveimur var frammistaða Rúnars Más Sigurjónssonar gegn Belgum. Hamrén fékk 16 daga til að undirbúa liðið en næsti landsleikur Íslands er gegn heimsmeisturum Frakka í október.

## WOW air biðlar til fjárfesta til að geta starfað áfram

Forsvarsmenn WOW air leita um þessar mundir fjármagns til að geta lokið skuldabréfaútboði flugfélagsins. Þeir hafa ásamt ráðgjöfum sínum, verðbréfafyrirtækjunum Pareto Securities og Arctica Finance, unnið síðustu vikur hörðum höndum að því að tryggja félaginu að minnsta kosti 50 milljónir dala, jafnvirði 5,6 milljarða króna, með útgáfu skuldabréfa. Er markmið útgáfunnar að treysta starfsemi WOW air til framtíðar.

Stjórnendur flugfélagsins hafa meðal annars rætt við forsvarsmenn stóru bankanna þriggja – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans – um mögulega aðkomu þeirra að fjármögnun flugfélagsins.



**Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air.**

Rekstrarumhverfi WOW air hefur versnað til muna undanfarna mánuði, einkum vegna mikillar samkeppni og hækkandi olíuverðs, en til marks um það spá greinendur Pareto því að flugfélagið skili 3,3 milljarða króna tapi í ár. Ekkert lát er á hækkun olíuverðs, en olíukostnaður er næststærsti kostnaðarliður flugfélagsins, og nemur hækkunin yfir 20 prósentum það sem af er árinu.



**Fjármálaráðherra kynnti fjárlög næsta árs í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Bjarni ræddi bæði debet og kredit

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lagði fram nýtt fjárlagafrumvarp í vikunni. Í fjárlögunum er gefin heimild fyrir hinum ýmsu útgjöldum ríkisins til málaflokka á borð við menntamál og heilbrigðismál, svo nokkuð sé nefnt. Þá er fjallað um tekjur ríkisins. Þar er líka leitað heimilda til alls kyns annarra ráðstafana ríkisins með opinbert fé, meðal annars lántöku og heimilda til að sýsla með fasteignir.

**Í fjárlögum næsta árs ber hæst:**

1. Hækkun framlaga til heilbrigðismála milli ára nemur 12,6 milljörðum króna.
2. Persónuafsláttur hækkar um 500 krónur (umfram hækkun í samræmi við vísitölu neysluverðs), eða 1 prósent.
3. Olíugjald og sérstakt vörugjald af bensíni hækkar um 2,5 prósent.
4. Nefskattur til Ríkisútvarpsins hækkar um 2,5 prósent.

## Mads svaraði Hrönn loksins!

Mads Mikkelsen, danski stórleikarinn sem talar fimm tungumál og Íslendingar þekkja úr myndum á borð við Jagten (The Hunt) og Casino Royale, kemur til með að taka við heiðursverðlaunum kvikmyndahátíðarinnar RIFF í ár. Hátíðin fram fer dagana 27. september til 7. október. Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, hefur sent leikaranum bréf á hverju ári í þó nokkur ár og loksins þáði stórleikarinn boðið. Leikarinn dvaldi hér á landi í 22 daga við tökur á kvikmyndinni Arctic í fyrra og hefur greinilega líkað dvölin svo vel að hann stóðst ekki mátið að koma aftur til Íslands. Mads er menntaður ballettdansari og byrjaði að leika í kvikmyndum árið 1996.



**Mads Mikkelsen.**

## Kynntu áætlun í einu stærsta verkefni samtímans

**LOFTSLAGSMÁL** Ríkisstjórnin kynnti í vikunni aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til ársins 2030. Nokkuð hefur verið beðið eftir uppfærðri áætlun í loftslagsmálum, enda eru loftslagsbreytingar vafalaust eitt mikilvægasta verkefni samtímans.

Áætlun ríkisstjórnarinnar tekur til 34 aðgerða með tveimur megináherslum; að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og átaki í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki.

**6,8**

**milljörðum varið í loftslagsmál á næstu fimm árum.**

Aðgerðirnar gera ráð fyrir því að nýskráning bíla sem knúnir eru af jarðefnaeldsneyti verði bönnuð eftir árið 2030. Áætlunin gerir ráð fyrir því að 6,8 milljörðum króna verði varið í loftslagsmál á næstu fimm árum.

Viðbrögðin við aðgerðaáætluninni voru að mestu jákvæð, þó að örfáar en að venju háværar raddir efasemdafólks í loftslagsmálunum hafi látið á sér kræla.

Við blasir að aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar er aðeins fyrsta skrefið í langri vegferð Íslands í átt að markmiðum Parísarsamkomulagsins og endanlegu kolefnishlutleysi.

### SPURNING DAGSINS
**Hvað finnst þér um fjárlögin?**



**Elísabet Karlsdóttir,** *70 ára*
**Ragnar Guðmundsson,** *73 ára*

Ég er ekki ánægð. Mér finnst ekki gert nóg fyrir láglaunafólk og okkur eldri borgara. Hækkun persónuafsláttar er svo lítil.

Þetta að lækka auðlindaskatt og annað. Það er verið að lækka auðlegðarskatt og hátekjuskatt. Það á að setja alla þessa skatta á.



**Ingibjörg Eysteinsdóttir,** *70 ára*

Skelfilegt. Mér finnst vanta að huga að gamla fólkinu. Það er bara númer eitt.



**Þóra Guðný Gunnarsdóttir,** *64 ára*

Ég var voðalega ánægð þegar ég heyrði um persónuafsláttinn fyrir fólk sem er með minni tekjur en þegar ég heyrði að það væri bara 1%, sem dugar nú varla til að taka strætó í Kringluna, þá varð ég fyrir vonbrigðum. Ég er hins vegar ánægð með loftslagsmálin og vona að það gangi vel.



**Linda Björk Gunnarsdóttir,** *35 ára*

Ég hef ekki gefið mér neinn tíma til að melta eitt né neitt í þessum málum.

### SPURNING DAGSINS
**Hvað finnst þér um fjárlögin?**



**Friðrik Jónsson,** *63 ára*

Ég hef aðeins kynnt mér þetta en mér líst ekkert á þetta.



**Ragnhildur Þrastardóttir,** *21 árs*

Ég hef ekki náð að skoða þetta ítarlega en það sem sker í augun er þessi hækkun á persónuafslætti sem enginn almennilega skilur. Það er svona hinn almenni vinkill. Það mætti nýta þessar auka 2.000 kr. í eitthvað frábært, hjálpa öryrkjum og öldruðum eins og hefur verið kallað eftir. Þetta er slæmt fyrir ríkissjóð en lítið fyrir hinn almenna borgara. Svo er ég bókmenntafræðinemi og ég er ósátt við það að virðisaukaskattur á bókum verður ekki afnuminn, líkt og var lofað.



**Guðmundur Bjarkason,** *37 ára*

Ég hef voða lítið fylgst með en það eina sem ég veit er að það var hætt við að fella niður virðisaukaskatt á bókum og mér líst illa á það. Það eru vonbrigði.



**Hallberg Brynjar Guðmundsson,** *21 árs*

Hef litla skoðun. Ekkert sem heillar mig til að byrja með. Mér finnst 2.000 kr. hækkun á persónuafslætti ekki mikið.

# PIER

## FEGRUM STOFUNA



ALLT AÐ
**30%**
AFSLÁTTUR AF
SÓFUM



**ARAN sófi**
**48.930,-** ~~69.900,-~~



**MUNICH hilla**
**71.920,-** ~~89.900,-~~



**MUNICH skenkur**
**79.920,-** ~~99.900,-~~



**MUNICH sjónvarpsskenkur**
**79.920,-** ~~99.900,-~~



**GORDES hilla**
**47.920,-** ~~59.900,-~~

ALLT AÐ
**30%**
AFSLÁTTUR AF
STOFUHÚSGÖGNUM



**HELSINKI skenkur**
**34.930,-** ~~49.900,-~~

ALLT AÐ
**30%**
AFSLÁTTUR AF
HÆGINDASTÓLUM



**RUSSELL stóll**
**10.392,-** ~~12.900,-~~

## FRÁBÆR VIKUTILBOÐ!



**ADELINE skápur**
**75.000,-** ~~129.900,-~~



**ZWETTL skápur**
**90.000,-** ~~149.900,-~~



**ADELINE skenkur**
**60.000,-** ~~99.900,-~~

**www.pier.is**

**SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS**

Gildir 13. sept - 19. sept. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Rétti forsetinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þegar kemur að kosningum hefur þjóðin ekki alltaf verið fundvís á besta kostinn. Það var hún þó sannarlega þegar hún valdi Guðna Th. Jóhannesson forseta sinn. Þar gerði hún óneitanlega vel. Hann hefur margt merkilegt til málanna að leggja og áherslur hans einkennast af mannúð – og ekki veitir af í harðneskjulegum heimi.

Við þingsetningu á dögunum hélt forsetinn ræðu sem endurspeglar vel umhyggju hans fyrir fólki og hlýju í þess garð. Til hvers er fullveldi ef fólki líður illa? spurði forsetinn sem vill að sjónum sé í auknum mæli beint að lýðheilsu og forvörnum. Þannig, sagði hann, mætti auka heill og hamingju fólks og sennilega spara fé til lengri tíma. Vonandi hafa þingmenn meðtekið orð forsetans og vel færi á því að stjórnvöld settu áherslur hans ofarlega á blað. Þannig væri örugglega hægt að bjarga einhverjum mannslífum. Lífið, sem best væri að við litum á sem dýrmæta gjöf, getur orðið í huga of margra að ánauð og um leið líður fólki skelfilega illa. Þá er skylt að rétta fram hjálparhönd og það má ekki gerast of seint.

Forsetinn var í ræðu sinni að fjalla um hluti sem skipta máli, en vék einnig orðum að því sem litlu skiptir og varaði við því að staldrað væri um of við „álitamál sem falla svo með réttu í gleymskunnar dá“, eins og hann orðaði það. Hann vitnaði síðan í orð hins ástsæla Stefáns Karls Stefánssonar um mikilvægi þess að dusta vitleysuna í burtu.

Þessi orð áttu einkar vel við í þingsal þar sem mönnum er sérlega lagið að eyða tíma sínum í tilgangslaust karp. Stundum er eins og litið sé á það sem sjálfsagðan hluta af starfinu. Sem er fremur dapurlegt þegar haft er í huga hversu miklu þingmenn gætu raunverulega áorkað beindu þeir kröftum sínum alfarið að verkefnum sem skipta máli fyrir land og þjóð. Þeir mættu oftar íhuga skyldu sína gagnvart fólkinu í landinu og sameinast í góðum verkum fremur en að berja hver á öðrum.

Þetta var góð og áminnandi en um leið yfirlætislaus ræða frá forsetanum. Fleiri stjórnmálamenn en þingmenn Alþingis hefðu gott af að sitja undir slíkri ræðu og hvarflar þá hugurinn umsvifalaust til borgarfulltrúa Reykjavíkur. Forsetinn hefði örugglega margt uppbyggilegt við þá að segja.

Þjóðin veit að sérhlífni er ekki einkenni á forseta vorum því hann er duglegur að bregða sér af bæ og gengur í alls kyns verkefni og iðulega sýnir sig að hann er hinn besti mannasættir. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að hann mæti í Ráðhúsið og haldi þar litla en innihaldsríka tölu yfir borgarfulltrúum og bendi þeim á það að stöðugt karp er tímaeyðsla og að ekki sé til virðingar fallið að mæta pólitískum andstæðingum með skætingi. Skylda þeirra sé að takast á við þungvæg verkefni.

Hinn ágæti forseti lýðveldisins er þeirrar gerðar að honum fer vel að beina stjórnmálamönnum á rétta braut. Ekki er vanþörf á. Þeir gleyma of oft að þeir hafa skyldur gagnvart landsmönnum.

> **Hinn ágæti forseti lýðveldisins er þeirrar gerðar að honum fer vel að beina stjórnmálamönnum á rétta braut.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Skaðleysi RÚV**

**Stjórnendur einkarekinna fjölmiðla kættust í gær þegar mennta- og menningarmálaráðherra lagði loks frasakennt tal til hliðar og kynnti aðgerðir í þeirra þágu. Ríkið hyggst endurgreiða þeim hluta ritstjórnarkostnaðar og draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Stuðningsfólk RÚV getur þó andað léttar því áfram verður útvarpið vel fóðrað. Því eins og með okkar ær og kýr eru það okkar ær og kýr að borga undir ríkisfjölmiðilinn í Efstaleiti og því staðfesti Lilja líka að RÚV yrði einhvern veginn bættur skaðinn af minni þátttöku á auglýsingamarkaði. 4,7 milljarða fær RÚV á fjárlögum næsta árs. 4.700 milljónir.**

**Í auglýsingaspreng**

**Og talandi um auglýsingamarkaðinn því svo rækilega ryksugaði RÚV hann í kringum HM í sumar að samkeppnisaðilinn Stöð 2 mátti leita ýmissa nýjunga til fjáröflunar vegna ólæstrar útsendingar frá Þjóðadeildinni á þriðjudag. Smáblómið var vart byrjað að tilbiðja Guð sinn í lok íslenska þjóðsöngsins fyrir leik þegar Stöð 2 Sport henti inn auglýsingapakka. Annar eins auglýsingasprengur hefur ekki sést síðan RÚV sjálft setti þjóðfélagið á hliðina með Bakarameistaranum, sællar minningar.**

**mikael@frettabladid.is**

# Að gefa tjald



Árni Gunnarsson
formaður Rauða krossins í Reykjavík

Málefni heimilislausra á höfuðborgarsvæðinu hafa verið mjög til umræðu undanfarið. Allt of margir einstaklingar og fjölskyldur eru án fastrar búsetu og þurfa að leita sér skjóls í bráðabirgðahúsnæði og í neyðarathvörfum.

Rauði krossinn hefur undanfarin ár sinnt þeim hópi einstaklinga sem háðir eru vímuefnum og nota þau í æð, sá hópur leitar sér almennt ekki aðstoðar á hefðbundinn hátt og eru flestir þessara einstaklinga heimilislausir.

Ekið er á kvöldin um höfuðborgarsvæðið 6 daga vikunnar í sérútbúnum bíl sem nefnist Frú Ragnheiður. Bifreiðin er eingöngu mönnuð sjálfboðaliðum og eru 70 sjálfboðaliðar starfandi í verkefninu. Á hverri vakt eru fjórir sjálfboðaliðar, tveir þeirra eru heilbrigðisstarfsmenn og sinna þessir starfsmenn starfinu af fórnfýsi utan síns vinnutíma. Flestir af sjálfboðaliðunum hafa starfað við þetta verkefni yfir langan tíma. Markmiðið með starfinu er skaðaminnkun; að draga úr að meiri skaði og áhætta eigi sér stað.

Fjölmargir aðilar, bæði fyrirtæki og einstaklingar, veita þessu verkefni stuðning. Þekkt kaffihús í borginni gefur veitingar sem ekki náðist að selja yfir daginn, prjónahópar útbúa vettlinga, sokka og húfur sem dreift er í bifreiðinni og heildsalar gefa ávexti, kókómjólk og umbúðir svo eitthvað sé nefnt. Einnig gaf lyfjafyrirtæki verkefninu sýklalyf sem hefur gert það að verkum að hægt er að meðhöndla algengar sýkingar hjá hópnum með snemmtækum íhlutunum á vettvangi. Þannig er hægt að koma í veg fyrir kostnaðarsöm inngrip seinna meir í heilbrigðiskerfinu. Allt gerist þetta undir verndarvæng Rauða krossins sem er treyst bæði af skjólstæðingum og velunnurum.

Einn angi af starfinu undanfarið hefur verið að safna útilegubúnaði; tjöldum, svefnpokum, dýnum og tengdum búnaði sem endurspeglar húsnæðisvandann. Sinnt er bráðaþjónustu með því að útvega fólki skjól fyrir veðri og vindum. Að gefa tjald er algjört neyðarúrræði sem í raun ætti ekki að viðgangast í nútíma velferðarþjóðfélagi.

Rauði krossinn í Reykjavík biðlar til ríkisins, sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga sem vilja styðja þetta starf að láta í sér heyra því margt smátt gerir eitt stórt og betur má ef duga skal. Þessir mjög svo viðkvæmu skjólstæðingar þarfnast okkar allra.

> **Sinnt er bráðaþjónustu með því að útvega fólki skjól fyrir veðri og vindum. Að gefa tjald er algjört neyðarúrræði sem í raun ætti ekki að viðgangast í nútíma velferðarþjóðfélagi.**

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur




Mamma Veit Best
HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ísland tapar stigum

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Lýðræði á nú undir högg að sækja víða um heim, einnig í nálægum löndum þar sem sízt skyldi. Ógnin blasir við í Bandaríkjunum og einnig sums staðar í Evrópu. Þetta gerðist ekki í einu vetfangi heldur smám saman. Stjórnmálamenn og flokkar daðra nú sumir opinskátt við fasisma og dásama einræðisseggi. Sums staðar hafa slíkir menn og flokkar náð völdum, t.d. í Póllandi og Ungverjalandi. Annars staðar sækja þeir í sig veðrið í stjórnarandstöðu, jafnvel í Svíþjóð. Sagnfræðingar og stjórnmálafræðingar í Bandaríkjunum senda frá sér bók eftir bók til að vara fólk við. Hér eru fjórar slíkar frá 2014-2018:

- *Um harðstjórn* (Timothy Snyder í Yale-háskóla, *On Tyranny*)
- *Lýðræði í Bandaríkjunum?* (Benjamin Page í Northwestern-háskóla og Martin Gilens í Princeton-háskóla, *Democracy in America?*)
- *Hvernig lýðræðisríki líða undir lok* (Steven Levitsky og Daniel Ziblatt í Harvard-háskóla, *How Democracies Die*)
- *Fólkið andspænis lýðræðinu: Hvers vegna frelsi okkar er í hættu og hvernig við getum staðið vörð um það* (Yascha Mounk í Harvard-háskóla, *The People vs. Democracy: Why Our Freedom Is in Danger and How to Save It*).

### Finnar og Norðmenn með fullt hús stiga

Mörgum kann að bregða við vitnisburði framangreindra höfunda og annarra um hnignun lýðræðis í Bandaríkjunum sem margir hafa litið á sem forusturíki hins frjálsa heims. Skýrslur Freedom House í Bandaríkjunum, óháðrar stofnunar sem hefur fylgzt með lýðræði um allan heim og kortlagt það samfleytt frá 1972, sýna þó að þessi hnignun hefur átt sér aðdraganda. Frá aldamótum hefur Bandaríkin vantað talsvert upp á fullt hús stiga (100) á lýðræðiskvarða Freedom House þar eð talsvert skortir þar á óskoruð stjórnmála- og borgararéttindi. Frá 2010 til 2018 lækkaði lýðræðiseinkunn Bandaríkjanna úr 94 í 86 (Pólland fær 85). Noregur hefur alltaf fengið fullt hús stiga, 100, og einnig Finnland frá 2005. Svíar duttu niður í 99 stig 2014 og 2015 vegna óblíðrar meðferðar á flóttamönnum. Danir hafa nú 97 stig af sömu ástæðu og Hollendingar 99. Ástralía og Nýja-Sjáland hafa 98 stig þar eð frumbyggjar landanna þykja ekki búa við sömu réttindi og aðrir borgarar.

### Fimm ástæður

Ísland hafði fullt hús stiga hjá Freedom House 2004-2009 og datt af ótilgreindum ástæðum niður í 99 stig eftir hrun 2010-2012, fékk síðan aftur 100 stig 2013, 2014 og 2016 og hefur síðan þá fallið niður í 19. sæti listans með 95 stig. Þau hjá Freedom House tilgreina fimm ástæður þess að Ísland tapar stigum:

- Of náið samband stjórnmálamanna við ýmsa viðskiptahagsmuni.
- Ónógar varnir gegn spillingu.
- Ónógt gegnsæi (formaður Sjálfstæðisflokksins er nefndur sérstaklega í skýrslunni).
- Ónógt frelsi fjölmiðla (lögbannið gegn *Stundinni* er nefnt sérstaklega og formaður Sjálfstæðisflokksins einnig í því sambandi).
- Ill meðferð á flóttamönnum.

### Stjórnarskrá í salti

Til samanburðar hafa Finnland, Noregur og Svíþjóð 100 stig á lýðræðislista Freedom House. Holland og Kanada hafa 99 stig, Lúxemborg og Úrúgvæ 98 eins og Ástralía og Nýja-Sjáland. Danmörk, Portúgal og San Marínó hafa 97 stig, Andorra, Barbados, Írland, Japan og Sviss 96 og Belgía og Ísland 95.

Ætla má að Ísland færist lengra niður listann þegar þau hjá Freedom House kynnast Alþingi betur og komast að því að þingið hefur m.a. látið undir höfuð leggjast að rannsaka einkavæðingu bankanna og staðfesta nýju stjórnarskrána sem tveir þriðju hlutar kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem Alþingi hélt 2012. Fólkið í landinu þarf að vakna – aftur! – og taka í taumana.

# Nei – verktakar ráða ekki ferðinni



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

**Sannleikurinn er sá að hótelstoppið í Kvosinni er nokkurra ára gamalt. Sama er að segja um miklar skorður sem hafa verið reistar við byggingu hótela og stærri gististaða í íbúðarhverfum.**

Í leiðara Fréttablaðsins í síðustu viku sagði Kolbrún Bergþórsdóttir að meirihluti borgarstjórnar hefði svifið um í „hálfgerðu svefnástandi“ og gefið verktökum lausan tauminn. Það er fjarri sanni. Tilefni leiðarans virðist vera frétt um að borgaryfirvöld segi nú stopp við meiri uppbyggingu hótela í miðborginni. Kolbrún fagnar því en telur að stoppið sé of seint á ferðinni. Um það má deila en borgaryfirvöld hafa verið glaðvakandi undanfarin misseri.

Sannleikurinn er sá að hótelstoppið í Kvosinni er nokkurra ára gamalt. Sama er að segja um miklar skorður sem hafa verið reistar við byggingu hótela og stærri gististaða í íbúðarhverfum. Hvort tveggja hefur gert borgaryfirvöldum kleift að neita mörgum umsækjendum um hótelleyfi síðustu árin.

Ein nýjung í Aðalskipulagi Reykjavíkur, samþykkt 2014, er ákvæði sem takmarkar verulega rekstur hótela og stærri gististaða í íbúðarhverfum. Ári síðar var tillagan um kvóta á hóteluppbyggingu í Kvosinni samþykkt. Hótelstarfsemi má ekki vera á meira en 23 prósentum byggðra fermetra. Slík kvótasetning mun vera sjaldgæf í borgum en hún hefur haft tilætluð áhrif í Reykjavík. Hún kemur til að mynda í veg fyrir að hinu mikla húsnæði Landsbankans við Austurstræti og Hafnarstræti verði breytt í hótel þegar Landsbankinn flytur í nýjar höfuðstöðvar við Austurhöfnina.

Hótelkvótanum hefur verið mótmælt harðlega og lögmæti hans dregið í efa. En borgin hefur ekki gefið sig og bætt um betur. Nú er kominn sambærilegur kvóti við Laugaveg og Hverfisgötu. Stefna borgarinnar er að hóteluppbygging eigi sér stað austar í borginni.

Í byrjun þessa árs var svo samþykkt í borgarstjórn aðalskipulagsbreyting þannig að nú er lagt blátt bann við því að breyta íbúðar- eða skrifstofuhúsnæði í miðborginni í hótel. En auðvitað eru margir ferðamenn í miðborginni. Sem betur fer. Hún hefur að mínu mati sjaldan verið líflegri og skemmtilegri en nú.




BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516


VW Caravelle T6
Highline 2.0 TDI
2016
Ekinn 114.000
5.990.000 KR


VW Golf VII
Comfortline 1.4 TGI
2017
Ekinn 21.000
2.990.000 KR

Raf / Bensín
Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif
Metan & bensín
Sjálfskiptur
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Nokkrir góðir inn í haustið

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is


VW Passat
Variant Highline 1.6 TDI
2015 3.890.000 KR
53


Audi A6 Limo
2.0 TDI 190Hö S-line
2015 ~~6.870.000~~ KR
TILBOÐ 5.980.000 KR
19


Audi Q7
Quattro 4.2 V8
2006 ~~2.490.000~~ KR
TILBOÐ 1.990.000 KR
119


Ford B-Max
Titanium 1.6 AT
2013 ~~1.940.000~~ KR
TILBOÐ 1.590.000 KR
22


VW Golf Variant
Trendline 1.4 TSI MT
2015 ~~2.490.000~~ KR
TILBOÐ 2.040.000 KR
48


Citroen C3
Picasso Seduction 1.6
2014 ~~1.590.000~~ KR
TILBOÐ 1.250.000 KR
43


Ford Focus
Edition STW 1.6 MT
2014 ~~1.650.000~~ KR
TILBOÐ 1.350.000 KR
93


VW Passat Alltrack
2.0 TDI 4motion 170hö
2012 ~~2.940.000~~ KR
TILBOÐ 2.640.000 KR
84


Opel Astra
Cosmo
2016 ~~2.190.000~~ KR
TILBOÐ 1.690.000 KR
35

Volkswagen
ŠKODA
MITSUBISHI MOTORS

HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040




# Heilbrigðiskerfi þar sem ríkir heildarsýn



**Svandís Svavarsdóttir**
heilbrigðisráðherra

**Endurskoðun rammasamninga við sérfræðilækna mun einmitt taka mið af þessum athugasemdum. Við þurfum að fara úr brotakenndu kerfi, þar sem tilviljun ein ræður því hvaða þjónusta er veitt hvar og af hverjum, og yfir í kerfi þar sem heildarsýn ríkir.**

Íslenska heilbrigðiskerfið hefur í alltof langan tíma einkennst af skorti á yfirsýn. Sá skortur á yfirsýn er hvorki góður fyrir sjúklingana né samfélagið í heild, og leiðir af sér of mikla þjónustu á sumum sviðum og biðlista á öðrum stöðum.

Móta þarf stefnu fyrir heilbrigðiskerfið allt. Ábendingar þess efnis komu meðal annars fram í skýrslu McKinsey frá árinu 2016 (Lykill að fullnýtingu tækifæra Landspítalans) og í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í febrúar 2018 (Sjúkratryggingar Íslands sem kaupandi heilbrigðisþjónustu frá febrúar), auk þess sem gerð heilbrigðisstefnu felur í sér viðbrögð við ákalli samfélagsins um skýra heildarsýn í heilbrigðismálum.

Með gerð heilbrigðisstefnu svörum við spurningum á borð við þær hvernig heilbrigðiskerfi við viljum að í boði sé á Íslandi, hverjir veiti þjónustu, hvenær og hvar og hvaða gildi við viljum að heilbrigðiskerfið okkar endurspegli. Hingað til hefur þessum spurningum verið ósvarað, og kerfið þar af leiðandi verið brotakennt. Nú er unnið að gerð heilbrigðisstefnu innan velferðarráðuneytisins, sem ég hyggst leggja fyrir Alþingi á komandi vetri.

Brátt líður að endalokum gildistíma rammasamninga Sjúkratrygginga Íslands um kaup á þjónustu sérgreinalækna utan sjúkrahúsa, en rammasamningurinn gildir til 31. desember 2018. Vinna við endurskoðun samninganna stendur nú yfir innan velferðarráðuneytisins. Í þeirri vinnu skiptir heildarsýnin meginmáli, líkt og við gerð heilbrigðisstefnu.

Í fyrrnefndri McKinsey-skýrslu kemur einmitt fram að skilgreina þurfi hlutverk ólíkra veitenda heilbrigðisþjónustu og í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir meðal annars að velferðarráðuneyti þurfi að marka heildstæða stefnu um heilbrigðisþjónustu sem Sjúkratryggingar Íslands geta byggt á við samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu. Ákveða þurfi hvaða þjónustu heilbrigðisstofnanir ríkisins eiga að veita og hvaða þjónustu eigi að kaupa af öðrum aðilum og í hvaða magni.

Endurskoðun rammasamninga við sérfræðilækna mun einmitt taka mið af þessum athugasemdum. Við þurfum að fara úr brotakenndu kerfi, þar sem tilviljun ein ræður því hvaða þjónusta er veitt hvar og af hverjum, og yfir í kerfi þar sem heildarsýn ríkir. Með því að skýra samninga um kaup á heilbrigðisþjónustu gegnum SÍ og gæta þess að markmið samninganna, árangur þeirra og gæðakröfur séu öllum ljós, og kveða á um það hvaða þjónustu skuli veita og hvar skuli inna hana af hendi nálgumst við heildstæðara kerfi og markvissari og betri þjónustu fyrir alla, þar sem aðgengi að heilbrigðisþjónustu er jafnt; óháð efnahag og búsetu.

# Hvert stefnir Reykjavík?



**Eyþór Arnalds**
borgarfulltrúi

**Ekki er að finna nein markmið um skuldalækkun. Eða markmið um hagræðingu. Engin markmið eru um skilvirkari stjórnsýslu.**

Margir bundu þær vonir við Viðreisn að hugað yrði að þörfum atvinnulífsins í borginni. Mörg fyrirtæki sligast undan háum fasteignasköttum sem hafa hækkað mikið. Lofað er lækkun um 0,05% en bara í lok kjörtímabilsins. Gagnast fólki kannski á næsta kjörtímabili en þangað til hækkar fasteignamat og húsaleiga. Fáir möguleikar eru fyrir stofnanir og fyrirtæki á að fá lóðir í Reykjavík. Íslandsbanki fór í Kópavog. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu fór í Kópavog. WOW er að fara í Kópavog.

Skiptir þetta máli? Já. Í fyrsta lagi missum við störf annað og veikjum þar með borgina sem búsetukost. Í öðru lagi missir borgin tekjur. Í þriðja lagi eykur þetta enn á samgönguvandann sem er í eðli sínu skipulagsvandi. Við lögðum til að Keldnalandið yrði skipulagt fyrir stofnanir og fyrirtæki. Þannig getum við endurheimt samkeppnishæfni borgarinnar í atvinnumálum sem hefur hrakað á síðustu árum. Ekkert slíkt er að finna í stefnu þeirra flokka sem nú fara með völd.

## Það sem vantar

Það er ekki bara að helsta kosningaloforð Samfylkingarinnar „Miklabraut í stokk“ hafi horfið. Lítið er að finna um áherslur Viðreisnar í skólamálum, en fyrir kosningar var þessu lofað: „Við ætlum að draga úr miðstýringu og auka faglegt frelsi grunnskólakennara til að gera tilraunir með ólík kennsluform.“ Nú er sagt: „Megináhersla verður lögð á borgarreknar menntastofnanir.“ Ekki er að sjá að auka eigi faglegt frelsi og styrkja sjálfstæða skóla. Ekki er að finna nein markmið um skuldalækkun. Eða markmið um hagræðingu. Engin markmið eru um skilvirkari stjórnsýslu. Hvað þá um árangur í skólamálum. Markmið í ferðatíma og um minnkun tafatíma finnast ekki. Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðum fram tillögu um að loftgæði fari ekki yfir heilsufarsmörk. Það var samþykkt sem markmið. Við munum áfram stunda málefnalega baráttu fyrir bættri borg og benda á ágalla. Koma með málefnalegar tillögur til lausna. Það er okkar hlutverk.

# Fólk

FIMMTUDAGUR 13. SEPTEMBER 2018

Tíska



**Söngvarinn geðþekki Niall Horan fagnar tuttugu og fimm ára afmæli í dag. Hann þykir finn í tauinu og klæðist frekar jakkafötum en rifnum gallabuxum og leðri.**

→4



## Boltinn rúllar

Fatahönnuðurinn Arnar Már Jónsson býr og starfar í London þar sem hann byggir upp nýlegt fatamerki sitt. Íslenskt veðurfar setur mikið mark sitt á hönnun hans. →2

„Þar sem ég er frá Íslandi þá er veðurfarið stór partur af því sem við hönnum,“ segir Arnar Már Jónsson fatahönnuður. MYND/EYÞÓR



ERTU KLÁR Í VETURINN?

*Afmælisgleði*

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsíðu ➜



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Undanfarið ár hefur verið annasamt hjá Arnari Má Jónssyni fatahönnuði. Hann útskrifaðist sumarið 2017 úr mastersnámi frá Royal College of Art í London, sem er talinn einn besti listaháskóli í heimi, og hefur verið búsettur í borginni síðan 2013 ásamt unnustu sinni, Fanneyju Önnu Ómarsdóttur. Í London hefur hann sett á fót eigið stúdíó þar sem hann vinnur að ólíkum verkefnum fyrir ýmis fatamerki og hönnuði en mestur tími fer í að hanna flíkur fyrir eigið fatamerki sem ber heitið Arnar Mar Jonsson.

Framtíðin var óráðin eftir útskrift síðasta sumar en fljótlega var honum og öðrum úrskriftarnemum boðið að taka þátt í samstarfsverkefni tískutímaritsins 1 Granary og tískuverslunarinnar Machine-a. „Verkefnið sneri að innsetningu á CIFF (Copenhagen International Fashion Fair) sem Stavroz Karelis stjórnaði. Hlutverk mitt og félaga míns, Luke Stevens, sneri að því að selja fyrstu fatalínuna okkar. Þátttaka í verkefninu hjálpaði okkur mikið við að kynna okkur og taka næstu skref og er ég mjög þakklátur fyrir þetta tækifæri. Síðan þá hefur boltinn bara rúllað.“

## Veðurfarið hefur áhrif

Luke Stevens útskrifaðist úr sama námi og Arnar Már en ári fyrr og vinna þeir í sameiningu að uppbyggingu fatamerkisins. „Þar sem ég er frá frá Íslandi þá er veðurfarið stór partur af því sem við hönnum. Þess vegna vinnum við mikið með nýstárleg efni sem eru extra teygjanleg og vatnsheld en hafa um leið sömu eiginleika og náttúruleg efni. Með hönnun okkar viljum við ýta karlmannafatnaði á nýja staði og búa til vörur sem okkur finnst ekki vera til á markaðinum í dag. En í grunninn erum við fyrst og fremst að hanna fatnað fyrir okkur sjálfa og vini okkar. Þetta samfellda samtal á milli hönnuðar, notanda, fatnaðar, sníðagerðar, virkni og tilgangs gerir okkur kleift að hanna það sem okkur finnst vera nauðsyn, frekar en að hanna eitthvað nýtt. Þetta finnst okkur vanta í tísku í dag.“



„Við vinnum náið með verslunum sem selja fötin okkar og eigum í stanslausu samtali um vöru okkar og staðsetningu vörumerkisins,“ segir Arnar Már Jónsson fatahönnuður. MYND/EYÞÓR

**Með hönnun okkar viljum við ýta karlmannafatnaði á nýja staði og búa til vörur sem okkur finnst ekki vera til á markaðinum í dag.**







Nokkur sýnishorn af vor- og sumartísku næsta árs hjá Arnari Má og félaga hans. Línan verður seld í nokkrum löndum.

## Vaxa hægt og rólega

Haust- og vetrarlína þeirra fæst í Machine-a í London og L'echoppe í Japan en vor- og sumarlínan, sem kemur í verslanir í janúar, verður seld í fleiri löndum. „Við vinnum náið með verslunum sem selja fötin okkar og eigum í stanslausu samtali um vöru okkar og staðsetningu vörumerkisins. Við reynum að byggja vörumerkið upp hægt og seljum vörurnar ekki í of mörgum búðum þar sem það er svo margt sem við þurfum að bæta í framleiðsluferlinu.“

## Kann vel við sig í London

Arnar Már segist kunna vel við sig í stórborginni. „Ég starfaði hér sem lærlingur öll sumur meðan ég var í Listaháskólanum en flutti hingað með kærustunni 2013 þannig London er heimili okkar. Það er nóg um að vera hér og við reynum að nýta okkur það þegar við erum ekki að vinna, t.d. sækja tónleika, sýningar og markaði. Það er alltaf eitthvað um að vera hér en svo er líka gaman að heimsækja staði sem maður fer vanalega ekki á og leyfa borginni að koma sér á óvart.“







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

29.980 kr.



30.980 kr.





29.980 kr.



32.980 kr.



25.980 kr.



27.980 kr.



25.980 kr.



29.980 kr.

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

NeroGiardini
MADE IN ITALY

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*
SVÍNAKJÖT MEÐ TOFANSÓSU
KJÚKLINGUR MEÐ SATAYSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMET
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
*tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is



Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00



KINAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

CHERRY BERRY
BUXUR





gallabuxur
2 litir, blátt, svart
4 litir, vínrautt, svart,
dökkblátt, grænt
Kr. 4.990.-
Str. 2-9 ( 38/40-52)
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

LÍFIÐ ER Á
FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um
fólk, menningu, tísku, heilsu
og margt fleira.
Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook







# Jakkafataklæddi popparinn

Söngvarinn geðþekki Niall Horan fagnar tuttugu og fimm ára afmæli í dag. Hann þykir fínn í tauinu og klæðist frekar jakkafötum en rifnum gallabuxum og leðri.

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Niall Horan, eða Njáll eins hann heitir upp á íslensku, er þekktastur fyrir að vera í bresk-írsku hljómsveitinni One Direction. Hljómsveitin var stofnuð í London árið 2010 og gerði samning við útgáfufyrirtæki Simons Cowell eftir að hafa landað þriðja sætinu í breska X-Factor. One Direction sló rækilega í gegn þegar fyrsta platan, Up All Night, kom út í árslok 2011. Hún vakti strax mikla athygli og fyrsta smáskífan, What Makes You Beautiful, þaut upp vinsældalista um heim allan. Platan komst í toppsæti bandaríska Billboard 200 listans og sá árangur kom sveitinni í Heimsmetabók Guinness en bresk hljómsveit hafði ekki náð slíkum árangri áður.

Undanfarin tvö ár hefur Niall einbeitt sér að sólóferlinum, sem hefur gengið mjög vel. hann syngur gjarnan hugljúfar ballöður í bland við létt popp. Fyrsta sólóplatan hans, Flicker, kom út í fyrra og náði á topp vinsældalista í tuttugu löndum, svo sem Írlandi og Bandaríkjunum. Lögin This Town, Slow Hands og On the Loose náðu miklum vinsældum. Niall þykir vera undir áhrifum frá Frank Sinatra og Dean Martin en í uppvextinum hlustaði Niall mikið á tónlist þeirra. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika og í sumar söng hann dúett með Taylor Swift frammi fyrir þúsundum áhorfenda.

Niall þykir hafa klassískan fatastíl og sést oftast í jakkafötum á rauða dreglinum. Þegar hann er á sviði verða hins vegar gallabuxur og bolir helst fyrir valinu.



Undanfarin tvö ár hefur Niall einbeitt sér að sólóferlinum, og gengið vel.


SHIMANO
RolfPRIMA
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
RFR.
Tacx
Wilier TRIESTINA
*Uppbyggingin er hafin
STAGES CYCLING
*Blue Matic: 23.990kr
*Vortex Smart: 65.990kr
*Fjallahjól
*Cyclocross
*Rafmagnshjól
CUBE FORPÖNTUN 2019 - WWW.TRI.IS
- Við bjóðum 15% afslátt af öllum forpöntuðum CUBE reiðhjólum -
LOUISGARNEAU
ParkTool
Tacx
STAGES
#becube
#triverslun
DT SWISS
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
CASTELLI kemur í október!
CASTELLI kemur í október!
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00




# Hrifin af blómamynstri

**Leikkonan Rose Byrne leikur í gamanmyndinni Juliet, naked sem frumsýnd verður hér á landi síðar í mánuðinum. Byrne hóf ferilinn á dramatískum hlutverkum en hefur fært sig yfir í gamanleikinn með góðum árangri.**

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@frettabladid.is



Rose Byrne er 39 ára áströlsk leikkona. Hún hóf ferilinn snemma, lék aðeins 13 ára gömul í myndinni Dallas Dolls. Fyrsta stóra hlutverkið fékk hún 1999 þegar hún lék á móti Heath Ledger heitnum í Two Hands. Ferillinn hefur legið upp á við síðan en hún var þekkt fyrir fremur alvarleg hlutverk líkt og Ellen Parsons í lögfræðidramanu Damages.

Hún kom því mörgum á óvart þegar hún lék hina óborganlegu Helen í gamanmyndinni Bridesmaids.

Hún þykir jafnvíg bæði á dramatískan leik og gamanleik og nýtir sér það í vali á verkefnum. Byrne er lítið fyrir að láta á sér bera og nýtur þess að eiga rólegar stundir á heimili sínu í New York sem hún deilir með unnusta sínum, leikaranum Bobby Cannavale, og tveimur sonum þeirra. Hún neyðist þó til að standa fyrir framan ljósmyndara þegar hún kynnir nýjustu myndir sínar en að undanförnu hefur hún kynnt mynd sína, dramatísku gamanmyndina, Juliet, naked þar sem hún leikur á móti Ethan Hawke og Chris O'Dowd. Hún er sérlega hrifin af blómamynstri eins og sést á myndunum sem hér fylgja.

## LEIÐSÖGUNÁM

### VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.

**Helstu námsgreinar:**

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

**Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.**

**Umsögn:** Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og virðingu sem okkur ber að sýna í því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.

**Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.**



Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

OPIÐ 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




My Style tískuhús

Stærðir 38-52

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464




skoðið laxdal.is/yfirhafnir

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# LAGERSALA

## aðeins í 3 daga!

**fimm. 13/9, föstud. 14/9 og laugard. 15/9**

**Opið er frá 10-18 nema laugard. 10-16**

verðlistinn Suðurlandsbraut 30 - s. 553 3755

# Heimili og skóli
## landssamtök foreldra

FIMMTUDAGUR 13. SEPTEMBER 2018

# Krakkar, snjalltæki og netið

Sölvi Hrafn Pétursson, Viðar Darri Egilsson og Embla Rún Pétursdóttir segja netið hafa marga kosti og gott að nota snjalltæki í skólanum. Þau eru sammála um að foreldrar eigi að leiðbeina börnum sínum en ekki setja strangar reglur um netnotkun. →2




Sölvi, Embla og Viðar. MYND/VALLI

# Við gerum þetta saman



Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla.

Þann 17. september nk. verða liðin 26 ár frá því að landssamtökin Heimili og skóli voru stofnuð fyrir tilstuðlan framsýnna foreldra úr SAMFOK, samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Framan af var markmið Heimilis og skóla að huga að hagsmunamálum foreldra grunnskólanema en í dag þjóna samtökin foreldrum barna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá stofnun samtakanna en með nýjum menntalögum frá árinu 2008 varð skylda að hafa skólaráð í grunnskólum og foreldraráð í leik- og framhaldsskólum. Margt af því sem áunnist hefur kann foreldrum að þykja sjálfsagt í dag, eins og einsetinn skóli, skólamáltíðir og frístundaheimili. Það sama mun eflaust eiga við um gjaldfrjáls skólagögn þegar frá líður.

Heimili og skóli eru frjáls félagasamtök sem starfa á landsvísu. Hlutverk samtakanna er fyrst og fremst að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu, veita þeim stuðning til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu og hlúa að velferð barna og vellíðan.

## Okkur er fátt óviðkomandi

Heimili og skóli sinna fjölþættri þjónustu við foreldra skólabarna á öllu landinu, m.a. samkvæmt samstarfssamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Mikilvægur þáttur í starfi samtakanna felst í forvörnum og fræðslu sem og ráðgjöf og upplýsingagjöf en segja má að fátt sé okkur óviðkomandi er snýr að samstarfi heimilis og skóla. Öflugt samstarf er lykill að farsælu skólastarfi og leggur grunn að mikilvægu forvarnastarfi.

## Svæðasamtök foreldrafélaga

Styrkur landssamtakanna liggur í svæðasamtökum en víða um land hefur verið stofnað til samstarfs meðal foreldrafélaga innan sveitarfélaga og á stærri landsvæðum með það að markmiði að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka. Stjórn Heimilis og skóla fundar með fulltrúum svæðasamtaka tvisvar á ári þar sem markmiðið er að huga að eflingu foreldrastarfs, ræða skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna.

Í dag er hafin vinna við mótun menntastefnu Íslands til ársins 2030 en á þeim umræðufundum sem verða um allt land á næstu vikum og mánuðum munu foreldrar eiga sinn fulltrúa. Mikilvægt er að við foreldrar tökum þátt í þeirri umræðu og höfum áhrif.

## Alþjóðlegt samstarf

Heimili og skóli hafa á liðnum árum tekið þátt í Evrópusamstarfi í gegnum SAFT-verkefnið (Samfélag, fjölskylda, tækni) og haldið utan um vakningarátak um örugga netnotkun frá árinu 2004. Ráðgjöf tengd SAFT hefur verið vaxandi þáttur í starfi landssamtakanna og töluverð eftirspurn eftir námskeiðum og fræðslu fyrir bæði nemendur, skóla og foreldrafélög. Einnig höfum við hjá Heimili og skóla átt í samstarfi við systursamtök okkar á Norðurlöndum á vettvangi NOKO – Nordisk Komitté. Að lokinni NOKO-ráðstefnu í Noregi um næstu helgi mun það koma í okkar hlut að leiða starf samtakanna næstu tvö árin.

## Foreldrasamstarf er forvarnarstarf

Að undanförnu hafa erlendar þjóðir horft til þess mikilvæga árangurs sem við Íslendingar höfum náð á sviði forvarna. Á tíunda áratug síðustu aldar var áfengis- og vímuefnaneysla ungmenna vaxandi vandamál. Þá var mörkuð ný stefna sem kölluð hefur verið hið íslenska módel og byggir á samspili rannsókna og stefnumótunar með aðkomu rannsókna- og fræðasamfélagsins, stjórnvalda, foreldra, skóla og nærsamfélags. Fjölmiðlar víðs vegar að úr heiminum hafa heimsótt Heimili og skóla til að fræðast um árangurinn og hlutdeild foreldra í honum. Nýlegar vísbendingar sýna okkur hins vegar að við megum hvergi gefa eftir ef viðhalda á árangrinum.

## Hagsmunir og vellíðan barna að leiðarljósi

Nýlega var framhaldsskólinn styttur í þrjú ár en á sama tíma hefur kvíði meðal ungmenna aukist, brotthvarf úr framhaldsskólum er meira hér en annars staðar og ungmenni hætta þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi vegna álags og tímaskorts. Vaxandi vanlíðan ungmenna er mikið áhyggjuefni. Við þurfum að skoða þessi mál heildstætt með hagsmuni og vellíðan barna í huga og spyrja okkur á hvaða vegferð við erum. Hlúa þarf betur að innviðum samfélagsins og gefa foreldrum og börnum tíma og tækifæri til aukinnar samveru. Samfélagsbreytingar, ný viðfangsefni og áskoranir krefjast þess.

Foreldrasamstarf er í eðli sínu forvarnarstarf. Það að foreldrar þekkist og geti átt uppbyggileg samskipti við aðra foreldra í bekk barnsins út skólagönguna hefur jákvæð áhrif á skólastarf og líðan barnanna okkar sem hlýtur að vera markmið okkar allra.

**Starfsfólk Heimilis og skóla**

**Hrefna Sigurjónsdóttir** framkvæmdastjóri
**Guðberg K. Jónsson** verkefnastjóri SAFT
**Bryndís Jónsdóttir** verkefnastjóri

**Stjórn Heimilis og skóla**

**Sigrún Edda Eðvarðsdóttir** formaður

**Þröstur Jónasson** varaformaður

**Inga Dóra Ragnarsdóttir**
**Eydís Heiða Njarðardóttir**
**Kristjana Þórey Guðmundsdóttir**
**Sigríður Arndís Jóhannsdóttir**
**Þorvar Hafsteinsson**




Viðar Darri Egilsson er í 7. bekk í Vatnsendaskóla.

## Skemmtilegt að forrita



*Hvað er skemmtilegast að gera í snjalltækjum?* Horfa á YouTube-myndbönd. Mér finnst skemmtilegast að horfa á fólk spila leiki eins og Minecraft eða Fortnite.

*Hvað þarf að varast?* Ekki segja neinum lykilorðið sitt og ekki tala við ókunnuga.

*Hvernig er best að kenna krökkum að umgangast netið og snjalltæki?* Með því að tala saman og segja þeim frá því sem er hættulegt og sýna þeim hvað er skemmtilegt.

*Þurfa að vera einhverjar reglur/viðmið?* Já, því að það getur verið óhollt fyrir krakka að vera of lengi í tölvunni, þeir geta orðið leiðinlegir og pirraðir. Svo getur verið hættulegt að tala við ókunnuga og það er alls konar ógeð á netinu, t.d. getur maður lært fullt af ljótum orðum og séð ógeðslegar myndir.

*Hvernig geta fullorðnir hjálpað krökkum varðandi umgengni við tölvur?* T.d. að þau megi ekki vera of lengi í tölvunni í einu, banni þeim að fara í tölvuna án leyfis og svo er gott að hafa tölvulausa daga. En ef það eru tölvulausir dagar þurfa foreldrar að gera eitthvað með þeim svo þeim leiðist ekki.

*Spjallar þú við fullorðna um tölvuleiki?* Ég vil helst tala við vini mína um tölvuleiki og stundum segi ég þeim frá einhverju fyndnu sem ég hef séð á YouTube. Ég tala ekki mikið við fullorðna um tölvuleiki og netið nema þegar mamma og pabbi tala um reglur við mig.

*Er tæknin af hinu góða?* Já, því það er hægt að gera svo margt skemmtilegt, t.d. tala við systur mína sem býr í útlöndum og spila tölvuleiki. En það getur samt verið leiðinlegt þegar allir hanga í símanum eða spjaldtölvunni og eru þá ekki að leika eða tala saman.

*Viltu nota snjalltæki í skólum?* Já, það er mjög gott að nota spjaldtölvur til að læra, við fáum spjaldtölvu í skólanum og notum hana mjög mikið. En ég veit að ég skrifa frekar illa af því að ég er vanur að nota tölvu.

*Hvaða áherslur ættu skólarnir að hafa varðandi tæknina?* Mér finnst gaman að gera allt í tölvu en skemmtilegast er að forrita.

*Einhver skilaboð til fullorðinna?* Ég myndi vilja að fullorðnir væru ekki svona mikið í símanum og krakkarnir ekki svona mikið í tækjum því stundum nenna þeir ekki neinu öðru.

Embla Rún Pétursdóttir er í 8. bekk í Vatnsendaskóla.

## Að eilífu á netinu



*Hvað er skemmtilegast að gera í snjalltækjum og netinu í dag ?* Horfa á Friends og spila Home Design leik.

*Hvernig er best að kenna krökkum að umgangast netið og snjalltæki?* Með því að fá leiðbeiningar frá foreldrum og kennurum, með því að tala um hvað er hættulegt og t.d. hvað er einelti.

*Hverjir geta best kennt krökkum hvernig gott er að umgangast netið?* Fullorðnir, af því að við hlustum öðruvísi þegar fullorðnir eru að tala, maður tekur það alvarlega. Fullorðnir hafa reynslu til að miðla og annað sjónarhorn.

*Hvað þurfa fullorðnir að vita um netið?* Að allt sem maður setur á netið er þar að eilífu og að það eru t.d. barnaníðingar sem reyna að nýta sér sakleysi barna og unglinga.

*Er eitthvað sem fullorðnir skilja ekki varðandi hvernig krakkar nota netið/snjalltæki?* Já, stundum. Foreldrar halda oft að maður sé BARA að horfa en oft er ég að læra eða lesa eitthvað áhugavert sem er fræðandi.

*Hvernig geta fullorðnir hjálpað?* Með því að leiðbeina og setja reglur.

*Hvaða reglur eiga fullorðnir að setja?* Hversu mikið maður notar netið, en helst ekki að setja reglur heldur frekar leiðbeina og segja og sýna krökkum dæmi um það hvað það er sem getur gerst, svo maður viti og sjái sjálfur í hverju hættan felst.

*Er gott að gera samning um hvernig maður notar tækin eða hafa reglur?* Nei, það er svo erfitt að hafa eitt sem gengur yfir alla, en það er gott að hafa reglur til viðmiðunar.

*Er tæknin af hinu góða?* Bæði já og nei. Hún getur hjálpað til í vísindum og hjálparstarfi en á móti er mannfólkið hætt að tala eins mikið saman og áður og margir orðnir helteknir af tækninni.

*Hvaða áherslur ættu skólarnir að hafa í upplýsingatækni?* Mér finnst að allt námsefni ætti að vera rafrænt, það er umhverfisvænna.

*Einhver skilaboð til fullorðinna?* Foreldrar, hlustið á börnin ykkar en ekki reyna að stjórna þeim, leiðbeinið því annars lærir maður ekkert á því sem verið er að segja. Sama á við um kennara og aðra.

Sölvi Hrafn Pétursson er í 7. bekk í Vatnsendaskóla

## Upplýsingatæknin léttir skólatöskuna



*Hvað er skemmtilegast að gera í snjalltækjum?* Fyrir utan að spila Minecraft og horfa á YouTube-myndbönd af Minecraft finnst mér gaman að horfa á King of Random og stundum Friends.

*Hvað þarf að varast á netinu?* Hvað maður skrifar, hvað maður segir og horfir á. Ef maður tekur t.d. mynd og sendir eitthvert þá er hún þar alltaf að eilífu.

*Hverjir geta best kennt krökkum á snjalltæki og netið?* Fullorðnir, því að þeir vita meira um hætturnar.

*Hvað þurfa fullorðnir að vita um netið?* Hvað má og hvað má ekki.

*Er eitthvað sem fullorðnir skilja ekki varðandi hvernig krakkar nota netið/snjalltæki?* Kannski þegar maður er að læra að gera eitthvað í einhverjum leik og er að horfa á myndböndum þá halda foreldrar að maður sé bara að glápa á einhvern spila.

*Þurfa að vera einhverjar reglur/viðmið?* Já.

*Er gott að gera samning um hvernig tækin eru notuð og hafa reglur?* Nei, mér finnst þess ekki þurfa.

*Viljið þið spjalla við fullorðna um tölvuleiki, netið eða snjalltæki?* Já, ég væri til í það, mér finnst gaman að tala um tölvuleiki.

*Er tæknin af hinu góða?* Já, tæknin hjálpar með svo margt eins og t.d. getur maður sett allt inn á Google Translate og skilur þá næstum hvað sem er.

*Vilt þú nota snjalltæki í skólum?* Já, það er miklu þægilegra.

*Hvaða áherslur ættu skólarnir að hafa í upplýsingatækni? Hvað ættu þeir að kenna?* Allt, þá er maður ekki með eins þunga skólatösku.

*Er hægt að nota snjalltæki í öllu námi?* Já, maður þarf bara að finna leiðina.

*Finnst þér að það ætti að vera meira á íslensku í tækjunum og skiptir máli að nota íslensku þegar unnið er með nýja tækni?* Já og nei, finnst bæði betra.

*Einhver skilaboð til fullorðinna, foreldra og kennara?* Lesið allt sem ég er búinn að svara hér og gerið það.

Útgefandi: Heimili og skóli, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.
www.heimiliogskoli.is, www.saft.is, heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

# Foreldrastarf gjöf til barna


Hans Liljendal Karlsson og Marta Sigurjónsdóttir. MYND/EYÞÓR

## Marta Sigurjónsdóttir, foreldri í Hörðuvallaskóla og Hans Liljendal Karlsson, foreldri í Foldaskóla, hafa lengi verið virk í foreldrastarfi. Þau segja launin koma ánægjulega á óvart.

Ég tók að mér foreldrastarf vegna þess að ég vildi kynnast fólkinu sem starfar með börnunum mínum í skólanum," segir Marta Sigurjónsdóttir, tveggja barna móðir, stjórnarmaður í Íþróttafélaginu Gerplu og formaður foreldrafélags Hörðuvallaskóla síðan 2008.

Marta er komin til samfundar við Hans Liljendal Karlsson, þriggja barna föður sem hefur verið virkur í foreldrastarfi síðan 2010. Fyrst í Húsaskóla þar sem hann var formaður foreldrafélagsins í fjögur ár en nú er Hans í skólaráði Foldaskóla og formaður barna- og unglingastarfs hjá handknattleiksdeild Fjölnis.

„Ég lenti óvænt í foreldrastarfi þegar strákurinn minn hóf nám í 1. bekk og hnippt var í mig að gerast bekkjarfulltrúi á kantinum. Ég sló til og fannst strax gaman að tengjast öðrum foreldrum og fólki með ólíkar skoðanir. Mér þótti líka skemmtileg áskorun að hægt væri að nálgast verkefni foreldrastarfsins með mismunandi hætti," segir Hans sem í kjölfarið sóttist eftir enn frekari störfum fyrir foreldrafélagið. „Ég fylltist löngun til að hafa enn meiri áhrif á skólastarfið og varð sérstaklega áhugasamur um að tengja saman skóla og unglingastarf. Því hef ég unnið ötullega að því að vekja áhuga hjá öðrum foreldrum og koma þeim á bragðið enda gefur foreldrastarfið svo ótal margt til baka. Maður fær allt aðra tenginu við hverfið sitt, hefur áhrif til góðs og kynnist íbúum þess, og bara með því að skreppa í Bónus verður maður þess áskynja hversu mikill hluti maður er orðinn af hverfinu, sem mér þykir virkilega gaman."

Marta tekur undir orð Hans. „Börnin mín segja ekki hægt að fara í búðina með mömmu því hún lendi alltaf á tali við hverfisbúana. Ég sé bara ótvíræða kosti þess. Það er gott að vera málkunnugur öðrum foreldrum í hverfinu og mynda gott tengslanet þeirra á milli, áður en hugsanleg vandamál koma upp."

### Börnum sýnt gott fordæmi

Marta og Hans eru ekki í vafa um gildi þess að sinna foreldrastarfi.

„Það gleymist að tala um hversu mikið maður fær til baka. Ávinningurinn er svo dýrmætur og þegar upp er staðið eignast maður meira í eigin hverfi. Tenging við aðra foreldra og íbúa hverfisins verður meiri, samhugur og velvilji, og það er gaman að sýna gott fordæmi á vinnustað barna og unglinga, og kenna börnum sínum að vera virk í samfélaginu. Ég sá það ekki fyrir þegar ég tók fyrst þátt í foreldrastarfinu en ég er gríðarlega þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessu ævintýri og held að mun fleiri sæktu í foreldrastarf ef þeir áttuðu sig á því hversu gefandi launin eru," segir Hans.

> **Börnum þykir traustvekjandi að foreldrar þeirra þekkist og geti talað saman.**
> Marta Sigurjónsdóttir

Marta segir misjafnt eftir árgöngum hversu viljugir foreldrar eru að sinna foreldrastarfi.

„Ég heyri stundum á foreldrum að það skipti ekki máli hvort þeir taki þátt í foreldrastarfi en það skiptir svo sannarlega máli og börnin alveg sérstaklega miklu. Þau vilja fá foreldra sína í foreldrastarf skólanna, þeim þykir það upphefð, gaman og traustvekjandi að foreldrar bekkjarsystkina þeirra þekkist og geti talað saman. Það er líka allt annað að nálgast foreldri ef maður kannast við viðkomandi og vitaskuld nauðsynlegt að foreldrar geti talað saman af skilningi og umhyggju fyrir börnunum, ásamt því að geta átt góðar samverustundir með nemendum og foreldrum þeirra í skólastarfinu."

### Kúnst að virkja fleiri foreldra

Marta og Hans segja útbreiddan misskilning að hlutverk bekkjarfulltrúa sé að vera skemmtanastjóri en mælst er til þess að halda minnst eitt bekkjarkvöld á hverri önn.

„Hlutverk bekkjarfulltrúa er að virkja aðra foreldra til að sinna mismunandi hlutverkum því hægt er að hafa áhrif á svo margan hátt," segir Hans. „Mér hálfbrá þegar ég uppgötvaði hvað gott foreldrastarf er þýðingarmikið. Svo mætti ég uppvíraður á kaffistofuna í vinnunni til að ræða þetta en hitti þá fyrir foreldra sem sögðu: „Ja, skólinn sér nú bara um þetta." Þá velti ég fyrir mér hvort við værum enn á steinöld því það er eins og þessi hugmyndafræði nútímans nái ekki til fjöldans."

Marta segir gott foreldrastarf ekki ná að þrífast nema að skólinn vinni með foreldrum og þeir séu velkomnir í skólann.

„Maður getur haft öfluga einstaklinga í liði með sér en ef skólinn vinnur ekki með þeim bitnar það á foreldra- og skólastarfinu. Allt er þetta mismunandi eftir skólum en í Hörðuvallaskóla höfum við átt einstakt samstarf við skólann sem gerir allt fyrir okkur."

Hans tekur undir orð Mörtu. „Í Húsaskóla var mjög virkt foreldrafélag starfandi þegar ég tók til starfa og allt sem sneri að skemmtanahaldi, verkaskiptingu og föstum viðburðum var eins og vel smurð vél. Kúnstin er að virkja fólk með sér og draga ekki vagninn einn. Þess vegna eru fastar hefðir mikilvægar og að nota nærsamfélagið með sér."

### Gott aðhald að skólastarfinu

Skóli án foreldrastarfs yrði mikil afturför, að mati Hans.

„Ég sé ekki skólann fyrir mér án foreldrastarfs. Tenging foreldra við skólastarfið er mikilvæg sem og aðhald þeirra að skólastarfinu. Að sinna foreldrastarfi eykur líka skilning manns á því hvernig grunnskólinn starfar í dag. Maður hafði ákveðna mynd í hausnum en hún er ekki lengur sú sama og þegar maður var sjálfur í grunnskóla," segir Hans.

Í foreldrastarfinu hjá Mörtu stendur upp úr að hafa kynnst frábæru fólki og eignast góða vini.

„Þeir sem fara í foreldrastarf af einskærri löngun munu njóta þess og hafa gaman af, enda einstaklega gefandi og skemmtilegt. Því tel ég hægt að ná öllum í foreldrastarf ef þeir bara sjá um hvað starfið snýst. Því miður eru svo alltaf einhverjir sem gerast bekkjarfulltrúar með því hugarfari að þeir séu þá búnir að standa sína plikt, en jákvætt hugarfar skiptir sköpum; annars verður þetta aldrei skemmtilegt og maður hefur lítið að gefa af sér."

Í upphafi segist Hans ekki hafa haft háleit markmið. „En ég heillaðist fljótt af starfi bekkjarfulltrúans, vildi fá meiri ábyrgð og útvíkka möguleikann á því að láta gott af mér leiða. Ég fylltist eldmóði þegar ég tengdi við þá samfélagshugsun sem áður hafði verið mér hulin og það var svo gott að láta gott af sér leiða í nærumhverfinu. Því má segja að ég hafi kynnst nýrri hlið á sjálfum mér."

### Dýrmæt samfylgd foreldra

Það er gjöf til barns að taka þátt í foreldrastarfi á skólagöngu þess.

„Með því gefum við barninu af tíma okkar og sýnum starfi þess og daglegu umhverfi virðingu, gleði og dýrmæta samfylgd. Yngri sonur minn þekkir ekki annað en að ég sé í foreldrastarfi og mér finnst ég skynja stolt hans og ánægju með að mamma sín gefi sig að árum hans í grunnskóla með virku foreldrastarfi."

Hans skynjar það sama hjá sínum börnum. „Þeim þótti heilmikið mál þegar ég dró mig út sem formaður foreldrafélagsins og það var ekki samþykkt svona einn, tveir og þrír. Það jafnaði sig svo þegar ég tók að mér foreldrastörf í Fjölni," segir hann brosmildur.

„Allir gera kröfu um gott samfélag en það er svolítið sérstakt að vera þá ekki tilbúinn að leggja sitt af mörkum. Gott foreldrastarf gerist nefnilega ekki af sjálfu sér. Allir hafa skoðanir á skólastarfinu en segja þær úr ákveðinni fjarlægð. Því segi ég: Komið frekar að borðinu og takið þátt! Það er fullt af spennandi möguleikum og launin koma ánægjulega á óvart."

# Samveran er besta forvörnin

## Verum vakandi er samstarfsverkefni Heimilis og skóla og Rannsókna & greiningar og felst í fræðslu fyrir foreldra í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla um land allt.

Fræðslan byggir á fyrirlestrum Bryndísar Jónsdóttur, verkefnastjóra hjá Heimili og skóla, og Margrétar Lilju Guðmundsdóttur, sérfræðings hjá Rannsóknum & greiningu og kennara við íþróttafræðisvið Háskólans í Reykjavík. „Margrét Lilja greinir frá niðurstöðum rannsókna sem taka til þátta í lífi barna og unglinga á borð við andlega og líkamlega heilsu og líðan, fjölskylduaðstæður, íþrótta- og frístundastarf, áfengis- og vímuefnaneyslu og árangur í námi. Niðurstöðurnar eru greindar eftir sveitarfélögum og því er mjög áhugavert fyrir fólk á mismunandi stöðum á landinu að heyra hvað hún hefur að segja," segir Bryndís. Sjálf kynnir hún meðal annars í sínum fyrirlestri könnun sem SAMAN-hópurinn lét gera og fjallar um samverustundir foreldra og barna og viðhorf til áhættuhegðunar. „Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að mótun á viðhorfum ungmenna og verndandi viðhorf foreldra og eftirlit í samkvæmum getur haft fælandi áhrif á áfengisneyslu og dregið úr áhættuhegðun. Þannig eru foreldrar sem setja mörk og kaupa ekki áfengi fyrir unglingana sína ólíklegri til að eiga ungling sem neytir áfengis."


Bryndís Jónsdóttir.

Bryndís minnir á að samvera með unglingum skipti miklu máli og að styðja verði þá áfram í námi, leik og starfi þó þeir séu komnir í framhaldsskóla enda börn til 18 ára aldurs. „Við tölum oft um að það megi slaka á en ekki sleppa."

Í fyrirlestri sínum snertir hún á mörgum flötum í samskiptum foreldra og barna. Hún leggur til dæmis áherslu á að foreldrar tali við börn sín og spyrji þau út í líðan og hugsanir. „Það er mikilvægt að skapa þessi tengsl frá unga aldri því þú stekkur kannski ekki inn og talar um tilfinningar við 17 ára ungling sem er ekki vanur því."

Á Íslandi hefur náðst gífurlegur árangur í því að draga úr vímuefnaneyslu ungmenna í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla. Í því sambandi er stuðst við íslenska módelið þar sem greindir hafa verið áhættu- og verndandi þættir. Nýjustu tölur benda til þess að huga þurfi að þeim þáttum sem eru verndandi í lífi barna og ungmenna á Íslandi. Þannig eru vísbendingar um að lítið eitt hafi dregið úr samveru barna og foreldra og á sama tíma hefur áfengis- og maríjúananeysla aukist um eitt prósentustig milli áranna 2017 og 2018 meðal tíundubekkinga. Svipaða mynd mátti greina árið 2006, en samveran jókst að nýju í kreppunni. Þá hafa nýjar áskoranir komið fram með tilkomu rafrettna og mikilli skjánotkun unglinga. Bryndís segir því samtal og samveru foreldra og barna enn afar mikilvæga.

> **Við tölum oft um að það megi slaka á en ekki sleppa.**

„Við fengum styrki til að bjóða fyrirlestrana Verum vakandi frítt, og höfum farið víða um land. Vonandi fáum við fleiri styrki til að halda áfram og fræða fleiri."

# Hvað segja börnin?

Börn í Ísaksskóla sitja fyrir svörum.

## Bera Dís Ísdal Njarðvík 6 ára á laugardaginn



*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*

Það er að leika mér að lita, en stundum gleymi ég mér að gera óskalista, því ég á afmæli á laugardaginn.

*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*

Hanga á fótum í klifurgrindinni.

*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*

Maður byrjar bara að segja halló. Kannski á hann engan vin og kannski á hann mjög margra vini.

## Óliver Örn Jóhannsson 6 ára



*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*

Mér finnst gaman að læra stafina og allt það.

*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*

Bara allt. Klifurgrindin og fótboltinn og kastalinn er allt jafn skemmtilegt.

*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*

Maður þarf bara að spyrja hvort hann nenni að vera vinur manns og síðan bara verður maður vinir.

## Mist Sigurbjörnsdóttir 6 ára



*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*

Hanga.

*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*

Að fara í eltingaleik.

*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*

Með því að leika við þá.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Komdu til liðs við okkur!

Markmið Heimilis og skóla er að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga.
Framlag einstaklinga, skóla og foreldrafélaga í formi aðildargjalds gerir okkur kleift að veita enn betri þjónustu.

**Árgjald:**
Einstaklingar kr. 4.100
Skólar og foreldrafélög kr. 12.900
Skráning í samtökin: www.heimiliogskoli.is

**Hvað gera Heimili og skóli – landssamtök foreldra?**

- Veita ráðgjöf til foreldra og foreldrafélaga um hvaðeina sem tengist skólastarfi og velferð barna.
- Eru hagsmunasamtök foreldra og barna á öllum skólastigum og það er okkur mikils virði að heyra sjónarmið foreldra.
- Halda úti heimasíðu og Facebook-síðum þar sem finna má ýmiss konar fróðleik og gefa út tímarit.
- Stýra SAFT verkefninu um jákvæða og uppbyggilega netnotkun
- Bjóða upp á fræðsluerindi/námskeið fyrir kennara, nemendur og foreldrafélög. Félagar í Heimili og skóla fá afslátt af fræðslu og viðburðum.

**Dæmi um fræðslu:**

- Bekkjarfulltrúanámskeið
- Fræðsla fyrir stjórnir foreldrafélaga og skólaráð
- Netöryggi og samfélagsmiðlar

SAFT
SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI www.saft.is



Salka Sól Eyfeld, tónlistar- og leikkona, og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, vinna að átaki gegn einelti ásamt Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ. MYND/EYÞÓR

# Krakkar fræða krakka um einelti

**Krakkar með krökkum er yfirskrift átaks gegn einelti sem Heimili og skóli ýta úr vör nú í upphafi skólaárs. Verkefnið er unnið í samvinnu við söng- og leikkonuna Sölku Sól og Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands.**

Hugmyndin kviknaði í framhaldi af nýrri handbók um einelti og vináttufærni – forvarnir og viðbrögð, sem Vanda og ég unnum að saman. Við reyndum að nálgast viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni, þannig að gripið væri fyrr inn í samskiptavanda og koma þannig mögulega í veg fyrir einelti,“ útskýrir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.

„Þegar Salka sagði sögu sína í sjónvarpsþætti og langaði að gera eitthvað meira þótti okkur kjörið að samnýta krafta okkar, kynna handbókina víðar, ásamt því að hjálpa krökkum um land allt að líða betur. Vanda og samstarfsfólk hennar í KVAN hefur gríðarmikla reynslu í að vinna með bekkjum, hópum og einstaklingum við að bæta samskipti og byggja upp sjálfsmynd og er Vanda einn af okkar helstu sérfræðingum og rannsakendum í eineltismálum. Það var mikill hvalreki fyrir okkur að fá þær Sölku til liðs við þetta mikilvæga verkefni sem á vonandi bara eftir að vaxa,“ segir Hrefna.

Í verkefninu Krakkar með krökkum býðst skólum að nýta krafta Vöndu og KVAN við að fræða og þjálfa ungmenni í skólum svo þau verði jákvæðir leiðtogar og fær um að fræða aðra í skólanum og vinna með yngri nemendum. Salka Sól mætir í skólana og segir krökkunum frá sinni upplifun af því að hafa lent í einelti og hvernig hún vann sig út úr því. Heimili og skóli og KVAN munu verða með foreldrafræðslu á sama tímabili þar sem lagt er út frá efni handbókarinnar og jafningjafræðslunni og Salka mun jafnframt ræða við foreldra um sína reynslu og hvað foreldrar þurfa að hafa í huga.



Vanda Sigurgeirsdóttir. MYND/GVA

### Vill gefa krökkum von

„Þetta er algjört ástríðuverkefni hjá mér og í raun samfélagsleg skylda út frá þeirri stöðu sem ég er í, sem tónlistar- og leikkona,“ segir Salka Sól. „Ég vil fyrst og fremst sýna krökkum að það er hægt að vinna sig út úr vanlíðaninni sem fylgir einelti, gera það sem mann langar til og láta drauma sína rætast.“

### Nauðsynlegt að tala

„Ég fer ekki nákvæmlega út í það hvernig eineltið sem ég varð fyrir lýsti sér þegar ég tala við bekkina heldur segi þeim meira frá því hvað ég þurfti að kljást við í kjölfarið og hvernig ég vann úr því,“ segir Salka. „Ég sótti mér til dæmis hjálp allt of seint og því vil ég segja fólki að byrja strax að vinna úr sínum málum. Fólk upplifir svo mikið vonleysi og vanlíðan vegna eineltis sem getur varað í langan tíma. En, það er hægt að fá aftur trúna á sjálfa sig og líða betur. Ég er dæmi um það og vil gefa krökkunum vonarglætu,“ segir Salka. Mikilvægt sé að ræða opinskátt um einelti og afleiðingar þess.

„Það þarf að fræða bæði börn og foreldra um hvað einelti er og hverjar afleiðingarnar eru. Orðið „einelti“ var varla notað fyrr en seint á níunda áratugnum, fram að því var það bara kallað stríðni. Ég hugsa einnig að fólk átti sig ekki alltaf á því að það er að leggja einhvern í einelti. Þess vegna þarf að tala um hlutina og læra að þekkja mörk fólks,“ segir Salka. Hún finni fyrir því að það sem hún hafi að segja skili sér.

„Ég fæ pósta frá þolendum eineltis, foreldrum barna, kennurum og alls konar fólki sem þakkar mér fyrir að tala um þetta. Það gefur mér mikið.“

### Jafningjafræðsla árangursrík

Vanda segir það styrkja verkefnið mikið að jafn þekktur einstaklingur og Salka deili reynslu sinni. Fyrirmyndir skipti máli. Það sé þó ekki nóg eitt og sér.

„En þessi blanda er góð, við tvinnum reynslu Sölku og fræðin saman,“ segir Vanda. „Rannsóknir hafa sýnt að fyrirlestrar um einelti skila sér ekki sem skyldi einir og sér. Krakkarnir segja sjálfir að það sé ekki leiðin og ég vil meina að fyrirlestrarformið nái illa eyrum akkúrat þeirra sem helst þyrftu að hlusta.

Þekking er mikilvæg en ein og sér er hún ekki nóg, þá myndi til dæmis enginn reykja eða nota símann í bílnum. Þetta snýst meira um viðhorf og ákvarðanir sem maður tekur. Eineltismál eru flókin, þau tengjast völdum og vinsældum og menningu og þetta eru hlutir sem vinna þarf með til þess að breyta þeim. Með því að þjálfa eldri krakkana búum við til jákvæða leiðtoga innan skólanna sem verða fyrirmyndir.“

Verkefnið er m.a. styrkt af Forvarnarsjóði Reykjavíkur, Isavia og Byko. Fleiri styrkja er leitað svo verkefnið megi fara sem víðast.

# Markviss kennsla í móðurmálinu mikilvæg

Móðurmál – samtök um tvítyngi stendur fyrir kennslu í móðurmáli barna sem eru með annað móðurmál en íslensku. Þá reka samtökin bókasafn með erlendum barnabókum. Allt starf er unnið í sjálfboðavinnu.


Rósa skráir safnkost bókasafns Móðurmáls í sjálfboðavinnu. MYND/EYÞÓR

Móðurmál hefur boðið upp á móðurmálskennslu í fleiri en tuttugu tungumálum fyrir fjöltyngd börn síðan 1994. Sjálfboðaliðar og foreldrar hafa unnið stærstan hluta af þeirri dýrmætu vinnu sem samtökin standa fyrir,“ segir Jurgita Milleriene, varaformaður Móðurmáls, en markmið samtakanna er að þróa faglega móðurmálskennslu með tungumálanámskrá og skýrum markmiðum.

„Að læra nýtt tungumál er ekki það sama og að læra sitt eigið móðurmál. Börn þurfa að hafa grunn í sínu móðurmáli til að geta byggt þar ofan á önnur tungumál. Ef þessi grunnur er ekki til staðar reynist erfitt að læra annað tungumál,“ segir Jurgita.

Móðurmál er góðu í samstarfi við SAMFOK og Heimili og skóla og segir Jurgita það mjög dýrmætt. „Við viljum að samtökin heyrist og sjáist. Við viljum ekki vera lokaður hópur heldur starfa með foreldrum, kennurum, skólum, öðrum samtökum og menntamálaráðuneytinu. Þá er hlutverk heimilanna þegar kemur að móðurmálskennslu mjög mikilvægt. Það eru þau sem þurfa að taka afstöðu til þess hvernig þau vilja viðhalda móðurmáli erlendra barna sem búa á Íslandi. Kennarar spila einnig stórt hlutverk og geta leiðbeint foreldrum og börnum,“ segir Jurgita, sem stofnaði Litháíska móðurmálsskólann árið 2004.

„Ég á þrjú börn sem hafa öll fengið markvissa kennslu í litháísku, sínu móðurmáli, og þau hafa einnig náð mjög góðum tökum á íslensku og hlotið verðlaun fyrir. Það er ekki nóg að tala tungumálið heima fyrir heldur verður að kenna börnum það markvisst, bæði með því að kenna þeim málfræði og auðga orðaforða þeirra,“ segir Jurgita en hún er grunnskólakennari við Háaleitisskóla við Ásbrú.

Hún segist almennt vilja sjá meiri stuðning við börn sem hafa annað móðurmál en íslensku. „Á hinum Norðurlöndunum er farandkennari sem fer á milli skóla og kennir börnum þeirra móðurmál. Það hefur gefist mjög vel og ég myndi vilja sjá slíkt starf hérlendis líka.“

## Bókasafn Móðurmáls á flakki

Bókasafn Móðurmáls – samtaka um tvítyngi er bókasafn fyrir börn og ungt fólk á erlendum tungumálum. Bækurnar eru skráðar í Gegni en eru geymdar heima hjá félögum í Móðurmáli.

„Bókasafn Móðurmáls á ekki húsnæði. Ég sé um að skrá bækurnar heima hjá mér eftir vinnu á kvöldin og hef nú þegar skráð um 4.000 bækur, geisladiska og mynddiska á þrjátíu og tveimur tungumálum. Ég er samt ekki búin með allan safnkostinn. Sífellt bætast við bækur á nýjum tungumálum, nú síðast á tyrknesku og esperanto. Svo geymum við bækurnar á mismunandi stöðum. Ég er t.d. með uppraðað bókasafn í kjallaranum hjá mér á ítölsku, auk tungumála sem ekki er verið að kenna eins og er,“ segir Rósa Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri Bókasafns Móðurmáls. Hún er fagstjóri í skráningu hjá Landsbókasafni Íslands en sinnir starfinu fyrir Móðurmál í sjálfboðavinnu.


Jurgita segir ekki nóg að tala tungumálið heima fyrir heldur verði að kenna börnum það markvisst.
MYND/SÓLVEIG ÞÓRÐARDÓTTIR

„Hver og einn hópstjóri fyrir móðurmálshópana geymir bækur heima hjá sér en draumastaðan væri að fá samastað þar sem fólk gæti komið og skoðað safnkost Móðurmáls. Vonandi munum við einhvern tíma geta boðið upp á fjölmenningarbókasafn. Eins og staðan er núna er einungis hægt að skoða hvaða bækur við eigum á www.leitir.is og þetta virkar þannig að ég fæ fyrirspurnir, t.d. í gegnum tölvupóst, Facebook eða frá hópstjórunum. Ég sé um að koma þeim áleiðis svo bækurnar skili sér á réttan stað og komi að góðum notum. Jafnframt lána hópstjórar út bækur þegar kennsla er á tungumálinu,“ segir Rósa en Móðurmáli berast oft bókagjafir.

Reykjavíkurborg hefur stutt við Bókasafn Móðurmáls varðandi hýsingu en Rósa kallar reglulega til vini og vandamenn til að ganga frá safnkosti eftir skráningu. Þá hafa skiptinemar á vegum Erasmus+ lagt hönd á plóg. Móðurmál hefur verið tilnefnt til Foreldraverðlauna Heimilis og skóla oftar en einu sinni og hlaut verðlaunin árið 2016. Verkefnið Allir með, sem var unnið í samstarfi við SAMFOK, hlaut Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla árið 2018.

Rósa segir þessar viðurkenningar mikilvæga hvatningu fyrir starfið. „Við viljum vera sýnileg svo fólk viti af okkur. Í fyrra héldum við, ásamt SAMFOK, tíu foreldrafundi á ýmsum tungumálum í verkefninu Allir með. Þar var kynnt starfsemi sem stendur foreldrum og börnum til boða. Við höfum líka skipulagt árlega ráðstefnu fyrir móðurmálskennara frá árinu 2013, sem hefur mælst vel fyrir,“ segir hún.





ERT ÞÚ **BEKKJARFULLTRÚI?** ÞÁ ER **FORELDRABANKI** HEIMILIS OG SKÓLA **EITTHVAÐ FYRIR ÞIG!**

Foreldrabankann finnur þú á **www.heimiliogskoli.is**

Heimili og skóli – Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS


# Í lagi að gera mistök

Mörg börn og unglingar verða á einhverjum tímapunkti kvíðin. „Kvíði er eðlileg tilfinning og hluti af öllu tilfinningalitrófinu,“ segir Ester Ingvarsdóttir, sálfræðingur hjá Auðnast. „Það er mikilvægt að gera greinarmun á því hvort um er að ræða eðlilegan kvíða, eða kvíða sem er hamlandi fyrir barnið. Kvíði getur verið hjálplegur. Ef þú ert að fara í próf og verður svolítið stressaður er líklegra að þú leggir meira á þig og fáir þar af leiðandi betri einkunn. Yfirleitt er litið svo á að ef börn eru hætt að gera hluti sem þau þurfa að gera, vilja gera, eða hefðu gott af að gera, þá sé kvíðinn orðinn hamlandi. Kvíði getur orðið til þess að sum börn verða hrædd og draga sig í hlé, en önnur verða jafnvel mjög reið eða pirruð við sína nánustu.“

Hún segir ýmislegt sem foreldrar geta gert til að koma í veg fyrir kvíða. „Eitt það fyrsta er að líta í eigin barm og kanna hvort þau séu á einhvern hátt að ýta undir kvíða barnsins. Kvíðnir foreldrar gætu ómeðvitað gert börnin kvíðin með því að vara þau óhóflega mikið við hættum eða hjálpa þeim óafvitandi að forðast aðstæður sem þeim þykja erfiðar. Foreldrar geta verið fyrirmyndir barna sinna og kennt þeim að takast á við erfiðar aðstæður, sýnt hugrekki með því að gera hluti sem þeim þykir sjálfum erfiðir og talað um hvernig þau fóru að því.“ Þá segir hún einnig mikilvægt að foreldrar ýti markvisst undir hugrekki og sjálfstraust barna sinna. „Ef barn vill alls ekki gera eitthvað, eins og að mæta í skólann eða fara í afmæli getur verið gott fyrir foreldra að vera hóflega ýtin, án þess að taka alla ábyrgð af barninu og sem dæmi láta barnið sjálft hringja til að láta vita. Lykillinn að betri líðan er að gera það sem manni þykir erfitt í smáum skrefum og skipta út áhyggjuhugsunum fyrir raunsæjar hugsanir. Þetta getur tekið tíma og má líkja við það að læra að hjóla, það er ekki nóg að horfa á aðra heldur þarft þú að æfa þig og með tímanum nærðu árangri.“


Ester Ingvarsdóttir barnasálfræðingur hjá Auðnast segir kvíða vera eðlilegan í vissum mæli en geta verið skaðlegan ef hann er hamlandi fyrir börnin.

Foreldrar ættu að hvetja börn og unglinga til að gera hluti sjálf. „Með því móti eru þau betur búin undir það sem koma skal. Kennið þeim að benda á kosti sína og annarra, í stað þess að einblína á það sem fer úrskeiðis. Og leyfið þeim að gera mistök því það er nauðsynlegur hluti þess að þroskast.“

## Hvað segja börnin?

**Börn í Ísaksskóla sitja fyrir svörum.**



### Jón Louie Freygang Thoroddsen
**6 ára**

*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*
Að vera í sundi.
*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*
Að vera í fótbolta.
*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*
Bara spyrja þá og vera góður við þá.



### Bjarmi Þór Ragnarsson
**6 ára**

*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*
Læra stærðfræði.
*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*
Að fara í fótbolta.
*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*
Með því að reyna að vera glaður og vera góður vinur.



### Jón Þór Jónsson Kjeld
**6 ára**

*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*
Að vera í stærðfræði, mér finnst tveir plús tveir skemmtilegt.
*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*
Spila fótbolta.
*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*
Maður finnur bara einhvern og spyr „viltu vera vinur minn?“.




Áður en tíminn hefst sest Guðrún niður með nemendum sínum og róar bæði sinn huga og þeirra með því að anda og hugleiða. MYND/ERNIR

# Anda í amstri dagsins

Vogaskóli hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2018 fyrir verkefnið Láttu þér líða vel. Verkefnið leggur áherslu á geðrækt og mikilvægi þess að byrja við upphaf skólagöngu að veita nemendum á öllum aldri verkfæri til að stjórna eigin líðan og hegðun með hugleiðslu, núvitund, öndun og jóga.

Upphaf verkefnisins Láttu þér líða vel má rekja til þátttöku Vogaskóla í verkefni Landlæknisembættisins um Heilsueflandi grunnskóla. „Við gátum valið á milli nokkurra þátta en teymi á vegum skólans sem í voru foreldri, nemandi, kennarar og starfsfólk ákvað að velja geðræktarþáttinn. Okkur fannst að ef við værum með prógramm sem styddi börn til að líða betur þá væri líka auðveldara að hjálpa þeim að læra. Þannig yrði til grunnur að byggja á,“ segir Guðrún Gísladóttir, teymisstjóri verkefnisins.

### Bætir lífsgæði

Guðrún, sem er list- og verkgreinakennari, hefur sjálf góða reynslu af hugleiðslu og jóga sem hún stundar reglulega. „Ég fann þegar ég byrjaði að þetta breytti mér á mjög jákvæðan hátt. Hugleiðslan verður partur af deginum og ég nota öndun til að tengjast inn á við og róa mig ef ég verð kvíðin. Ég er sannfærð um að jóga og hugleiðsla geti hjálpað mörgum, bæði börnum og fullorðnum, að bæta lífsgæði, að tengjast sjálfum sér betur og líða betur í eigin skinni.“

Skólaumhverfið er fullt af áreitum sem skella stanslaust bæði á kennurum og nemendum. „Maður þarf að brynja sig til að taka ekki allt inn á sig og þetta er góð leið til þess. Ég finn að sérstaklega yngri börnin, sem hafa fengið markvissa þjálfun, biðja orðið um það að fá að leggjast niður, hlusta á hugleiðslusögu og anda í amstri dagsins.“

### Styrkurinn skipti miklu

Vogaskóli sótti um styrk til Lýðheilsusjóðs og fékk. „Það var ótrúlega ánægjulegt að fá styrkinn því þá gátum við keypt jógadýnur og teppi, tónlistarefni, lesefni fyrir kennara og nemendur og keypt fræðslu frá fagfólki fyrir nemendur og kennara. Við bjuggum síðan til námsvísi fyrir hvern bekk og nýttum gátlista úr geðræktarkafla Heilsueflandi grunnskóla til að skoða hvað þyrfti að vinna betur með nemendum og starfsfólki skólans. Að því loknu var hægt að forgangsraða til dæmis í hvaða árgöngum við vildum byrja, hvaða kennsluefni var til og hvað af því við vildum nota, hvaða fræðsla var í boði og hvernig best væri að skipuleggja vinnuna,“ segir Guðrún.

> **„Það er alltaf eitthvað að trufla okkur og við erum sjaldnast með sjálfum okkur. Hugleiðsla getur hjálpað okkur að horfa inn á við, lenda í eigin skrokki og takast á við verkefnin sem fyrir liggja.**

### Allir jákvæðir

Styrkurinn frá Lýðheilsusjóði var afar vel nýttur. „Nemendur og starfsfólk hafa fengið kynningar, fræðslu og stutt námskeið þar sem farið er í gegnum slökunaræfingar, jóga og núvitund. Kennsluefni og búnaður er nú til staðar og í vetur bætast við árgangar með fasta tíma á stundatöflu þar sem unnið er markvisst með jóga og slökun. Nemendur á yngsta stigi fá þannig þjálfun í að róa huga sinn, vinna með sjálfsstyrkingu og sjálfsþekkingu, bæði í þeim tilgangi að bæta eigin líðan en jafnframt til að skapa jákvæðari skólabrag. Á miðstigi eru tímar á stundatöflu nemenda undir heitinu lífsleikni en þeir eru nýttir á margan hátt, svo sem í bekkjarfundi eða á annan hátt til að bæta samskipti nemenda. Á unglingastigi eru einnig bekkjarfundir og í ár er boðið upp á jóga og slökun sem valgrein á unglingastigi.“ Guðrún vonast til að enn sé hægt að bæta í, sér í lagi á miðstigi, með beinni þjálfun í jóga og slökun. „Við höfum fengið vilyrði fyrir því að fá námskeið fyrir kennara í jóga og slökun með börnum sem styrkir þá í að kenna eigin nemendum aðferðir til að bæta eigin líðan. Þá erum við með vinaliðaverkefni sem fléttast inn í þennan skólabrag sem við viljum byggja upp. Vinaliðar eru nemendur sem sjá um leiki og afþreyingu í frímínútum. Eitt af því sem nemendur geta valið er jóga eða slökun.“

Guðrún segir nemendur hafa tekið mjög vel í þessa nýjung. „Í níutíu prósentum tilfella eru þau mjög jákvæð. Þau yngstu eru jákvæðust, á vissum aldri fer þetta að verða lummó og óþægilegt fyrir suma en þegar komið er upp á unglingastig eru þau aftur tilbúin.“

### Sláandi tölur um kvíða

*Er þörf á því að bæta andlega líðan nemenda?*

„Já, það tel ég. Ég var á ráðstefnu hjá Landlæknisembættinu á dögunum þar sem voru bæði erlendir og íslenskir fyrirlesarar. Þar var verið að sýna okkur niðurstöður kannana um líðan nemenda á grunnskólaaldri. Þar var að finna sláandi tölur um kvíða og sérstaklega frammistöðukvíða. Ég held að hugræktin gæti verið hjálp til að slá á þetta því það er reynsla mín af sjálfri mér.“ Guðrún undirstrikar að Landlæknisembættið sé einstakur bakhjarl fyrir verkefni á borð við Láttu þér líða vel.

### Góð upplifun kennara

*En hver hefur árangurinn verið af verkefninu?*

„Það er frekar erfitt að mæla árangur af slíku starfi auk þess sem við erum frekar nýlega byrjuð en þetta er þriðja árið sem við erum að fara inn í. En kennarar segja okkur að upplifunin sé mjög jákvæð. Hvort þetta skilar sér út í námið sjálft vitum við ekki ennþá en við vitum að það skiptir miklu máli að börn séu í stakk búin til að takast á við námsdaginn og að það þýðir ekkert að læra ef þér líður illa.“

Guðrún segir ljóst að fólk í dag, bæði börn og fullorðnir, sé útsett fyrir áreiti, sérstaklega frá samfélagsmiðlum. „Það er alltaf eitthvað að trufla okkur og við erum sjaldnast með sjálfum okkur. Hugleiðsla getur hjálpað okkur að horfa inn á við, lenda í eigin skrokki og takast á við verkefnin sem fyrir liggja.“

### Frábært að fá viðurkenningu

Vogaskóli hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla fyrir verkefnið Láttu þér líða vel. „Það var alveg frábær viðurkenning og við vorum rosalega glöð. Það voru foreldrar innan skólans sem fannst þess virði að tilnefna okkur fyrir verkefnið sem er mikil hvatning fyrir okkur að halda áfram. Þegar foreldrar skynja að þetta sé að gera börnum þeirra gott, hljótum við að vera á réttri leið.“

*Hver er framtíðarsýn ykkar?*

„Vonandi höldum við áfram á þessari braut. Við erum enn sem komið er bara komin upp á miðstig og viljum sjá þetta færast alla leið upp á unglingastig, þó reyndar sé boðið upp á hugleiðslu og jóga í vali þar.“

*En hvað með að kynna verkefnið fyrir öðrum skólum?*

„Við höfum nú ekki hugsað svo langt, en ef vilji væri fyrir því væri ég sko meira en til,“ segir Guðrún glaðlega.

# Foreldrastarf í miklum blóma

## Í Árborg ríkir gott samstarf milli foreldra og skóla þar sem foreldrar koma m.a. að hugmyndavinnu og framkvæmd viðburða. Mörg umbótaverkefni hafa verið unnin í bænum á undanförnum árum.

Gott samstarf milli foreldra og skóla skiptir miklu og á því sviði stendur sveitarfélagið Árborg framarlega. Þar koma t.d. foreldrar að hugarflugsfundum í stefnumótunarvinnu og framkvæmd viðburða í skólasamfélaginu með góðum árangri að sögn Þorsteins Hjartarsonar, fræðslustjóra Árborgar. „Gott samstarf við foreldra skiptir miklu máli enda bera foreldrar meginábyrgð á uppeldi barnanna. Við höfum lagt áherslu á góð tengsl skólafólks og aðila nærsamfélagsins. Við erum m.a. með forvarnarhóp þar sem fulltrúar skóla og fagsviða sveitarfélagsins, ungmennafélags, lögreglu, FSu, heilsugæslu og foreldra koma saman til að ræða mikilvæg forvarnarverkefni en þar er áhersla á að rödd foreldra fái að hljóma. Gaman er að segja frá því að þátttaka foreldra í viðburðum skólanna er mikil og góð.“

### Athyglisverð verkefni

Mörg umbótaverkefni hafa verið unnin í skólunum á undanförnum árum að sögn Þorsteins. „Eitt stærsta verkefnið hófst 2013-2014 en þá fengu leikskólar Árborgar styrk úr Sprotasjóði til að vinna með mál og læsi. Grunnskólarnir og starfsfólk skólaþjónustu kom einnig í þá vegferð.“

Hann segir kennara, skólastjórnendur og skólaþjónustu í góðu samstarfi við foreldra og fræðsluyfirvöld. Nýjar áherslur hafi verið mótaðar í vinnu með læsi út frá hugmyndagrunni lærdómssamfélagsins þar sem samræður milli skóla og skólastiga voru mikilvægur hluti verkefnisins. „Í grunnskólunum mótuðum við nýtt verklag með fjölgun læsisskimana. Allt frá þeim tíma hefur verið unnið að því að efla þátttöku foreldra og styðja þá í hlutverki sínu í málörvun leikskólabarna og hvatningu til foreldra grunnskólabarna í að taka þátt í heimalestri. Þátttaka Heimilis og skóla í Þjóðarsáttmála um læsi hefur haft jákvæð áhrif og stuðlað að virkari þátttöku foreldra í að styðja við lestrarþjálfun barna í Árborg.“



Þorsteinn Hjartarson er fræðslustjóri Árborgar.

> Eftir góða heimsókn fulltrúa frá Heimili og skóla, ásamt hvatningu og leiðsögn, hefur starfið eflst enn frekar.

### Ný læsisstefna

Eins og Þorsteinn nefndi hefur Árborg verið að móta skólamálin í anda lærdómssamfélagsins sem gengur út á að byggja upp tengsl og traust á milli foreldra, skóla, skólaþjónustu og stofnana sem koma að málefnum barna með það að meginmarkmiði að bæta læsi, einnig almennan námsárangur og líðan.

Ný læsisstefna var kynnt árið 2017 en þar er lögð áhersla á þátttöku foreldra og samábyrgð íbúa á börnunum í Árborg. „Vinnan við hana hafði einnig góð áhrif á foreldrastarf sem leiddi m.a. til þess foreldrafélög grunnskólanna stofnuðu Samborg sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga í Árborg. Samborg hefur í góðu samstarfi við skólana staðið fyrir mörgum fræðslu- og súpufundum fyrir foreldra, svo sem um svefn, kvíða og einelti. Starf Samborgar hefur skilað miklu og vonandi munu samtökin eflast enn frekar á næstunni.“

### Leita eftir stuðningi

Sveitarfélagið hefur stækkað mikið undanfarin ár og er stór hluti íbúa barnafólk í blóma lífsins að sögn Þorsteins. „Við höfum þurft að byggja við Sunnulækjarskóla sl. 2-3 ár og nú í haust bætast við nokkrar skólastofur í Vallaskóla og til stendur að stækka leikskólann Álfheima. Svo á að byggja nýjan skóla í Björkurstykki. Hugmyndavinna hefur farið fram með þátttöku foreldra og fleiri aðila úr skóla- og nærsamfélaginu.“

Foreldrastarfið í Árborg stendur því í blóma að sögn Þorsteins en það var ekki alltaf svo öflugt. „Eftir góða heimsókn fulltrúa frá Heimili og skóla, ásamt hvatningu og leiðsögn, hefur starfið eflst enn frekar. Foreldrafélögin leita óhikað til samtakanna til að fá aðstoð og stuðning sem munar um. Þá hefur útgáfa á handbók fyrir foreldrafélög örugglega haft gildi. Við þurfum þó alltaf að vera á tánum, þ.e. stjórnir foreldrafélaganna, en einnig starfsfólk skóla og skólaþjónustu. Við þurfum öll að vera tilbúin til aðstoðar með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.“

# Aukin réttindi fyrir börnin

## Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi hér á landi í sumar en með þeim var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins innleidd í íslenskan rétt.

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi í júlí á þessu ári en með þeim var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins innleidd í íslenskan rétt. Þótt margt í nýju lögunum sé óbreytt frá eldri löggjöf innihalda þau ýmsar nýjar reglur, segir Hildur Þórarinsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd. „Þar má t.d. nefna aukin réttindi fyrir einstaklinga, þ.m.t. börn. Helstu breytingar sem tengjast skólastarfi tengjast m.a. svokallaðri ábyrgðarskyldu sem felur í sér að skólar eru ábyrgir fyrir því að farið sé að meginreglum um persónuvernd og þurfa auk þess að geta sýnt fram á það. Einnig þarf að liggja fyrir skrá yfir vinnslustarfsemi, auk þess sem skylt er að tilkynna Persónuvernd um öryggisbresti. Einnig ber öllum stjórnvöldum, þ.m.t. öllum skólum, að tilnefna persónuverndarfulltrúa en samnýting þeirra er reyndar möguleg. Þá eru nýmæli í lögunum varðandi sektarheimildir Persónuverndar.“ Undanfarið hafa Persónuvernd, Heimili og skóli og SAFT unnið að fræðsluefni fyrir grunnskóla landsins um persónuvernd í íslensku skólasamfélagi sem verður vel kynnt auk þess sem boðið verður upp á fræðslu um persónuvernd fyrir skólastjórnendur, kennara og foreldra í vetur.

### Þarf að vanda til verka

Gríðarlega umfangsmikil söfnun upplýsinga á sér stað í skólum landsins, að sögn Hildar. Því skiptir afar miklu máli að vandað sé til verka við slíkar skráningar, ekki síst í ljósi þess að um er að ræða upplýsingar sem fylgja barninu alla tíð. Áður en persónuupplýsingar um nemendur eru til að mynda skráðar í rafrænt upplýsingakerfi, t.d. Mentor eða Innu, verður alltaf að gæta þess að heimild sé til þess samkvæmt persónuverndarlögum. „Oftast hvílir lagaskylda á viðkomandi skóla að skrá ýmsar upplýsingar í slík upplýsingakerfi, og svo lengi sem skráningin er innan þeirra marka og í samræmi við verklagsreglur, sem nauðsynlegt er að skólar setji sér um hvenær og hvernig skrá megi upplýsingar um nemendur, er hún heimil. Auk þess verður öll skráning að samrýmast grunnkröfum persónuverndarlaganna. Skólastjórnendur bera ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga um nemendur sé í samræmi við lög.“



„Miðlun persónuupplýsinga um börn í gegnum samfélagsmiðla telst vera vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarlögunum,“ segir Hildur Þórarinsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd. MYND/ERNIR

> Helstu breytingar sem tengjast skólastarfi tengjast m.a. svokallaðri ábyrgðarskyldu sem felur í sér að skólar eru ábyrgir fyrir því að farið sé að meginreglum um persónuvernd og þurfa auk þess að geta sýnt fram á það.

### Réttur á einkalífi

Réttur barna til friðhelgi einkalífs er tryggður í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og því mjög mikilvægt að foreldrar og aðrir sem annast börn séu meðvitaðir um réttindi barna til persónuverndar, segir Hildur. „Miðlun persónuupplýsinga um börn í gegnum samfélagsmiðla telst vera vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarlögunum. Því er mikilvægt að afla samþykkis barna áður en rætt er um þau þar eða birtar af þeim myndir, að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska. Við höfum bent á að brýnt sé að hafa í huga að allt sem birt er á Netinu má finna síðar og getur haft áhrif á líf barns með ýmsum ófyrirséðum hætti. Börn eiga rétt á sínu einkalífi og um leið að geta ákveðið hvaða upplýsingum um sig þau vilja deila og með hverjum.“

### Auknar kröfur til samþykkis

Nýju lögin kveða líka á um auknar kröfur til samþykkis, segir Hildur. „Samþykki þarf þannig að vera upplýst, óþvingað og ótvírætt. Það þýðir að sá sem er spurður verður að vita nákvæmlega hvað hann er að samþykkja og samþykkið verður að vera veitt af fúsum og frjálsum vilja. Auk þess þarf það að fela í sér sérstaka aðgerð eða yfirlýsingu, sem þýðir til dæmis að ekki er hægt að líta á þögn sem samþykki. Þá er samþykki foreldris eða forsjáraðila nauðsynlegt fyrir börn yngri en 18 ára.“

# Markmiðið að styrkja sjálfsmynd unglinga

**SAFT og Heimili og skóli ásamt þverfaglegu teymi hafa útbúið fræðsluefni um sjálfsmynd, birtingarmynd kynjanna, sexting, klám, kynlíf, stafrænt kynferðisofbeldi og netið fyrir foreldra og námsefni fyrir nemendur sem verður dreift í grunnskóla.**

Sigga Dögg kynfræðingur er hluti af teyminu en hún sinnir kynfræðslu vítt og breitt um landið og er orðin ansi vel kunnug því sem unglingar upplifa og velta fyrir sér. Hún segir að þar spili netið og samfélagsmiðlarnir stóra rullu.

„Það er á allra vörum að sífelldur samanburður á samfélagsmiðlum getur haft neikvæð og skaðleg áhrif fyrir sjálfsmyndina, sérstaklega hjá ungu fólki,“ segir hún og bætir við að þetta efni hafi einmitt verið mörgum íslenskum háskólanemum hugleikið og til séu þó nokkur lokaverkefni þar sem þessi málefni eru könnuð. Niðurstöðurnar segir hún vera allt annað en jákvæðar. „Auðvitað er margt frábært við samfélagsmiðla og sítenginguna, eins og flestir þekkja, en dökku hliðarnar eru til staðar og þær þarf að tækla og því ætlum við af stað með þetta verkefni.

Við erum að útbúa fræðslu um sjálfsmynd, birtingarmynd kynjanna, sexting, klám, kynlíf, stafrænt kynferðisofbeldi og netið fyrir foreldra, og námsefni fyrir nemendur, en bæði foreldrar og kennarar hafa kallað eftir slíku efni.



Sigga Dögg kynfræðingur hefur frætt unglinga um allt land á undanförnum árum og veit því hvað brennur á þeim. MYND/SAGA SIG

Markmið okkar er að vera ákveðið mótvægi við raunveruleikann eins og hann blasir við unglingum í dag, og reyna að styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim verkfæri til að takast á við sjálfa sig og aðra í netheimum. Það þarf að skerpa á samskiptareglum og þessi vinna hefur svo víðtæk áhrif á annað sem þau eru að glíma við, hér erum við að vinna í grunninum.“

Fræðsluefni til foreldra verður dreift í alla grunnskóla landsins og það gert aðgengilegt á netinu. Námsefni fyrir nemendur verður sömuleiðis dreift í grunnskóla landsins, annars vegar sem sérhannaðri námseiningu, ásamt leiðbeiningum fyrir kennara, og hins vegar sem hluta af fræðsluerindi SAFT, sem ferðast um landið ár hvert og flytur erindi um jákvæða og uppbyggilega netnotkun. Verkefnið hlaut styrk frá Lýðheilsusjóði. Þetta er stórt og mikið verkefni sem tekur til margra þátta sem oft hafa verið í umræðunni, líkt og klám.

„Klám á netinu er eitt af þessum stóru áhyggjuefnum foreldra, og réttilega, það er mikið framboð af klámi á netinu, og það þarf að brýna fyrir börnum og unglingum að klám og kynlíf eiga illa saman. Eina leiðin til að gera það er með því að rífa klám í sundur og kenna þeim hvað felst í raunverulegu kynlífi með sjálfum sér og annarri manneskju og það gerum við einna helst með því að kenna á samþykki og að setja mörk, og virða mörk, bæði sín og annarra,“ segir Sigga Dögg.



Smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla verður haldin í haust.

## Hvetjum krakka til að skrifa

Enn hefur verið blásið til Smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla. Keppt er í fimm flokkum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Keppnin hefur notið vinsælda og margir frábærir smásagnahöfundar komið fram. Ljóst er að áhugi á skáldskap er mikill meðal yngstu kynslóðarinnar. Skilafrestur er til miðnættis 20. september á smasaga@ki.is. Verðlaun fyrir bestu sögurnar verða afhentar á Alþjóðadegi kennara 5. október.

Allar nánari upplýsingar um keppnina er að finna á vefnum www.ki.is.






## Hvað segja börnin?

Börn í Ísaksskóla sitja fyrir svörum.

### Haukur Daði Magnason 6 ára



*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*
Að lesa.
*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*
Fara í fótbolta og klifra í klifurgrindinni og kastalanum.
*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*
Segir hæ og segir hvað þú heitir og svo kynnist maður. En sumir verða líka bara vinir strax.

### Isabel Mía Gunnarsdóttir 6 ára



*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*
Að læra um stafina.
*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*
Hanga á stóru klifurgrindinni.
*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*
Með því að vera góður við þá og spyrja hvað þeir heita, þá kynnist maður þeim betur og eignast vini. En ef maður er vondur við vini sína þá eignast maður ekki vini.

### Þórey Berta Arnarsdóttir 5 ára



*Hvað er skemmtilegast að gera í tímum í skólanum?*
Leika og vera í vinnubókunum.
*Hvað er skemmtilegast að gera í frímínútum?*
Leika með vinkonum mínum og að vera í tækjunum úti.
*Hvernig eignast maður vini í skólanum?*
Með því að vera góður við aðra.


:REITIR
Heimili og skóli þakka Reitum fasteignafélagi stuðninginn í gegnum árin.




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 13. - 16. SEPTEMBER.

Skin Fitness línan er hönnuð af sérhæfðum íþróttalæknum og hugsuð fyrir konur sem stunda hvers konar hreyfingu. Fullkomnaðu líkamsræktina með stinnari og fallegri húð. Línan er með fríska og létta áferð sem hentar fyrir sportlegan lífsstíl.

## **20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM BIOTHERM VÖRUM

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 7.800 kr eða meira á meðan birgðir endast.




**PURIFYING & CLEANSING BODY FOAM**

Fyrsta skrefið að heilbrigðari húð: Ráðlegt er að fara í sturtu fljótt eftir hreyfingu því salt og bakteríur sem berast með svita geta stíflað húðholur og ert húðina.
Skin Fitness sturtufroðan er þétt og rík með AHA sýrum og Spirulina þörungum. Hún slípar húðina, fjarlægir dauðar húðfrumur, frískar, gefur mýkt og jafnar áferð húðarinnar.




**FIRMING & RECOVERY BODY EMULSION**

Við líkamsrækt og hreyfingu tapar líkaminn vatni, steinefnum og söltum.

**– LÍKAMINN ÞARF RAKA, ORKU, SÖLT OG STEINEFNI**

Í Skin Fitness líkamsgelinu er kamfóra sem hjálpar þreyttum og stífum vöðvum með verkjastillandi og bólgueyðandi eiginleikum auk magnesium og salta sem róa og örva blóðflæði húðarinnar. Gelið hverfur strax í húðina, er kælandi, styrkjandi, þéttir og gefur góðan raka.




**INSTANT SMOOTHING & MOISTURIZING BODY TREATMENT**

Góð rakagjöf er nauðsyn fyrir þurra og ójafna húð. Hún þornar oft og jafnvel flagnar vegna kulda, vinds, núnings við íþróttaföt, útfjólublárra geisla og eftir heitar sturtur og böð. Létt gelið gefur samtundis raka. Það frískar, mýkir, róar, eykur teygjanleika og rakanærir húðina. Gelið hentar vel á fætur og hendur, jafnvel á grófa olnboga og hné og má nota eftir háreyðingu. Gelið má nota bæði fyrir og eftir hreyfingu.




Alice Temperley er einn eftirlætishönnuður Katrínar, hertogaynju af Cambrigde, og hér klæðist hún kjólum úr Temperley London línunni í garðveislu sem haldin var í Nýju-Delhi og á góðgerðaruppboði.



Glæsilegur, kvenlegur pallíettukjóll úr haust- og vetrarlínunni 2018/2019.



Einstaklega skemmtileg buxnadragt sem vakti mikla lukku á tískusýningarpallinum í febrúar.

# Litríkur kvenleiki og leikandi mynstur

**Temperley London var stofnað fyrir átján árum af hinni bresku Alice Temperley og hefur síðan orðið samheiti fyrir hippalegan glamúr, litskrúðuga lífsgleði og skemmtileg smáatriði.**




**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is


Aðalsmerki Temperley eru tryggð og trúfesta við einstakt handverk, litadýrð og afar kvenleg snið enda segist Alice Temperley sjálf vera afskaplega rómantísk í sér. Hún lætur þó líka smá pönk eftir sér, til dæmis með hlébarðamynstri þegar minnst varir.

Alice stofnaði Temperley London með þáverandi kærasta sínum, Lars von Bennigsen, árið 2000, vopnuð skærum og símtæki og hugmyndum, eins og hún segir sjálf. Fyrsta tískusýningin var í Notting Hill árið 2003. Árið 2005 ákvað hún að sýna frekar í New York og gerði á árunum 2009-2011 tilraunir með að búa til upplifun á fatnaði sínum gegnum ólíka miðla frekar en með hefðbundinni tískusýningu. Tíunda sýning Temperly London var haldin á British Museum.

Temperley er með fimm sjálfstæðar búðir, í Mayfair og Notting Hill í London, Los Angeles, Dúbaí og Doha. Temperley London fæst einnig í 300 verslunum í 37 löndum.

Alice Temperley þykir einstaklega flottur fulltrúi breskra gilda, ekki síður en tísku. Hún er alin upp í sveitasælu í Somerset og er hönnun hennar undir sterkum áhrifum frá enskri sveitarómantík enda er hönnun hennar vinsæl hjá aðalsfólki í Bretlandi. Efni og áferð er hennar aðalsmerki enda segist hún byrja á efnunum og vinna sig upp en þó alltaf hafa í huga að sniðin verði að passa jafnfallega á lágvaxnar konur og fyrirsætur sem ná 180 sentimetra hæð. Stór alþjóðleg tískufyrirtæki hafa sýnt því áhuga að kaupa eða innlima Temperley í sín fyrirtæki, til að mynda Gucci, en Alice Temperley hefur haldið fast við sjálfstæði sitt og frumleika enda hefur Temperley-tískufyrirtækið fengið ýmiss konar verðlaun, meðal annars fyrir mynsturhönnun og viðskiptavit. Bretar kunna einnig vel að meta tryggð Alice Temperley við sinn breska uppruna og var hún sæmd MBE-orðu árið 2011 fyrir störf í þágu tískuiðnaðarins.

**Smáatriði og skemmtileg mynstur eru eitt af því sem einkennir hönnun Alice Temperley.**

Temperley nýtur mikilla vinsælda hjá stjörnunum sem keppast við að klæðast kjólum frá merkinu á frumsýningum og við önnur merkileg tilefni. Meðal tryggra viðskiptavina Temperley London má nefna leikkonurnar Penelope Cruz, Elle Macpherson, Söndru Bullock, Thandie Newton og Evu Mendes. Þá ber að minnast á systurnar Pippu Middleton sem hefur skrýðst Temperley-fatnaði við ýmis tækifæri og sjálfa Kate, hertogaynju af Cambridge, og verðandi drottningu Bretlands. Hún klæðist Temperley-fatnaði gjarna í opinberum erindagjörðum en ekki síður í einkalífinu, til dæmis ef vinir og vandamenn fagna einhverjum tímamótum.

Temperley London tilkynnti í gær ráðningu nýs framkvæmdastjóra, Sally Hughes, sem hefur meðal annars gegnt stjórnunarstöðu í markaðsdeild Google og unnið við markaðsstörf hjá ýmsum nettískufyrirtækjum svo það má gera því skóna að spennandi tímar séu fram undan hjá Temperley London.




**Viltu stofna fyrirtæki?**

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**



**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 18. og 25. september og 2. október kl. 16:10 – 19.**

Námskeiðsstaður er Háskóli Íslands – Oddi, stofa 206, Sturlugötu 3, 101 Reykjavík.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is
Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, lögmaður, LL.M

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is**
**Námskeiðsgjald er 45.000 kr. og greiðist við skráningu.**

**Flest stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu.**

Lexista

# Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.

*Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum.*
*Hafið samband og leitið tilboða.*

www.garda.is




## okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- SNJÓMOKSTUR & HÁLKUEYÐING

## um okkur

Við hjá Garðaþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
- alhliða garðaþjónusta

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is | garda@garda.is | www.garda.is | garda@garda.is



Kim Kardashian er leiðandi í tísku, jafnt í fatnaði sem hárgreiðslu.

## Kim leggur línurnar

Tískusérfræðingar segja að hártískan í vetur verði í anda Kim Kardashian. Hárið nær niður á axlir, er slétt og toppurinn jafnsíður og hárið. Þessi klipping kallast bob og er síður en svo ný af nálinni. Rekja má bob-hártísku allt aftur til ársins 1910. Margir vilja breyta til á haustin og skipta út hárgreiðslunni. Fyrir þær sem vilja feta í fótspor stjarna eins og Kim Kardashian, Kylie Jenner, Selenu Gomez, Dua Lipa, Rihönnu og Ashley Graham ættu að huga að bob-klippingu.

Það mun vera leyfilegt að setja krullur í þessa greiðslu til að breyta til. Bob þykir klæða flestar konur og þess vegna verður greiðslan vinsæl aftur og aftur. Fyrir þær sem vilja skipta um háralit koma rauðir litir sterkir inn í haust, ljósir litir með dekkri strípum og djúpir brúnir litir. Þá mun alls konar hárskraut einnig verða vinsælt í vetur.



Rautt naglalakk verður vinsælt í vetur.

## Gott fyrir neglur

Eru neglurnar ljótar eftir sumarvinnu í garðinum? Það er vissulega hægt að fara á snyrtistofu og fá sérstaka naglameðhöndlun en mikilvægast er að borða rétt. Matur sem inniheldur B-vítamín er nauðsynlegur fyrir neglurnar. Eitt egg á dag væri kjörið og það skiptir engu máli hvernig það er eldað. Egg inniheldur mikið af bíótíni sem er ein týpa af B-vítamíni og er mjög gott fyrir neglurnar.

Spínat er sömuleiðis mjög gott fyrir neglur. Það inniheldur E-vítamín, járn og A-vítamín en allt þetta hefur áhrif á heilbrigði nagla. Kasjúhnetur eru vítamínríkar og hafa góð áhrif á vöxt naglanna. Lax er einnig talinn hafa góð áhrif. Hann er ríkur af prótíni, sinki og seleni en allt þetta hefur góð áhrif á vöxt nagla.

# Drottningin skaffar honum vinnu



Philip Treacy er þekktur fyrir sína konunglega hatta. Hann hefur lengi hannað alla hatta fyrir Elísabetu drottningu og aðrar konur í fjölskyldu hennar. Sjálfur segist hann þakka hinni konunglegu fjölskyldu fyrir að starf hans hafi gengið svona vel í gegnum tíðina. Elísabet drottning lætur helst ekki sjá sig nema með virðulegan hatt á höfði. Það hafa alltaf verið ákveðnar reglur um hattanotkun innan bresku konungsfjölskyldunnar. Philip segir að þakka megi drottningunni fyrir að hattar séu enn í tísku í Bretlandi og notaðir við ákveðin tækifæri. Til dæmis eru allar konur með hatta í brúðkaupum.

Það hefur þótt nokkuð merkilegt að þegar hattar fóru úr tísku á sjöunda áratugnum hélt breska konungsfjölskyldan sínum hefðum og gerir enn. Það hefur haft áhrif á konur um allan heim, segir Philip. Hattarnir sem konur í bresku konungsfjölskyldunni bera vekja jafnan mikla athygli um víða veröld. Hver man ekki eftir hött-unum þegar Katrín og Vilhjálmur gengu í það heilaga?



# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Par á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

KJÖT HÖLLIN

**STARFSKRAFTUR ÓSKAST**
Stundvís, heilsuhraustur starfskraftur óskast, til ýmissa starfa í matvöruverslun. Einnig við kjötborð. Íslenskukunnátta skilyrði.
Bílpróf æskilegt.
**Upplýsingar í síma 553-8844 Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. Umsóknir má senda á kjothollin@kjothollin.is**

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í fullt starf og hlutastarf. Uppl. á staðnum eða senda á netfangið milano@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**Háseti óskast**



VÍSIR

**Vísir hf. óskar eftir að ráða vana háseta á nýjan Sighvat GK-57.**
Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.
Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5775 eða um borð í síma 856-5770 - **www.visirhf.is.**



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 HANDAFL STARFSMANNAVEITA info@handafl.is | **handafl.is**



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is HAGVANGUR

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Framkvæmdastjóri Íslandsstofu

capacent Stjórn Íslandsstofu óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra Íslandsstofu.
Áhersla er lögð á að framkvæmdastjóri hafi umtalsverða styrkleika sem leiðtogi og sem talsmaður Íslandsstofu. Viðkomandi þarf að hafa góða og yfirgripsmikla þekkingu á íslensku atvinnulífi, menningu og sögu lands og þjóðar.
**Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7108**

## Þjónustufulltrúi - Kennarasamband Íslands

capacent Kennarasamband Íslands óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í 100% starf fyrir sjóði sambandsins.
Aðaláhersla verður á starf fyrir Orlofssjóð eða allt að 50% af starfinu. Við leitum að áhugasömum og úrræðagóðum einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum og þjónustulundaður.
**Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7127**

## Verkefnastjóri á nýframkvæmdadeild - Akureyrarbær

capacent Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða verkefnastjóra í nýframkvæmdir og endurbætur eigna.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7112**

## Verkefnastjóri á rekstrardeild - Akureyrarbær

capacent Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða skipulagðan einstakling í starf verkefnastjóra á rekstrardeild.
**Upplýsingar og umsókn á capacent.is/s/7111**

## Knattspyrnufélagið Valur óskar eftir að ráða bókara

intellecta Upplýsingar veitir: Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.**

## Sérfræðingur - Innleiðing Mannvirkjagáttar

## Sérfræðingur - Eftirlit með gæðastjórnunarkerfum

intellecta

Mannvirkjastofnun leitar að kröftugu fólki til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu stofnunarinnar.

Í boði eru krefjandi störf á byggingarsviði sem veita starfsmönnum tækifæri til að sinna faglegri uppbyggingu í starfi með virkri endurmenntun og þjálfun. Góð vinnuaðstaða er í boði.

Upplýsingar veita: Ólafur Jón Ingólfsson, olafur@mvs.is Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is.**

## Lögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu

intellecta Samkeppniseftirlitið leitar að öflugum lögfræðingi sem hefur brennandi áhuga á samkeppnismálum.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Eva Ómarsdóttir, verkefna- og teymisstjóri hjá Samkeppniseftirlitinu (eva@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

## Tæknistjóri (Chief Technology Officer)

intellecta Mentis Cura er í örum vexti og leitar nú að reyndum tæknistjóra (Chief Technology Officer) til að leiða og umbreyta núverandi rannsóknarteymi í alþjóðlegt þróunarfyrirtæki sem getur veitt greiningarþjónustu á hraðvaxandi markaði.
Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225.
**Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is**

# Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# Undirskriftir til stuðnings mun hærri lífeyri aldraðra



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Eftir að síðasta grein mín um kjör aldraðra birtist í Fréttablaðinu hringdu margir til mín. Meðal þeirra sem hringdu var eldri borgari, Erla Magna Alexandersdóttir. Hún þakkaði mér fyrir greinina og allar fyrri baráttugreinar fyrir eldri borgara. En hún sagði að það væri kominn tími til aðgerða. Það þyrfti að efna til undirskriftasöfnunar og jafnvel að fara í mál við ríkið til þess að ná fram réttlæti og sanngjörnum lífeyri. Það væri ekki unnt að lifa af lífeyri almannatrygginga í dag. Það kom fram að stundum liði hún skort vegna þess hve lífeyrir TR væri naumt skammtaður. Allir hljóta að sjá að við svo búið verður ekki unað lengur.

**Nú ríður á að eldri borgarar og öryrkjar sýni samstöðu og taki þátt í undirskriftasöfnuninni.**

**Undirskriftasöfnun afráðin**

Ég féllst á að aðstoða hana við að koma á fót undirskriftasöfnun. Hún hófst 27. ágúst og er rafræn á netinu á vegum þjóðskrár til þess að tryggja öryggi hennar. Í undirskriftasöfnuninni er lögð áhersla á að elli- og örorkulífeyrir sé alltof lágur, dugi ekki til framfærslu og þurfi að hækka. Ég tel lágmark að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja í 318 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Í dag er ástandið þannig, að eldri borgarar, sem eru á lægstum lífeyri þurfa iðulega að neita sér um að fara til læknis og geta ekki leyst út lyf sín. Það er hreint mannréttindabrot. Ég tel það líka brot á 76. grein stjórnarskrárinnar, þar eð þar segir að ríkið eigi að veita öldruðum og öryrkjum aðstoð, ef þurfi. Ljóst er að það þarf aðstoð, þegar eldri borgarar líða iðulega skort og geta ekki farið til læknis eða leyst út lyfin sín. Slíkt getur ekki gengið í ríki, sem vill kalla sig velferðarþjóðfélag.

**Þurfa eðlilega aðild að samfélaginu**

Vera kann að stjórnvöldum þyki það mikil hækkun, að lífeyrir fari í 318 þúsund kr. eftir skatt. Þessi lífeyrir er 243 þúsund í dag hjá einstaklingum. En ef lægst launuðu eldri borgarar og öryrkjar eiga að geta átt eðlilegan aðgang að samfélaginu, er þetta síst of hátt. Þetta þarf að duga fyrir brýnustu útgjöldum en auk þess fyrir tölvu, fyrir bíl og rekstrarkostnaði hans, fyrir gjöfum handa börnum og barnabörnum og fyrir afþreyingu. Þessir liðir, sem ég tel upp eru sjálfsagðir í nútímasamfélagi og aldraðir og öryrkjar eiga rétt á að taka fullan þátt í samfélaginu. Í dag fer allur lífeyrir í brýnustu útgjöldin, mat, fatnað, húsnæðiskostnað, rafmagn og hita og dugar ekki til.

**Sýna þarf samstöðu**

Nú ríður á að eldri borgarar og öryrkjar sýni samstöðu og taki þátt í undirskriftasöfnuninni. Með því geta þeir knúið fram eðlilega leiðréttingu á lífeyri aldraðra og öryrkja. Það er löngu tímabært að sú leiðrétting nái fram að ganga. Aldraðir þurfa að eiga áhyggjulaust ævikvöld og öryrkjar eiga rétt á því að góðum kjörum að þeir þurfi ekki stöðugt að kvíða morgundeginum.

# Verðtrygging



Örn Karlsson
vélaverkfræðingur

Opið bréf til hagfræðideilda íslensku háskólanna, Seðlabanka Íslands, alþingismanna og ríkisstjórnar Íslands.

Verðtrygging leiðir til hærri vaxta og aukinnar verðbólgu. Því er óhjákvæmilegt að afnema hana, af öllum neytendalánum hið minnsta.

Til skýringar: Gefum okkur að öll útlán fjármálastofnana séu verðtryggð. Síðan gerist það, sem við höfum svo oft upplifað, að peningamagn í umferð eykst umfram vöxt raunhagkerfisins eða að gengið ofrís og verðbólguþrýstingur myndast, þ.e. hagkerfið fer í þann ham að ryðja sig, reyna að leiðrétta misgengi raunhagkerfis og kaupmáttar peningamagns í umferð. Þetta köllum við verðbólgu. Verðbólga er þannig í raun náttúrulegt fyrirbrigði sem fer af stað þegar misgengið áðurnefnda myndast.

Þegar allar fjármálalegar eignir eru verðtryggðar nær hagkerfið ekki að ryðja sig auðveldlega, verðtryggingin bætir jafnóðum við peningamagnið með verðbótaþætti á lánin. Verðbólgan fer þannig í viðvarandi spíral.

Ef hluti hinna fjármálalegu eigna er óverðtryggður nær hagkerfið að ryðja sér í gegnum þær. Rýrnun hinna óverðtryggðu eigna verður þannig hlutfallslega meiri eftir því sem verðtryggðar eignir eru hærra hlutfall af fjármálalegum eignum.

Þannig er ljóst að eftir því sem verðtryggðar eignir eru hærra hlutfall allra fjármálalegra eigna verður áhættan meiri á hinum óverðtryggðu sem leiðir beint til þess að þær bera hærri vexti en ella.

Verðtryggingin leiðir þannig til hærri vaxta á óverðtryggðum útlánum að öðru jöfnu. Verðtryggingin stuðlar þannig að þeim óstöðugleika sem við öll erum ósátt við.

Ég skora á Seðlabanka Íslands, hagfræðideildir háskólanna, ríkisstjórn Íslands og alþingismenn að leggja opinberlega fram gagnrök, því í ykkar skjóli er verðtryggingunni viðhaldið.



# FRÉTTABLAÐIÐ SPORT




**9. október 2017**
■ Ísland 2-0 Kósóvó
Farseðillinn á HM tryggður með 2-0 sigri á Kósóvó. Þetta var þrettándi keppnisleikur Íslands án ósigurs á Laugardalsvelli.

**8. nóvember 2017**
■ Tékkland 2-1 Ísland
Vináttulandsleikur í Katar. Lykilmenn á borð við Gylfa Þór Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson voru hvíldir.

**14. nóvember 2017**
■ Ísland 1-1 Katar
Jafntefli í seinni vináttulandsleiknum í Katar.

**11. janúar 2018**
■ Ísland 6-0 Indónesía
Fastamenn fjarverandi. Sex leikmenn skoruðu sitt fyrsta landsliðsmark í stórsigri.

**14. janúar 2018**
■ Ísland 4-1 Indónesía
Albert Guðmundsson varð fyrsti Íslendingurinn síðan 2013 til að skora þrennu í landsleik.



**24. mars 2018**
■ Mexíkó 3-0 Ísland
Fullstór ósigur í vináttulandsleik í Bandaríkjunum.

**27. mars 2018**
■ Perú 3-1 Ísland
Perúmenn höfðu talsverða yfirburði í seinni vináttulandsleiknum í Bandaríkjunum.

**2. júní 2018**
■ Ísland 2-3 Noregur
Tap fyrir lærisveinum Lars Lagerbäck. Gylfi Þór Sigurðsson kom Íslandi yfir í endurkomuleik eftir meiðsli en Norðmenn tryggðu sér sigurinn með því að skora tvö síðustu mörkin.

**7. júní 2018**
■ Ísland 2-2 Gana
Íslendingar töpuðu niður tveggja marka forskoti í síðasta leiknum fyrir HM.

**16. júní 2018**
■ Ísland 1-1 Argentína
Frábær úrslit í fyrsta leik Íslands á HM. Hannes Þór Halldórsson varði víti frá Lionel Messi.

**22. júní 2018**
■ Nígería 2-0 Ísland
Eftir ágætan fyrri hálfleik tóku Nígeríumenn völdin í seinni hálfleik.

**26. júní 2018**
■ Ísland 1-2 Króatía
Íslendinga vantaði á kafla aðeins eitt mark til að komast í 16 liða úrslit á HM. En tap varð niðurstaðan fyrir Króatíu sem tefldi ekki fram sínu sterkasta liði. Síðasti leikur Heimis Hallgrímssonar með íslenska liðið.

**8. september 2018**
■ Sviss 6-0 Ísland
Íslendingar biðu afhroð í fyrsta leiknum undir stjórn Eriks Hamrén og fyrsta leiknum í hinni nýju Þjóðadeild.

**11. september 2018**
■ Ísland 0-3 Belgía
Íslendingar máttu sín lítils gegn bronsliðinu frá HM. Fyrsta tapið í keppnisleik á heimavelli í fimm ár. Níundi leikurinn í röð án sigurs.

# Hnignun sem hófst eftir að farseðilinn á HM var tryggður

**Íslenska karlalandsliðið hefur aðeins unnið tvo leiki af 13 síðan það tryggði sér sæti á HM í Rússlandi. Einu sigrarnir á þessu tæpa ári komu í hálfgerðum B-landsleikjum gegn Indónesíu. Varnarleikurinn hefur verið slakur, lykilmenn meiddir og aldurinn er að færast yfir liðið. Nýi maðurinn, Erik Hamrén, er í erfiðri stöðu.**

**FÓTBOLTI** Stór töp og leikmenn sem mæta ekki í viðtöl. Síðustu dagar hjá íslenska karlalandsliðinu hafa því miður minnt á gamla og öllu leiðinlegri tíma í sögu þess.

Ísland tapaði 0-3 fyrir Belgíu í öðrum leik sínum í Þjóðadeildinni í fyrradag. Frammistaðan var mun skárri en á laugardaginn þegar Svisslendingar flengdu Íslendinga og unnu 6-0 sigur í St. Gallen. Fyrstu leikirnir undir stjórn nýja landsliðsþjálfarans, Eriks Hamrén, fóru ansi illa og eftir úrslitin gegn Sviss og Belgíu er Ísland svo gott sem fallið niður í B-deild Þjóðadeildarinnar.

Íslenska landsliðið byrjaði þó ekki að gefa eftir í síðustu tveimur leikjum. Síðan Ísland tryggði sér sæti á HM í Rússlandi með 2-0 sigri á Kósóvó í október 2017 hefur lítið gengið hjá liðinu.

Frá þessari risastóru stund í fótboltasögunni hefur Ísland leikið 13 leiki, unnið tvo, gert þrjú jafntefli og tapað átta leikjum. Einu sigrarnir komu í hálfgerðum B-landsleikjum gegn Indónesíu í janúar. Annar leikurinn var gegn úrvalsliði sem almenningur í Indónesíu valdi í kosningu á netinu svo andstæðingurinn var ekki merkilegur.

Fyrir utan þessa tvo leiki í Indónesíu hefur Ísland ekki unnið leik síðan HM-sætið var í höfn. Sterkasta lið Íslands hefur ekki unnið leik í tæpt ár. Næstu þrír leikir eru gegn Frakklandi, Sviss og Belgíu svo það er hætt við því að biðin eftir næsta sigri gæti orðið enn lengri.

Ísland hefur nú leikið níu leiki í röð án þess að vinna og fyrir utan fyrri leikinn gegn Indónesíu hefur íslenska liðið ekki haldið hreinu síðan það tryggði sér farseðilinn til Rússlands. Í síðustu 13 leikjum hefur íslenska liðið fengið á sig 29 mörk, þar af níu í síðustu tveimur leikjum. Varnarleikurinn er ekki nálægt því jafn sterkur og hann var.

Síðustu ár, eða frá því uppgangur íslenska liðsins hófst, hefur árangurinn í vináttulandsleikjum aldrei verið góður. En menn hafa verið klárir í keppnisleikina og náð mörgum frábærum úrslitum. Nú eru hins vegar komnir fimm keppnisleikir í röð án sigurs, þótt andstæðingarnir í þeim hafi verið vissulega sterkir.

Frammistaðan á HM var fín, fyrir utan seinni hálfleikinn gegn Nígeríu, en uppskeran lítil. Svo kom skellurinn í St. Gallen. Það var viðbúið að það gæti komið bakslag eftir blómaskeið síðustu ára en magalendingin hefur verið ansi harkaleg.

Eftir HM hætti Heimir Hallgrímsson og við tók Hamrén. Svíinn er ekki í öfundsverðri stöðu. Liðið sem hann tók við er líklega búið að toppa og öfugt við landa sinn, Lars Lagerbäck, fékk hann enga vináttulandsleiki heldur stökk beint út í djúpu laugina, í leiki gegn þremur af átta bestu liðum heims samkvæmt styrkleikalista FIFA. Þá hafa meiðsli lykilmanna ekkert hjálpað til. Í leiknum gegn Sviss vantaði til að mynda Aron Einar Gunnarsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Emil Hallfreðsson og Alfreð Finnbogason. Leikmenn úr ensku, ítölsku og þýsku úrvalsdeildinni sem íslenska liðið má einfaldlega ekki við því að missa út.

Þá er ekki hægt að horfa framhjá því að íslenska liðið er orðið aldrað. Í byrjunarliðinu gegn Belgum voru sex leikmenn 30 ára og eldri og þeir yngstu 25 ára. Meðalaldur byrjunarliðsins var 29,8 ár. Aldur á ekki að vera fyrirstaða ef leikmenn halda áfram að standa sig en það verður áhugavert að sjá hvort Hamrén nýti þá leiki sem Ísland á eftir á árinu til að gefa yngri leikmönnum tækifæri með það fyrir augum að gera þá tilbúna fyrir undankeppni EM á næsta ári.

ingvithor@frettabladid.is

# Naumt tap fyrir silfurliði síðasta tímabils

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Þórs/KA töpuðu með minnsta mun fyrir Wolfsburg, 0-1, í fyrri leik liðanna í Meistaradeild Evrópu í gær. Sara Björk Gunnarsdóttir lék allan leikinn fyrir Wolfsburg sem vann tvöfalt í Þýskalandi á síðasta ári og komst í úrslitaleik Meistaradeildarinnar þar sem liðið tapaði fyrir Lyon.

Rúmlega 1.500 manns voru á Þórsvelli í gær. Eins og við mátti búast var þýska liðið meira með boltann og sótti stíft. Wolfsburg átti tæplega 30 skot að marki Þórs/KA og fékk 16 hornspyrnur. Ein þeirra skilaði marki á 31. mínútu. Pernille Harder, markadrottning þýsku úrvalsdeildarinnar í fyrra og leikmaður ársins hjá UEFA, var þar að verki með skoti af stuttu færi.

Þegar mínúta var til leiksloka átti mexíkóski framherjinn Sandra Stephany Mayor Gutierrez skot í slána á marki Wolfsburg en það var langhættulegasta tækifæri Þórs/KA.

Liðin mætast öðru sinni á heimavelli Wolfsburg miðvikudaginn 26. september næstkomandi. – iþs



Sara Björk fylgist með Pernille Harder skora sigurmarkið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Haukar - FH 29-29**

**Haukar:** Atli Már Báruson 10/2, Daníel Þór Ingason 8, Heimir Óli Heimisson 3, Ásgeir Örn Hallgrímsson 3, Halldór Ingi Jónasson 2, Einar Pétur Pétursson 1, Grétar Ari Guðjónsson 1, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 1.
**FH:** Jóhann Birgir Ingvarsson 9, Ásbjörn Friðriksson 8/6, Birgir Már Birgisson 5, Einar Rafn Eiðsson 3, Ágúst Birgisson 2, Arnar Freyr Ársælsson 1, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 1.

**ÍR - Selfoss 24-30**

**ÍR:** Kristján Orri Jóhannsson 7/1, Elías Bóasson 6, Björgvin Hólmgeirsson 5/2, Sturla Ásgeirsson 3, Bergvin Þór Gíslason 1, Sveinn Andri Sveinsson 1, Stephen Nielsen 1.
**Selfoss:** Einar Sverrisson 9/1, Árni Steinn Steinþórsson 6, Alexander Már Egan 5, Elvar Örn Jónsson 4, Atli Ævar Ingólfsson 3, Hergeir Grímsson 2, Pawel Kiepulski 1.

**Meistaradeild Evrópu**

**Þór/KA - Wolfsburg 0-1**

0-1 Pernille Harder (31.).

# Tvær frá HK í hópnum

**HANDBOLTI** Axel Stefánsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handbolta, hefur valið 21 leikmann fyrir tvo vináttulandsleiki gegn Svíum 27. og 29. september. Leikirnir fara fram á Ásvöllum. Íslenski hópurinn kemur saman 24. september.

HK, sem er nýliði í Olís-deild kvenna, á tvo leikmenn í íslenska hópnum; varnarmanninn Berglindi Þorsteinsdóttur og vinstri hornamanninn Sigríði Hauksdóttur.

Alls leika 13 af 21 leikmanni í hópnum í Olís-deildinni. Steinunn Björnsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir og Guðrún Ósk Maríasdóttir gáfu ekki kost á sér að þessu sinni.

Íslenska hópinn má sjá í heild sinni á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. – iþs



Guðjón Valur byrjar tímabilið af miklum krafti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Markahæstur í sigri á gömlu félögunum

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur í liði Rhein-Neckar Löwen sem vann Barcelona, 35-34, á heimavelli í A-riðli Meistaradeildar Evrópu í gær. Guðjón Valur lék með Barcelona á árunum 2014-16 og varð Evrópumeistari með liðinu 2015.

Landsliðsfyrirliðinn skoraði sex mörk úr jafn mörgum skotum í leiknum í gær. Alexander Petersson skoraði þrjú mörk. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Barcelona.

Auk Löwen og Barcelona eru Evrópumeistarar Montpellier, Meshkov Brest, Veszprém, Kielce, Vardar og Íslendingaliðið Kristianstad í A-riðlinum. – iþs

# Sadolin kynnir haustlitina 2018

CREAMY COCONUT GN.01.89
VANILLA CREAM G3.10.86
SANDCASTLE F1.04.56
SMOKED OAK F1.03.27
OCEAN GREEN N8.40.21
COOL MINT N9.05.83
SOFT BLUSH C8.10.70
COOL SAND F2.04.74

Breyttu til heima fyrir með nýjum og spennandi haustlitum frá Sadolin. Hágæða málning á góðu verði!

Sérvalda haustliti Sadolin finnur þú hjá okkur. Litirnir fást einnig í möttu, sem er það vinsælasta í innanhúsmálningu í dag.

## 25% afsláttur

af öllu frá SADOLIN

**Miðað við almennt verð**

Sadolin

3.746.- ~~4.995.-~~

**Loftamálning, 10 l**

Auðvelt að vinna með og slettist ekki. Einnig hægt að nota á veggi sem verða ekki fyrir miklu hnjaski. Gljástig 2.

Sadolin

3.746.- ~~4.995.-~~

**Basic tré- og viðarmálning, 2 l**

Hálfglans akrýllakk á tré og málma vatnsþynnanlegt. Hentar vel á húsgögn, panel, ofna, karma og glugga.

Sadolin

STYKKJAVERÐ

4.496.- ~~5.995.-~~

**Veggmálning, 8 l**

Mött málning. Hentar vel á veggi og loft. Gljástig 5, 10 eða 20.

**Tilboðið gildir eingöngu frá fimmtudegi 13.september til og með mánudeginum 17.september.**

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is**

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1980** Tveir ungir menn vinna það afrek að klífa norðvesturhlíð Skessuhorns er hafði fram til þess verið talin ókleif.

**1981** Borgarfjarðarbrúin er vígð, næstlengsta brú á Íslandi, 520 metra löng.

**1981** Fjölbrautaskóli Suðurlands er settur í fyrsta sinn.

**1982** Grace Kelly, leikkona og eiginkona Rainers fursta í Mónakó, fær heilablóðfall undir stýri og bíllinn hrapar niður fjallshlíð. Hún varð tæpra 53 ára.

**1985** Japanski tölvuleikurinn Super Mario Bros er gefinn út.

**1992** Guðrún Helgadóttir rithöfundur hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bók sína Undan illgresinu.

**2002** Íslenska kvikmyndin Hafið er frumsýnd.

**2013** Samninganefnd um inngöngu Íslands í Evrópusambandið er formlega leyst upp.



Helgi yrkir bæði í baði og á hjóli, enda hefur hann ekkert annað að gera á meðan, að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Yrkir ádrepur af ýmsu tagi

**Kver um kerskni og heimsósóma nefnist nýútkomin bók með undirtitlinum ljóð og lausavísur 2014–2018. Höfundur er Helgi Ingólfsson menntaskólakennari. Sæmundur gefur út.**

Þetta eru ádrepur og ádeilur af ýmsum toga, þar á meðal stjórnmálalegum, en þó ekki einungis. Mér finnst dálítið gaman að eiga einhvers staðar í kvæðaformi vissa atburði líðandi stundar sem urðu að dægurþrasi eða dægurflugum og hurfu svo nánast út í vindinn.“ Þannig lýsir Helgi Ingólfsson, sögukennari í MR, efni nýrrar bókar sem var að koma út eftir hann. Kver um kerskni og heimsósóma heitir hún og er í bundnu máli. Hann yrkir undir hefðbundnum bragarháttum. Sléttubönd, hvað þá annað. „Ég er samt ekkert pæla mikið í þeim fræðum. Ef maður lærir eitthvað af lausavísum og kvæðum þá kemur tilfinningin sjálfkrafa. Þetta er bara þjálfun,“ útskýrir hann.

Helgi kveðst hafa lært mikið af ljóðum á sínum tíma. „Þegar ég var í barnaskóla og gagnfræðaskóla þurfti ég að læra reiðinnar býsn utanbókar og hef ekki séð eftir því, það hefur nýst mér.“

Ekki kveðst hann fullyrða að hann geri vísu á hverjum degi. „En ef ég fer í bað þá hef ég ekkert annað að gera en yrkja, ég ferðast líka mikið á hjóli og það sama gildir þar.“

Ég hef orð á að eitt ljóðið í bókinni heiti líka Reiðhjólakviða. „Já, hún á ekki síður við um mig en þann sem ort er um þar (Hjálmar). Svo er auðvitað töluvert af þessu pólitískt heimsósómaraus þar sem ég reyni að skjóta á menn í öllum flokkum. Það helgast dálítið af því hverjir hafa setið við stjórnvölinn á síðustu árum. Ég held ég eigi ekki vin í neinum stjórnmálaflokki lengur.“

Þetta er fimmtánda bók Helga frá árinu 1994. Þess má geta að hann hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar er þau voru veitt í fyrsta sinn, það ár. Flestar bækur hans eru skáldsögur. Þetta er ljóðabók númer tvö. „Eins og þú sérð þá nær þessi bók frá 2014 til 2018. Það mætti halda að þar væri verið að minnast hundrað ára afmælis fyrri heimsstyrjaldarinnar sem stóð frá 1914 til 1918. Kannski kemur næsta bók af þessum toga 2039 til 2045, það yrði þá seinni heimsstyrjöldin.“

gun@frettabladid.is

> **Ég reyni að skjóta á menn í öllum flokkum. Það helgast dálítið af því hverjir hafa setið við stjórnvölinn á síðustu árin. Ég held ég eigi ekki vin í neinum stjórnmálaflokki lengur.**

### Heimsósómaraus nr. 9

***(Op. Jóh., 6.8)***
**Við, sem byggjum vindum blásið sker,**
**vitum síst hvað gerist bakvið tjöldin,**
**er hæstráðendur hygla einkum sér**
**og hyski sínu; þannig er nú öldin,**
**að þá frá múgnum skilur skothelt gler**
**og skiptir mestu að grípa þétt um völdin,**
**en auðurinn í eigin vasa fer**
**svo eilíf muni þeirra veisluhöldin.**
**Þjóðin fær að greiða syndagjöldin.**






Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrefna Magnúsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli
9. september 2018.
Útförin fer fram í kyrrþey.

**Hafdís Júlía Hannesdóttir** — **Kristján Albert Jóhannesson**
**Heiðar Jón Hannesson** — **Halldóra Sigurdórsdóttir**
**Hildur Björg Hannesdóttir** — **Ásgeir Gestsson**
**Heimir Magni Hannesson** — **Ingunn Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Kristjáns Aðalsteinssonar**

**Guðrún Pétursdóttir**
**Georg Pétur Kristjánsson** — **Ósk Sigþórsdóttir**
**Silla Þóra Kristjánsdóttir** — **Hálfdán Kristjánsson**
**Anna Kristjánsdóttir** — **Gústaf Steingrímsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Svava Sjöfn Kristjánsdóttir**

Ásvegi 1, Hvanneyri,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, 7. september 2018.
Útför hennar fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 15. september klukkan 14.00.
Jarðsett verður í Hvanneyrarkirkjugarði.

**Pétur Jónsson**
**Ómar Pétursson** — **Íris Björg Sigmarsdóttir**
**Kristján Ingi Pétursson** — **Anna Sigríður Hauksdóttir**
**Kristín Pétursdóttir** — **Øyvind Kulseng**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásgeir Jóhannes Axelsson**

vélvirki,
Miðvangi 15, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 8. september síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði þriðjudaginn 18. september nk. kl. 13.00.

**Elsa Þorsteinsdóttir**
**Alda Ásgeirsdóttir** — **Árni Stefánsson**
**Heiða Ásgeirsdóttir** — **Marek Bjarki Wolanczyk**
**Hrönn Ásgeirsdóttir** — **Gunnar Svavarsson**
**Þröstur Ásgeirsson** — **Hulda S. Helgadóttir**
**Óðinn Ásgeirsson** — **Brynja Sif I. Brynjarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Líneik Guðlaugsdóttir**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
10. september sl. Útförin auglýst síðar.

**Daníel Karl Pálsson**
**Stefán Þór Karlsson** — **Sara Jónsdóttir**
**Fanney Björg Karlsdóttir** — **Trausti Þór Sigurðarson**
**Guðlaugur Jakob Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Hallgríms Guðjónssonar**

fyrrv. bónda, Hvammi í Vatnsdal.

**Ingibjörg R. Hallgrímsdóttir** — **Gísli R. Gíslason**
**Þuríður K. Hallgrímsdóttir** — **Finnbogi Kjartansson**
**Margrét Hallgrímsdóttir** — **Gunnar Þór Jónsson**
**Hafsteinn Gunnarsson** — **Ásta Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# NÚ BROSIR BÓKIN!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




Nú brosir nóttin
**VILDARVERÐ: 5.499.-**
Verð: 6.499.-




Bókin um gleðina
**VILDARVERÐ: 3.699.-**
Verð: 4.499.-




Óboðinn gestur
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




Nammigrísinn
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




Soralegi Havanaþríleikurinn
**VILDARVERÐ: 5.499.-**
Verð: 6.499.-




Fórnarmýrin
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




Smáa letrið
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




Múmíuráðgátan
**VILDARVERÐ: 3.599.-**
Verð: 4.299.-




Katrínarsaga
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 5.999.-




Til ástvina minna - Ævi mín og óskir
**VILDARVERÐ: 3.100.-**
Verð: 3.799.-




Skiptidagar
**VILDARVERÐ: 3.699.-**
Verð: 4.499.-




Heilabilun á mannamáli
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 4.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 16. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudag

Norðlæg átt í dag, vætusamt og svalt veður á norðanverðu landinu, en bjartviðri syðra og mun hlýrra.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° ↓7 | 3° ↓6 | 4° ↘7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° ↘7 | 11° ↙4 | 2° ↓9 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° ←8 | 3° ←7 | 4° ←2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° ←1 | 5° ←8 | 4° ↖6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | 8 | | 9 | | |
| | 7 | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 8 | | 5 | | | 2 | 7 | | |
| 4 | | 2 | | | 6 | | | 7 |
| | 1 | | 9 | | | 2 | 5 | |
| | 5 | | 1 | 2 | | | | 3 |
| | | | 4 | 3 | | | | 8 |
| 5 | 4 | 1 | | | | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | | 7 | 3 | | 2 | | |
| | | 1 | | | | 5 | 3 | |
| | 2 | 3 | | 1 | 8 | | | |
| 1 | | | | | 4 | | | |
| | | | | 8 | | 1 | | |
| | 3 | | | 2 | 9 | | 4 | |
| 7 | 5 | 2 | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | 8 | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | | 2 | |
| 5 | 6 | | | | | | | |
| 2 | | | 6 | | 7 | | | 1 |
| | | 8 | | 7 | 4 | | | |
| | 3 | | 8 | | | 4 | | |
| 6 | | | | 1 | | | | |
| | 8 | | 2 | | 9 | | 1 | 5 |
| | 9 | 5 | | 6 | 1 | | | 8 |
| | | | 3 | | | | 6 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hærra
6. kyrrð
8. kættist
9. siða
11. verslun
12. þúsundasti hluti
14. ana
16. tveir eins
17. sönghús
18. drulla
20. sprikl
21. krukka

**LÓÐRÉTT**
1. íþróttafélag
3. íþróttafélag
4. hvítingi
5. upphaf
7. einhleypur
10. einkar
13. yfirbreiðsla
15. ögn
16. hald
19. ullarflóki



**LÁRÉTT:** 2. ofar, 6. ró, 8. hló, 9. aga, 11. bt, 12. milli, 14. flana, 16. tt, 17. kór, 18. aur, 20. ið, 21. krús.
**LÓÐRÉTT:** 1. fram, 3. fh, 4. albinói, 5. rót, 7. ógiftur, 10. all, 13. lak, 15. arða, 16. tak, 19. rú.

## Skák Gunnar Björnsson

Boeoek átti leik gegn Koponen í Helsinki árið 1961.

Hvítur á leik



**1. exf6!! Dxe2 2. f7+ Kh8 3. Bxg7+! Kxg7 4. fxe8D+ 1-0.**
Afmælismót Hróksins fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun. Flestir sterkustu skákmenn þjóðarinnar meðal þátttakenda.

**www.skak.is** Haustmót TR.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






netto

# LJÚFFENGUR HELGARMATUR



-22%

**LAMBALÆRI**
STUTT
**1.090 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.398 KR/KG~~



-34%

**LAMBABÓGUR**
**791 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.198 KR/KG~~

*Lambakjöt af nýslátruðu*



-15%

**SÚPUKJÖT**
**1.188 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.398 KR/KG~~



-13%

**LAMBAHRYGGUR**
FERSKUR
**1.999 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.298 KR/KG~~



-40%

**LAMBALUNDIR**
**3.593 KR/KG**
~~ÁÐUR: 5.989 KR/KG~~



-30%

**ANDABRINGA**
ca. 700g
**2.449 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~






-20%

**KJÚKLINGABRINGUR ROYAL**
**1.998 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.498 KR/KG~~



-24%

**KALKÚNABRINGUR**
FERSK
**2.962 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.898 KR/KG~~



-40%

**NAUTAHRYGGVÖÐVI**
STRIPLOIN
**2.999 KR/KG**
~~ÁÐUR: 4.998 KR/KG~~



-40%

**HAFRABRAUÐ**
687g
**239 KR/STK**
~~ÁÐUR: 398 KR/STK~~

*Appelsínur 50% afsláttur*



-50%

netto

**Tilboðin gilda 13. - 16. september 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Á NETINU

**www.netto.is**

HAFIÐ
FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti

Blekhylki.is


Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141


Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18
laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



# BÍLAR


Búast má við miklu fjölmenni til Parísar í næsta mánuði að berja fagra bíla augum.

## Margir flottir á pöllunum í París

**Þó að margir af þekktustu bílaframleiðendum heims skrópi á bílasýninguna í París, sem hefst í byrjun næsta mánaðar, þá verður samt enginn hörgull á flottum og nýjum bílum sem bíða þar gesta.**

Bílasýningin í París hefst 2. október og þrátt fyrir að margir bílaframleiðendur hafi ákveðið að taka ekki þátt í sýningunni að þessu sinni verða margar nýjar útgáfur af þekktum bílum, sem og nokkrir glænýir bílar á pöllunum þar. Audi mun til að mynda kynna nýjan A1, BMW nýjan 3 Series bíl, Kia hinn flotta ProCeed GT bíl og Hyundai öflugan i30 Fastback N sportbíl. Ef til vill mun víetnamski bílaframleiðendinn nýi VinFast vekja athygli með nýjum jeppa sem hannaður er af Pininfarina, en þar fer einkar vel útlítandi bíll. Lexus mun einnig sýna nýjan RC sportbíl.


Skrugguflottur Skoda Kodiaq sportjeppi á bílasýningunni í París í fyrra.

### Mikið úrval þýskra

Mercedes Benz mun sýna 2020 árgerðina af GLE tengiltvinnjeppanum, sem og hinum nýja rafmagnsbíl EQ C sem Benz reyndar svipti hulunni af fyrir skömmu. Raunar verður Audi með marga nýja bíla í París, auk A1 verður þar A3, hinn glænýi Q8 og heyrst hefur að Audi muni frumsýna nýjan Audi Allroad líka. Þá mun BMW líka sýna hinn glænýja 8-Series bíl með yfir 500 hestöfl undir húddinu og auðvitað nýja sportbílinn BMW Z4. Þá verður á pöllunum spennandi ný gerð Suzuki Jimny sem fengið hefur flotta dóma og verður kynntur blaðamönnum í Þýskalandi í næstu viku. Verður fulltrúi Fréttablaðsins þar á meðal bílablaðamanna.

### Margir framleiðendur skrópa

Þrátt fyrir að margir bílar verði til sýnis í París er áhyggjuefni fyrir sýningarhaldara þar, sem og aðrar bílasýningar, hve margir bílaframleiðendur halda sig þessi misserin frá stóru bílasýningunum. Núna vantar til dæmis Volkswagen, Opel/Vauxhall, Nissan, Infinity, Ford, Volvo, Subaru, Mazda, Mitsubishi og Lamborghini á sýninguna í París, bara svo nokkrir bílaframleiðendur séu nefndir. Bílasýningin í París er elsta bílasýning í heimi og sú fyrsta var haldin árið 1898. Árið 1946 komu 800.000 gestir á sýninguna og hefur hún verið afar vel sótt síðan, þó nú sé nokkrar blikur á lofti. Árið 1954 mættu yfir milljón manns á bílasýninguna í París.

## Mustang selst miklu betur en Camaro

Sala á bandarískum sportbílum fer almennt minnkandi en þeir hjá Chevrolet ættu ef til vill sérstaklega að hafa áhyggjur. Camaro bíll þeirra selst nú orðið miklu mun verr en helsti keppinautur hans, Ford Mustang. Sala Camaro hefur reyndar fallið um 28% það sem af er ári og aðeins seldust 29.551 eintök til enda júlí á meðan Mustang seldist í 48.362 eintökum.

Skemmst er að minnast þess að á árunum 2010 til 2014 seldist Camaro miklu betur en Mustang, en síðan Ford kynnti nýjan Mustang árið 2015 hefur dæmið heldur en ekki snúist við.


Chevrolet Camaro og Ford Mustang.

Árið 2015 seldi Ford alls 122.349 eintök af Mustang og jókst salan um 40.000 bíla frá fyrra ári. Sama ár seldust aðeins 77.502 Camaro bílar. Salan í ár virðist ætla að vera langt frá þessum góða árangri ársins 2015, en víst er að sala Mustang verður vel undir 100.000 bílum og líklega nær 80.000. Sala Camaro stefnir í 50.000 bíla í ár og því er um mikinn samdrátt í sölu að ræða á báðum bílgerðum frá árinu 2015. Chevrolet hefur brugðist við þessari dræmu sölu Camaro með verðlækkun og til dæmis má fá ódýrustu gerð hans nú á svo lítið sem 25.995 dollara í Bandaríkjunum, eða 2,85 milljónir króna.

# ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Nýtt

Strefen®

**Bólgueyðandi** og **verkjastillandi** munnúði við særindum í hálsi






Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# Ísland í hjarta okkar

**Matthías Johannessen sendir frá sér nýja ljóðabók, Enn logar jökull. Fjallar um landið og upplifun á því. Vill að hugmyndir sínar heyrist. Saga á hlusta.is.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Enn logar jökull er ný ljóðabók frá Matthíasi Johannessen sem bókaforlagið Sæmundur gefur út.

„Bókin fjallar um landið okkar og upplifun á því, sem er einstök reynsla. Hún fjallar líka um tunguna og arfleifðina, en hvort tveggja hefur verið fengið okkur til varðveislu og nýrra átaka. Engum hefur verið afhent þessi arfleifð til ávöxtunar nema okkur, enda getur enginn varðveitt þessa heimssögulegu arfleifð nema við. Þetta tvennt bíður nýrra kynslóða til varðveislu og endurnýjunar, hvað sem tískunni líður,“ segir Matthías.

Í bókinni yrkir hann meðal annars um efnahagshrunið, eins og hann hefur gert áður. „Ég var á gangi í Edinborg á sínum tíma og fór að hugsa um þetta einmana land sem ég taldi mig þekkja svo vel, þar sem drýpur smjör af hverju strái. Þá helltist yfir mig hvernig væri komið fyrir okkur. Ég orti heilan ljóðaflokk sem heitir Hrunadans. Það hvílir á mér að þetta skuli hafa getað gerst á Íslandi. Þetta gerðist vegna þess að maðurinn er veiklundaður og fullur af græðgi.“

### Við eigum að gæta okkar

*Þú ert mjög gagnrýninn í þessari bók, þú hefur til dæmis áhyggjur af landinu og segir að við séum að selja það eins og tískuvöru. Þér líkar ekki hvert við erum að stefna.*

„Það er vegna þess að ég sé ekki það mótvægi sem ætti að vera andspænis þessari þróun. Ég sé ekki að það sé horft til fornrar hámenningar sem við eigum og dregin ályktun af henni, heldur er vaðið yfir allt og alla. Mér finnst ekki áhersla lögð á gæði eins og ætti að vera. Þess vegna er ég gagnrýninn í þessari bók. Ég stend ekki á öndinni yfir neinu af því sem ég gagnrýni. Ég er bara þeirrar skoðunar að við eigum að gæta okkar, það er ekki mjög auðvelt að halda í horfinu.“

*Íslensk tunga og framtíð hennar er þér greinilega hugleikin.*

„Ég hef farið nokkuð víða til að lesa upp ljóð mín því þau hafa verið þýdd á ýmsar tungur. Eitt sinn var ég á ferð í Bretlandi og var beðinn um að lesa fyrir prófessora og nemendur í Oxford. Það gerði ég og las á íslensku. Þegar ég var búinn að lesa kom til mín maður, nokkuð aldraður, horfði á mig og spurði: Talið þið virkilega þetta fallega mál? Já, þetta er okkar tunga, svaraði ég. Þegar hann kvaddi mig var eins og hann kæmist við. Ég spurði nærstadda hvaða maður þetta væri. Hann var prófessor í forn-grísku við Oxford. Hann kenndi tungu sem er næstum gleymd og fáir skilja og öfundaði okkur augsýnilega af því að hafa varðveitt í þúsund ár þennan dýrgrip sem tungan er.

Segjandi þetta hvarflar hugurinn til Noregs þar sem ég var einu sinni sem oftar að lesa upp. Ég var á leið í Þelamörk og þar um slóðir komum við að á, þröngri og strangri, og ég spurði Norðmennina hvað hún héti: Herkja, svöruðu þeir. Hvað merkir það? spurði ég. Við vitum það ekki, sögðu þeir. Þá sagði ég þeim merkinguna og að orðið væri enn notað á íslensku og merkti harka eða með herkjubrögðum. Svo horfðum við á ána sem leið áfram í miklum straumþunga inn í dauða tungu sem eitt sinn var lifandi staðreynd í Noregi eins og enn á Íslandi.“



„Ég er þakklátur fyrir að hafa enn hæfileikann til að njóta,“ segir Matthías. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÉG SÉ EKKI AÐ ÞAÐ SÉ HORFT TIL FORNRAR HÁMENNINGAR SEM VIÐ EIGUM OG DREGIN ÁLYKTUN AF HENNI, HELDUR ER VAÐIÐ YFIR ALLT OG ALLA.**

**ÞAÐ HVÍLIR Á MÉR AÐ ÞETTA SKULI HAFA GETAÐ GERST Á ÍSLANDI. ÞETTA GERÐIST VEGNA ÞESS AÐ MAÐURINN ER VEIKLUNDAÐUR OG FULLUR AF GRÆÐGI.**

**ÉG ER BARA ÞEIRRAR SKOÐUNAR AÐ VIÐ EIGUM AÐ GÆTA OKKAR, ÞAÐ ER EKKI MJÖG AUÐVELT AÐ HALDA Í HORFINU.**

### Dauðinn á næstu grösum

*Í einu ljóði segir þú: Nú er ég gamall svanur á gömlum slóðum og nýt þess sem eftir er. Þú átt þar við sjálfan þig.*

„Já, ég er að tala um sjálfan mig. Ég er þakklátur fyrir að hafa enn hæfileikann til að njóta. Það eru mikil forréttindi að ná aldri án þess að missa samband við heilabúið. Þótt ég hafi fengið að reyna ýmislegt í sambandi við líkamleg veikindi þá hef ég náð mér vel á strik og gat þess vegna lokið við þessa bók. Fyrir það er ég mjög þakklátur. Það er ýmislegt í henni sem ég vildi sagt hafa.“

*Í ljóðunum sést að þú ert mjög meðvitaður um dauðann.*

„Ég vil ekki tala um sjúkdóma eða heilsufar en dauðinn er auðvitað á næstu grösum. Við erum úr sama efni og trén og föllum eins og þau fyrir exi dauðans. Grímur Thomsen kallar dauðann koss af axarmunni í kvæðinu um Þjóstólf og það verður ekki betur gert. Jafnvel Snorri Sturluson hlaut slíkan koss í lokin, hvað þá við hin. Það er ekki hægt að lifa lífinu án þess að velta fyrir sér þessari yfirgengilegu ráðgátu, dauðanum.

Í byrjun þessa viðtals var ég að tala um arfleifðina. Ég hef verið að skrifa sögu um gamlan mann sem lifir sig inn í fornan arf. Sú saga verður ekki gefin út á bók heldur lesin á hlusta.is þar sem er gott skjól fyrir hávaðasama og sjálfsmeðvitaða samtíð.

Ég hef ekki svo mikinn áhuga á því að vera í umræðunni. Ég vil samt að hugmyndir mínar heyrist af því þær fjalla um það Ísland sem við öll vildum hafa í hjarta okkar en það er þar ekki í dag.“



# Var Bolero fyrsta einkenni heilasjúkdóms?



„Í það heila var flutningurinn glæsilegur og kallaði fram verðskulduð fagnaðarlæti,“ segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÓNLIST**

★★★☆☆

**Verk eftir Berlioz, Ravel og Bartók.**
**Sinfóníuhljómsveit Íslands lék.**
**Einleikari:** Renaud Capuçon.
**Stjórnandi:** Yan Pascal Tortelier.
**Eldborg í Hörpu**
fimmtudaginn 6. september

Ég hef heyrt þá kenningu að Bolero eftir Ravel, sem var á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið, hafi mögulega verið afleiðing heilabilunar. Fyrir þá sem ekki vita gerist ekkert í verkinu, nema að sama grípandi laglínan er endurtekin aftur og aftur. Hljóðfærasamsetningarnar eru þó mismunandi og smám saman vex tónlistin upp í magnaðan hápunkt. Ravel kláraði Bolero árið 1928, en ári fyrr voru vinir hans farnir að hafa áhyggjur af honum. Hann var orðinn svo utan við sig. Sjúkdómurinn versnaði og nokkrum árum síðar var hann alveg hættur að semja. Eitt af einkennunum var vaxandi málstol, sem stundum markast af sífelldum endurtekningum.

**BOLERO ER Í ÖLLU FALLI VINSÆL TÓNSMÍÐ, ÞVÍ LAGLÍNAN ÞAR ER SVO FLOTT AÐ HÚN ER ÞESS VIRÐI AÐ ENDURTAKA.**

Þetta eru auðvitað bara vangaveltur. Bolero er í öllu falli vinsæl tónsmíð, því laglínan þar er svo flott að hún er þess virði að endurtaka. Yan Pascal Tortelier stjórnaði hljómsveitinni og gerði það af röggsemi, þó að einstaka blásarar hafi verið óhreinir. Steef van Oosterhout slagverksleikari var hins vegar með allt á tæru, en tromman hans var í burðarhlutverki frá byrjun. Í það heila var flutningurinn glæsilegur og kallaði fram verðskulduð fagnaðarlæti.

Annað verk eftir Ravel var leikið á tónleikunum, tríó fyrir píanó, fiðlu og selló í a-moll, hér í hljómsveitarútsetningu eftir Tortelier sjálfan. Í útsetningunni leikur strengjasveitin fiðlu- og sellórödd tríósins, en allar hinar hljóðfæragrúppurnar deila píanóinu á milli sín. Aðalrökin fyrir því að umbreyta tríóinu á þennan hátt eru þau, að sögn Torteliers, að frönsk tónlist markast af blæbrigðum. Píanóið er hins vegar vélrænt hljóðfæri (að hans mati), sem býr langt í frá yfir sömu litamöguleikum og hljómsveitin. Um þetta má deila. Píanóið býr jú yfir takmörkunum, en fyrir vikið gefur það í skyn frekar en að það troði merkingunni ofan í hlustandann. Stundum er það miklu sterkara.

Útsetning Torteliers var í sjálfu sér haganlega gerð. Hún gekk bara allt of langt. Sérkenni píanósins eru hluti af sjarma upphaflegu tónsmíðarinnar, en hér var rödd þess ýkt og útbelgd. Það var gert með hvellum málmblæstri, agressífum trumbuslætti, þokukenndum hörpuhljómum, glimmerkenndri selestu, o.s.frv. Heildarútkoman var smekklaus og rembingsleg; hún lét ekki vel í eyrum.

Meira var varið í Ungverskan mars eftir Berlioz, sem var glæsilega leikinn þó lúðrablásturinn í byrjun hafi verið óhreinn. Annar fiðlukonsert Bartóks var líka frábær, en þar var Renaud Capuçon í einleikshlutverkinu. Konsertinn er innhverfur og einkennist af ljóðrænu sem er þrungin tilfinningum. Tónlistin er heillandi, ungversk þjóðlagastemning er aldrei langt undan, en framvindan er samt full af óvæntum uppákomum. Hljómurinn í fiðlu Capuçons var safaríkur og flottur. Hver einasta hending var fagurlega mótuð, túlkunin gædd innileika og sannfæringarkrafti. Það gerist varla betra.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Smekklaus útsetning á tríói eftir Ravel kom illa út, en annar fiðlukonsertinn eftir Bartók var magnaður.

















Elín Sif og Eyrún Björk eru frábærar í hlutverkum Stellu og Magneu og túlka stúlkurnar í gleði og sorg af mögnuðu næmi.

# Skítug tuska framan í smáborgara

**Lof mér að falla er ekki auðveld mynd á að horfa enda raunsönn og átakanleg. Fall Magneu er saga einnar persónu en um leið ótal ungmenna um allan heim sem hlotið hafa sömu örlög.**

KVIKMYNDIR

**Lof mér að falla**
★★★★☆

**Leikstjórn:** Baldvin Zophoníasson
**Handrit:** Birgir Örn Steinarsson, Baldvin Zophoníasson
**Aðalhlutverk:** Elín Sif Halldórsdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Eyrún Björk Jakobsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir

Lof mér að falla er ekki auðveld mynd á að horfa enda raunsönn og óvægin lýsing á ömurlegum veruleika ungra fíkla. Hún er í það minnsta 40 mínútum of löng, langdregin semsagt, hrá, ljót og á köflum nánast leiðinleg. Svolítið eins og dauðastríð fíkla þannig að ekki verður af höfundum myndarinnar tekið að þeim tekst listavel að koma sögunni til skila.

Höfundarnir lögðu mikla vinnu í handritið, leituðu víða fanga og flétta sorgarsögu unglingsstúlkunnar Magneu úr viðtölum við stelpur sem festust í viðjum fíknarinnar, átakanlegum dagbókum konu sem fór í gegnum hreint helvíti á götunni og endaði á því að stytta sér aldur.

Lof mér að falla hefur verið áberandi í umræðunni síðustu vikur enda þykir hún vera einhvers konar opinberun. „Venjulegt“ fólk er sagt alveg miður sín og í mauki eftir að hafa horft á myndina og allt í einu eru allir orðnir mjög meðvitaðir um hversu viðbjóðslegur veruleiki ungra fíkla er í raun og veru.

## Ógeðslegur heimur

Ekki ætla ég að gera lítið úr því og vona að sem allra flestir leggi þessa hlélausu 136 mínútna harmsögu á sig í kvikmyndahúsum. Þeir sem verða beinlínis fyrir áfalli yfir því sem fyrir augu ber mættu líka alveg eiga langt eintal við sjálfa sig og samvisku sína ef það þurfti virkilega dramatíseraða bíómynd til þess að troða því inn í hausinn á þeim að það er ekkert fallegt, spennandi eða skemmtilegt við þann ógeðslega heim sem langt leiddir fíklar búa í.

Hélt virkilega einhver að það lægi ekki ömurleg neyð og vonlausar sögur á bak við fréttirnar af öllum týndu börnunum og unglingum sem deyja í partíum? Hvarflaði virkilega að einhverjum að á bak



Kristín Þóra kafar djúpt ofan í svartnætti fíkilsins í átakanlegri túlkun sinni á Magneu fullorðinni. Enn einn brilljansinn hjá þessari öflugu leikkonu.

við þessar sorglegu fréttir væri eitthvað annað en viðbjóður, uppgjöf og vonlaus staða?

Lof mér að falla sprengir allar slíkar sápukúlur og þótt myndin sé ágeng og erfið þá hefði hún samt getað verið miklu andstyggilegri vegna þess einfaldlega að það eru engin takmörk fyrir þeim hryllingi sem ungir fíklar geta flækst í og ótrúlegum skepnuskapnum sem þeir óþverrar sem nýta sér neyð þeirra sýna krökkunum.

**HÉLT VIRKILEGA EINHVER AÐ ÞAÐ LÆGI EKKI ÖMURLEG NEYÐ OG VONLAUSAR SÖGUR Á BAK VIÐ FRÉTTIRNAR AF ÖLLUM TÝNDU BÖRNUNUM OG UNGLINGUM SEM DEYJA Í PARTÍUM? HVARFLAÐI VIRKILEGA AÐ EINHVERJUM AÐ Á BAK VIÐ ÞESSAR SORGLEGU FRÉTTIR VÆRI EITTHVAÐ ANNAÐ EN VIÐBJÓÐUR, UPPGJÖF OG VONLAUS STAÐA?**

## Frábærar leikkonur

Lof mér að falla hverfist um unglingsstúlkuna Magneu sem sogast hratt ofan í martraðarheim fíknarinnar, með dyggilegri leiðsögn hinnar frökku Stellu. Átakanleg sagan af falli Magneu er saga einnar persónu en um leið saga ótal ungmenna út um allan heim sem hafa mátt þola sömu örlög.

Þótt vel sé vandað til verka í hvívetna liggur styrkur myndarinnar fyrst og fremst í frábærum leik Elínar Sifjar og Kristínar Þóru sem leika Magneu unga og fullorðna þegar götulífið hefur gersamlega bugað hana, og sömuleiðis Eyrúnar Bjarkar og Láru Jóhönnu sem leika Stellu á sömu aldursskeiðum.

Elín Sif ristir ofsalega djúpt í næmri og hyldjúpri túlkun sinni á Magneu ungri þannig að maður þjáist með henni alla leið og Kristín Þóra umbreytist sannfærandi í flakið sem unga stúlkan breytist í.

Helsti galli myndarinnar er að hún er of löng og verður langdregin á endasprettinum. Framan af heldur hún hins vegar fullum dampi og Baldvin fer á kostum í notkun á myndmáli og byggir upp hverja senuna á fætur annarri af mikilli íþrótt.

Það hefur löngum viljað loða við fíklamyndir að þær ná hæstu flugi á meðan djammið er ennþá spennandi og tjúttið er enn feitt. Lof mér að falla er þessu marki brennd en fyrri hlutinn verður enn betri þar sem lúmskum feigðarboðum er lætt inn í myndmálið. Þótt stelpunum finnist það þá er nefnilega aldrei neitt varið í þetta partí.

Vonandi verður Lof mér að falla sem flestum hugvekja, ekki síst þeim sem fá sjokk. Þeir hinir sömu hefðu gott af því að líta í eigin barm og velta fyrir sér eigin ábyrgð á samfélagi sem er skítsama þótt ungt fólk falli fyrir fíkninni. Annars staðar en í bíó.

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Fantavel leikin og í grunninn vel gerð bíómynd um brýnt efni sem verður langdregin vegna þess að höfundarnir gera hana af alúð og virðingu og liggur meira á hjarta en formið þolir.


Hvert er þitt uppáhald?
NÓA
Lakkrís
TROMP PERLUR
NÓA
Lakkrís
KARAMELLUPERLUR
NÓA
Lakkrís
PIPARPERLUR
NÝJAR
ENDURLOKANLEGAR UMBÚÐIR
NÓI SÍRÍUS

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Ís í brauðformi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Ís í brauðformi snýr aftur í höfuðstöðvarnar í kvöld. Kynnir og hágæðastjórn er eins og áður í höndum hins eina sanna 7Berg. Rækilega áskilið að mæta snemma, við sjáumst og hér sé sveifla.

**Hvað?** III – aYia : Live at Iðnó – III
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
aYiar spila í Iðnó. Madonna + Child hitar upp. 2.000 krónur inn.



**Mr. Silla tekur lagið á Bryggjunni Brugghúsi í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Mr. Silla + sillus LIVE
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús, Grandagarði
Sigurlaug Gísladóttir eða Mr. Silla er í miklu uppáhaldi á Bryggjunni og því verður hún að sjálfsögðu með blússandi tónleika í kvöld. Nafna hennar, Sigurlaug Thorarensen, sem kemur fram undir nafninu sillus, mun hita upp.

**Hvað?** Af fingrum fram með Jóni Ólafs – Laddi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Nú göngum við inn í 10. árið! Tónleikaröðin Af fingrum fram með Jóni Ólafs og gestum í Salnum. Fyrsti gestur Jóns í ár en enginn annar en Laddi! Laddi er fyndinn og skemmtilegur. Það er vitað. En hæfileikar hans á sviði laga- og textasmíða hafa kannski verið minna í umræðunni í gegnum tíðina og verður nú bætt úr því þegar ljúflingurinn lauflétti skautar í gegnum lög eins og Búkollu, Austurstræti og Ég pant spila á gítar auk fleiri smella sem þjóðin heldur svo mikið upp á. En óttist eigi: Grínið verður á sínum stað!

**Hvað?** Milkhouse & Gróa á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Frítt inn.

**Hvað?** Gunned Down Horses / DALÍ / VAR
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Gunned Down Horses, DALÍ og VAR sameina krafta sína í kvöld á Gauknum. 1.500 krónur inn.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Kjass
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Rætur er fyrsta hljómplata Kjass þar sem lágstemmdir djasshljómar og áhrif frá íslenskri þjóðlagatónlist skapa eina heild. Tónlistin fellur afar vel að fyrsta kaffibolla á sunnudagsmorgni eða til að ylja sér við á dimmu vetrarkvöldi. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Myndbandsútgáfupartí og tónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kvartýra №49, Laugavegi
Í tilefni útgáfu á nýjum singúl og nýju tónlistarmyndbandi verður haldið útgáfuhóf. Gleðin mun fara fram í Kvartýru á Laugavegi 49, bakhúsi. Rósa Guðrún Sveinsdóttir mun koma fram með hljómsveit á stuttum tónleikum og svo verður myndbandið frumsýnt. Lilja Björk Runólfsdóttir//Ránd á heiður af myndbandinu.

### Viðburðir

**Hvað?** Fyrirlestraröð Konfúsíusarstofnunar og KÍM – Jarðfræði Kína
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Kínversk-íslenska menningarfélagið (KÍM) munu standa fyrir mánaðarlegum viðburðum þar sem gestum er boðið að hittast, spjalla saman og hlusta á fjölbreytta fyrirlestra tengda Kína. Viðburðirnir verða í kjallara Veraldar – húss Vigdísar. Fyrsti fyrirlesturinn fer fram 13. september kl. 17.30 í stofu VHV-007 og fjallar um jarðfræði Kína. Brynhildur Magnúsdóttir, jarðfræðingur og jarðfræðikennari við Landbúnaðarháskóla Íslands, mun fræða gesti um náttúrufar og jarðfræði Kína, en þetta stóra land býr yfir miklum jarðfræðilegum fjölbreytileika og fegurð ásamt gríðarlega langri jarðsögu.

**Hvað?** Rússneskir kvikmyndadagar
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Rússneska stórmyndin The Spacewalker (ВРЕМЯ ПЕРВЫХ) ásamt sovésku heimildamyndinni Síldveiði við Íslandsstrendur (ЛОВ СЕЛЬДИ У БЕРЕГОВ ИСЛАДИИ) munu opna Rússneska kvikmyndadaga í Bíó Paradís sem haldnir verða í sjötta sinn dagana 13.-16. september. Dagskráin mun bjóða upp á það besta úr rússneskri kvikmyndagerð, fjölbreyttar verðlaunamyndir sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Myndirnar verða sýndar á rússnesku með enskum texta. Frítt inn og allir velkomnir.




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Söngur Kanemu (ENG SUB) | 18:00 | Útey 22. júlí | 20:00 |
| Kona fer í stríð (ENG SUB) | 18:00 | Útey 22. júlí | 22:00 |
| | | Whitney | 22:00 |
| Rússneskir Kvikmyndadagar - Opnun | | Kvíðakast (Atak Paniki) | 22:00 |
| The Spacewalker (ENG SUB) | 18:30 | | |






# Vistvæn orka allan hringinn!

IKEA er stoltur styrktaraðili Indverjans Sushil Reddy, sem lagður er af stað hringinn í kringum landið á IKEA rafhjóli með sólarsellu í tengivagni. Ferðin er farin í tengslum við Charge ráðstefnuna sem fer fram 24. og 25. september í Hörpu, þar sem framtíð orkumála er til umfjöllunar. Aðstoðarmaður hans ekur með honum á Volkswagen Golf rafbíl frá bílaumboðinu Heklu.

Við óskum Sushil góðrar ferðar og vonum að honum verði vel tekið hvar sem hann kemur við á ferð sinni um Ísland.




© Inter IKEA Systems B.V. 2018

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **IKEA.is**

IKEA®



**STARTUP**
KL. 22:30
Skemmtileg og öðruvísi þáttaröð með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman.

**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**MASTERCHEF USA**
KL. 19:50
Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



**LETHAL WEAPON**
KL. 20:30
Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.



**ANIMAL KINGDOM**
KL. 21:15
Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annars vegar. Meinfyndin þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.



**BALLERS**
KL. 22:05
Frábærir þættir með Dwayne Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp leikmanna NFL deildarinnar og fjölskyldur þeirra en það er aldrei lognmolla í kringum þær.




**HATEFUL EIGHT**
KL. 22:00
Mögnuð mynd úr smiðju Quentin Tarantino með Samuel L. Jackson, Kurt Russell og Jennifer Jason Leigh í aðalhlutverkum.



**LITTLE BRITAIN USA**
KL. 22:00
Frábærir gamanmættir með fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á níunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest. Sögumaðurinn er 11 ára og tekur allt sem fram fer á heimilinu upp á myndbandsupptökuvél og rifjar upp sögur af yfirþyrmandi móður, skapstyggum föður, uppreisnargjarnri eldri systur, stressuðum eldri bróður og svölum afa.
**10.40** World of Dance
**11.20** Grey's Anatomy
**12.05** Landhelgisgæslan
**12.35** Nágrannar
**13.00** Swan Princess: Royally Undercover
**14.20** The Simpsons Movie
**15.45** Brother vs. Brother
**16.30** Enlightened
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Kevin Can Wait
**19.45** Masterchef USA
**20.35** Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer að öllu með gát en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri.
**21.20** Animal Kingdom
**22.05** Ballers
**22.35** StartUp
**23.20** Real Time with Bill Maher
**00.15** The Sinner
**01.00** Vice
**01.30** Silent Witness
**02.20** Silent Witness
**03.15** S.W.A.T.
**04.00** Alien Abduction
**05.30** Wyatt Cenac's Problem Areas

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30** Haukar - FH
**09.00** KA - Akureyri
**10.30** Seinni bylgjan
**12.00** Portúgal - Ítalía
**13.30** Ísland - Belgía
**16.50** Pepsi-mörk kvenna 2018
**17.50** Haukar - FH
**19.20** Fram - Haukar
**21.00** Premier League World 2018/2019
**21.30** Seinni bylgjan - upphitunarþáttur kvenna
**22.35** UFC Unleashed 2018
**23.25** UFC 228: Woodley vs Till

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** Lazio - Frosinone
**10.20** Sampdoria - Napoli
**12.00** Ítölsku mörkin 2018/2019
**12.50** Real Madrid - Leganés
**14.30** Barcelona - Huesca
**16.10** Spænsku mörkin 2018/2019
**16.40** NFL Hard Knocks 2018
**17.35** Cardiff City - Arsenal
**19.15** Everton - Huddersfield
**20.55** NFL Gameday 18/19
**21.25** Chelsea - Bournemouth
**23.05** Messan

## STÖÐ 3

**19.10** Fresh Off the Boat
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The New Girl
**21.15** Boardwalk Empire
**22.10** Little Britain USA
**22.40** The Simpsons
**23.25** American Dad
**23.50** Bob's Burgers
**01.00** Supergirl
**01.45** Legends of Tomorrow
**02.30** Arrow
**03.15** Seinfeld
**03.40** Friends
**04.05** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** K3
**07.34** Grettir
**08.12** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.35** Mæja býfluga
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.54** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.23** K3
**11.34** Grettir
**11.48** Mæja býfluga
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.23** K3
**15.34** Mæja býfluga
**15.46** Grettir
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Elías og Fjársjóðsleitin

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.12, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.15** PGA Highlights 2018
09.0 Golfing World 2018
**10.00** Evian Championship
**12.00** Omega European Masters
**13.30** Evian Championship
**16.30** BMW Championship
**21.30** Evian Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.05** The Pursuit of Happyness
**12.00** Warm Springs
**14.00** Where to Invade Next
**16.00** The Pursuit of Happyness.
**18.00** Warm Springs
**20.00** Where to Invade Next
**22.00** Hateful Eight Mögnuð mynd frá 2015 úr smiðju Quentins Tarantino með Samuel L. Jackson, Kurt Russell og Jennifer Jason Leigh í aðalhlutverkum. Myndin gerist í Wyoming eftir borgarastríðið þar sem hausaveiðarar reyna að finna skjól í ofsafengnum snjóstormi en flækjast inn í atburðarás sem er lituð af svikum og blekkingum.
**00.45** Klovn Foreve
**02.25** James White

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: 360 gráður
**14.20** Venjulegt brjálæði - Stóri vinningurinn
**15.00** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
**15.50** Úr Gullkistu RÚV: Orðbragð
**16.20** Úr Gullkistu RÚV: Hæpið
**16.50** Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Gullin hans Óðins
**18.24** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Til borðs með Nigellu
**20.35** Máttur fegurðarinnar
**21.10** Indversku sumrin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Ófærð
**00.00** Sýknaður
**00.45** Kastljós
**01.00** Menningin
**01.10** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.45** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.50** American Housewife
**14.15** Kevin (Probably) Saves the World
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** Royal Pains
**16.10** Everybody Loves Raymond
**16.35** King of Queens
**16.55** How I Met Your Mother
**17.20** Dr. Phil
**18.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**18.50** The Late Late Show with James Corden
**19.35** Ný sýn - Stefán Karl Stefánsson
**20.10** Solsidan
**20.30** Who Is America?
**21.00** Quantum of Solace
**22.45** Thunderball
**01.35** The Late Late Show with James Corden
**02.15** Scandal
**03.00** Agents of S.H.I.E.L.D.
**03.50** Rosewood
**04.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


20 -50%
afsláttur
VERKFÆRA-
DAGAR
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
20%
afsláttur
Snickers
WORKWEAR
TOE GUARD
SOLID GEAR
COFRA
BORN TO WORK
20%
afsláttur
Öryggisskór
MARKAÐS-
DAGAR
Komdu og gramsaðu!
AUKA 30% afsláttur*
*reiknast á kassa
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Jason segir að það sé vægt til orða tekið erfiðara að eiga stofu heldur en að vinna á stofu en er feginn að hafa getað haldið straumi á búllunni í heilt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hefur haldið sjoppunni opinni í eitt ár

**Jason Thompson** er eigandi húðflúrstofunnar Black Kross sem verður eins árs næstkomandi laugardag. Jason flutti til landsins árið 2006 frá Bandaríkjunum en þar hafði hann misst allt sitt í fellibylnum Katrínu.

Húðflúrstofan Black Kross verður eins árs á laugardaginn næstkomandi en eigandi hennar er Bandaríkjamaðurinn Jason Thompson. Hann missti allt sitt í fellibyl og endaði á Íslandi í kjölfar The Icelandic Tattoo Convention.

„Ég flutti hingað til lands árið 2006 og hef síðan verið að flúra á alls konar stofum um allan bæ. Ég byrjaði fyrst í bransanum í kringum árið 1999 þannig að mér fannst vera kominn tími til að opna mína eigin stofu. Á laugardaginn verður komið eitt ár síðan – sem er alveg geggjað, því ég hef náð að hafa ljósin kveikt og borgað leiguna – þannig að ég myndi segja að ég væri alveg að massa þetta!“ segir Jason en þetta er fyrsta stofan í hans eigu, en hann segir að það sé allt, allt annar heimur að reka eigin stofu en að vinna á stofu hjá öðrum.

„Góður guð! Ég hef aldrei verið svona fátækur í lífinu eins og núna eftir að ég opnaði mína eigin stofu. Ég meina, ég sé peningana koma inn en þeir fara ekki í vasann minn,“ segir Jason og hlær.

„Jú, einmitt, ég er frá „The US of A“ og þú heyrir kannski frelsið í röddinni minni,“ segir Jason kíminn þegar blaðamaður spyr hann hvort hann sé ekki örugglega frá Bandaríkjunum. Hann bætir við að hann sé frá ríkinu Ohio, en það er mjög norðarlega í landinu og Jason segir að það sé allt sem hægt sé að segja um það fylki og sögu hans þar, en allir verði jú að vera frá einhverjum stað.

„Ég flutti til Íslands frá Louisiana, en þar bjó ég á ströndinni í góðu yfirlæti. Þegar fellibylurinn Katrína reið yfir þá missti ég ... fjandinn hafi það ... ég missti allt! Ef þú misstir allt gastu fengið frían tjaldvagn frá ríkisstjórninni – sem var geggjað! Í svona tvo tíma. Þangað til að ég áttaði mig: „Fjandinn! Ég bý í vagni úti á miðju engi,“ og það var svo sannarlega aldrei hluti af því sem ég vildi nokkru sinni gera í lífinu. Stuttu síðar var mér boðið til Íslands á ráðstefnuna og boðin vinna í kjölfarið – þar sem allt sem ég átti passaði í eina tösku var það ekki flókið mál fyrir mig.“





Rappararnir, vinir Jasons, sem koma fram á laugardaginn eru vel skreyttir flúrum frá honum. Jason segist líklega hafa krotað á hvern einasta rappara í Reykjavík. Hér má sjá Alexander Jarl og Röggu Hólm hljóta flúr frá Jason.

> RAUNAR HEF ÉG, AÐ ÉG ÖRUGGLEGA HELD, FLÚRAÐ HVERN EINASTA RAPPARA Í BORGINNI AÐ MINNSTA KOSTI EINU SINNI. ALLAVEGANA ÞÁ SEM ERU ORÐNIR ÁTJÁN ÁRA.

Jason segir að sér hafi strax þótt fínt að vera á Íslandi og auk þess hafi ekki verið neitt í gangi í Louisiana nema „skítugir bóndadurgar“ eins og hann orðar það.

Á laugardaginn verður haldin veisla til að halda upp á þetta ár sem Black Kross hefur verið opin og með ljósin kveikt. Þarna kemur fram hellingur af röppurum: Kilo, Ragga Hólm, Alexander Jarl og fleiri, auk plötusnúðanna Balatron og BLKPRTY.

„Ég er búinn að flúra þetta fólk í drasl og raunar hef ég, að ég örugglega held, flúrað hvern einasta rappara í borginni að minnsta kosti einu sinni. Allavega þá sem eru orðnir átján ára. Eða fokk, ég flúraði Aron Can þegar hann var ekki orðinn átján – ég þurfti að hringja í mömmu hans. Hann mætti með vinum sínum svo ég fékk hann til að koma með mér afsíðis og tilkynnti honum að ég vissi að hann væri ekki átján og sagði: „Gaur, ég þarf að hringja í mömmu þína.“ Hann var alveg rólegur yfir því samt.“

Veislan hefst klukkan 21 á laugardaginn og í boði eru léttar veitingar og afsláttur af flúri.

stefanthor@frettabladid.is



-Nýtt-
Doritos crunch wrap
Heit tortilla fyllt
með kjúklingi, heitri
nachos ostasósu, svörtum
Doritos-flögum, kældum
sýrðum rjóma, káli og
tómötum.
999 kr.
BOXMÁLTÍÐ:
Doritos Crunch Wrap,
Fiesta kartöflur, gos
og piparfyllt Appolo
súkkulaði.
1.599 kr.
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is
TACO BELL

# Álfrún kveður með viðtali við Rúrik

**Álfrún Pálsdóttir** ritstýrir síðasta blaðinu sínu sem ritstjóri Glamour sem kemur út í dag. Forsíðuviðtalið er við landsliðsmanninn Rúrik Gíslason sem fer um víðan völl en þetta er í fyrsta sinn sem karlmaður prýðir forsíðu Glamour.



Bak við tjöldin. Rúrik í förðunarstólnum með Álfrúnu sér við hlið. MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Landsliðsmaðurinn Rúrik Gíslason er á forsíðu Glamour sem kemur í búðir í dag. Þetta er í fyrsta sinn sem karlmaður prýðir forsíðu blaðsins en þetta er síðasta blað ritstjórans, Álfrúnar Pálsdóttur.

Álfrún fór til Þýskalands og hitti Rúrik en myndir og texti ættu að geta glatt ansi marga. Rúrik fer um víðan völl í viðtalinu sem nær yfir 18 síður ríkulega skreytt myndum.

Meðal annars segist hann efast stórlega um að hann muni búa á Íslandi í framtíðinni, sjái sig jafnvel búa í Kaupmannahöfn, og tjáir sig að sjálfsögðu um Instagram-frægðina en hann hélt að það væri vírus í símanum sínum þegar hann sá fjöldann eftir fyrsta leik gegn Argentínu.

„Auðvitað er spes að fá 240 þúsund nýja fylgjendur á einum degi. Með því að fá svona marga fylgjendur þá hættir maður eiginlega að hafa einhverja yfirsýn yfir þennan miðil. Sem er smá leiðinlegt því kannski byrjar einhver að fylgja mér sem mig langar til að fylgjast með á móti, eða sendir mér skilaboð sem ég væri til í að svara, en það er engin leið fyrir mig að sjá það,“ segir hann meðal annars og bætir við: „Mig langar að svara öllum sem senda mér falleg skilaboð, það er bara partur af minni persónu. En það er engin leið að fylgjast með þessu, og það getur auðveldlega misskilist þannig að ég sé hrokafullur og nenni ekki að svara. Það finnst mér leiðinlegt.“

Samfélagsmiðillinn Instagram hefur opnað alls konar dyr fyrir Rúrik sem hreinlega veður í tilboðum en er ekki á því að stökkva




Glamour skartar karlmanni á forsíðunni í fyrsta sinn.



Rúrik ásamt móður sinni sem hann talar fallega um í viðtalinu. NORDICPHOTOS/GETTY

á hvaða tilboð sem er. „Ég hef fengið mikið af fáránlegum tilboðum í gegnum tíðina. Durex-auglýsingu í Tel Avív, til dæmis. Maður þarf að vanda valið á hvaða fyrirtækjum maður vill vinna með og hvert maður stefnir með þetta allt saman. Núna er samt fókusinn á fótboltanum, ekki á þessu. Ég ætla bara að halda áfram að gera þetta, Instagram, eins og ég hef verið að gera þetta. Vera ég sjálfur á þessum miðli, annars er fólk fljótt farið að sjá í gegnum þetta,“ segir Rúrik.

Myndirnar, sem Baldur Kristjánsson tekur, munu væntanlega gleðja marga en Rúrik þykir hafa fengið fimm rétta í genalottóinu. Meðal annars er heil opna af kauða að rífa sig úr peysunni með stinna magavöðvana að vopni.

benediktboas@frettabladid.is


## LJÓS OG LAMPAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ljós og lampa kemur út 21. september nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

*Fjarðarkaup og Góa kynna með stolti*

# Jólagestir Björgvins 2018

21. OG 22. DESEMBER Í HÖRPU



## MIÐASALA HEFST

# Í DAG KL. 12!

**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · DAÐI FREYR · DAGUR SIGURÐSSON · FRIÐRIK DÓR**
**GISSUR PÁLL · GLOWIE · JÓHANNA GUÐRÚN · SELMA BJÖRNSDÓTTIR · SVALA**
OG SÍÐAST EN EKKI SÍST **JÓLASTJARNAN 2018**

STÓRSVEIT JÓLAGESTA UNDIR STJÓRN ÞÓRIS BALDURSSONAR · STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR · REYKJAVÍK GOSPEL COMPANY UNDIR STJÓRN ÓSKARS EINARSSONAR
KARLAKÓRINN ÞRESTIR UNDIR STJÓRN ÁSTVALDS TRAUSTASONAR · BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA UNDIR STJÓRN ÁLFHEIÐAR BJÖRGVINSDÓTTUR DANSARAR ÚR DANSSKÓLA SIGURÐAR HÁKONARSONAR
HANDRIT BJÖRN G. BJÖRNSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON

Góa Stofnað 1968 · FK FJARÐARKAUP

Miðasala fer fram á harpa.is/jolagestir og í síma 528 5050
Nánar á senalive.is/jolagestir og jolagestir.is Jolagestir

sena LIVE!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Helga Vífils Júlíussonar




## Viðvörunarljós kvikna

Nú horfast margir í augu við þá einföldu staðreynd að stór flugfélög, rétt eins og öll önnur fyrirtæki, geta farið á hausinn. Það er ekki á vísan að róa í rekstri fyrirtækja og ferðaþjónustan er sérstaklega hvikul – jafnvel þó að um stutt skeið hafi allt gengið eins og í sögu.

Blessunarlega er ólíklegt að ríkið muni koma flugfélögum til bjargar með fulla vasa fjár ef illa fer. Embættismenn eru ekki vel til þess fallnir að ákveða hverjir fá að lifa og hverjir deyja. Kröfuhafar verða að glíma við afleiðingarnar og bjarga því sem bjargað verður.

Það er hins vegar ekki hægt að líta fram hjá því að ríkið hefur fjárfest ríkulega í ferðaþjónustu og því ættu viðvörunarbjöllur að klingja á meðal landsmanna. Ríkið á nefnilega eitt og óstutt Flugstöð Leifs Eiríkssonar, heimsþekktan viðkomustað ferðamanna. Forsvarsmenn flugstöðvarinnar hafa í hyggju að ráðast í viðamiklar fjárfestingar á næstu árum til að mæta vaxandi umsvifum. Um er að ræða 30 milljarða á næstu þremur árum og samanlagt 115-125 milljarða króna fram til ársins 2025. Það er að sjálfsögðu viðbót við fjármagnið sem þegar er búið að leggja í flugvöllinn.

Það er mikilvægt að fjárfesta myndarlega í flugvellinum enda hefur ferðaþjónustan tekið stakkaskiptum á skömmum tíma. Það er hins vegar brýnt að ríkið selji flugstöðina. Það liggur í augum uppi að ríkið á ekki að verja fjármagni í áhættusaman rekstur á borð við Keflavíkurflugvöll. Takmarkaðir fjármunir ríkisins myndu nýtast mun betur fyrir vikið. Ekki veitir af.





Sóma salat & Sóma hummus
GERIR KRAFTAVERK
FYRIR DAGLEGT BRAUÐ
FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO




OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

